



RANGÁRÞING YTRA

AÐALSKIPULAG 2016-2028

Forsendur og umhverfisskýrsla



TIL KYNNINGAR

1. desember 2017

RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulag 2016-2028

Gísli Gíslason

Ásgeir Jónsson

Ingibjörg Sveinsdóttir

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Mynd á forsíðu er frá réttardegi í Áfangagili.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	2
1.1	Gildandi skipulag	2
1.2	Efnistöð	2
2	STAÐHÆTTIR	2
2.1	Sveitarfélagið	3
2.2	Jarðfræði	3
2.3	Grunnvatn og lindasvæði	5
2.4	Gróðurfar, landgræðsla og skógrækt	5
2.5	Veður	7
2.6	Dýralíf	7
2.7	Náttúruvá	8
2.7.1	Jarðskjálftar	8
2.7.2	Eldvirkni	9
2.7.3	Aðrar náttúruhamfarir	11
2.8	Hlunnindi	11
2.8.1	Hagnýt jarðefni	11
2.8.2	Veiði	11
2.9	Náttúruminjar	12
2.10	Þjóðlendur	13
3	ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ	14
3.1	Mannfjöldapróun, aldursdreifing og íbúaspár	14
3.2	Atvinnumál	15
3.3	Ferðaþjónusta	17
3.4	Opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga	19
3.5	Skógrækt og landgræðsla	21
4	UMHVERFISSKÝRSLA	21
4.1	Tengsl við aðrar áætlanir	21
4.2	Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir í aðalskipulagstillögunni	25
4.3	Aðferðafræði umhverfismats	25
4.3.1	Vægi umhverfisáhrifa	26
4.3.2	Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið	26
4.3.3	Valkostir og vinsun áhrifa	27
4.4	Mat á umhverfispáttum	28
4.4.1	Byggð í dreifbýli	28
4.4.2	Frístundabyggð	31
4.4.3	Landbúnaðarsvæði	32
4.4.4	Skógræktar- og landgræðslusvæði	33
4.4.5	Ferðaþjónusta	33
4.4.6	Stakar framkvæmdir	41
4.4.7	Iðnaðarsvæði	43
4.4.8	Samgöngur	44
4.4.9	Verndarsvæði	51
4.5	Þéttbýli	55
4.5.1	Þykkvibær – elsta sveitaþorp á Íslandi	56
4.5.2	Lundarsvæðið – stofnana- og íbúðarsvæði	56
4.5.3	Skóla – og íþróttasvæði	58

4.5.4	Miðsvæði - miðbær.....	59
4.5.5	Samgöngur.....	61
4.5.6	Þéttbýlismörk.....	65
5	HEIMILDIR	66

1 INNGANGUR

Sveitarfélögin Djúparhreppur, Holta- og Landsveit og Rangárvallahreppur sameinuðust árið 2002 og er þetta annað sameiginlega aðalskipulagið sem unnið er en það tekur yfir allt land sveitarfélagsins, alls tæplega 320 km². Rangárþing ytra liggur að Þjórsá, norðan og sunnan við Ásahrepp, og Eystri-Rangár/Hólsár og í sjó fram.

Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður og ferðaþjónusta en ferðaþjónustan er, líkt og víðar, ört vaxandi atvinnugrein. Landslag í Rangárþingi ytra er fremur flatt en þó setja holt og ásar svip á ofanverða sveitina. Láglandið er grösugt og víða vel fallið til landbúnaðar en ræktunarskilyrði eru misgóð einkum vegna þess hversu sendin jörðin er.

Í þessu skjali er fjallað um helstu forsendur sem liggja að baki stefnumörkunar í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Einnig er fjallað um hugsanleg umhverfisáhrif af stefnunni og bornir saman mismunandi kostir.

Aðalskipulaginu er ætlað að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnu- og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

1.1 GILDANDI SKIPULAG

Í gildi er aðalskipulag fyrir sveitarfélagið sem samþykkt var í febrúar 2011, Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 – 2022. Gerðar hafa verið þó nokkrar breytingar á skipulagsáætluninni. Í dreifbýlinu snúast þær flestar um að landbúnaðarsvæði var breytt í frístundasvæði eða svæði fyrir verslun- og þjónustu þar sem fyrirhugað er að byggja upp ferðaþjónustu. Þá var bætt inn nokkrum efnistökusvæðum. Á Hellu var opnu svæði til sérstakra nota breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem áætluð er uppbygging í tengslum við ferðaþjónustu.

Í samvinnu við Rangárþing eystra og Skaftárhrepp var unnið Rammaskipulag fyrir Suðurhálandið (2014) en það tekur til stefnumörkunar sveitarfélaganna á sviði ferðaþjónustu og samgangna. Rammaskipulagið er lagt til grundvallar við endurskoðun aðalskipulags.

1.2 EFNISTÖK

Fjallað er um staðhætti í sveitarfélaginu (kafla 2) s.s. veðurfar, náttúrufar, dýralíf, grunnvatn og lindahsvæði. Einnig er fjallað um náttúruvá (kafla 2.7) en Rangárþing ytra er á jarðskjálftasvæði og einnig er hluti sveitarinnar á flóðasvæði ef Markarfljót flæðir yfir bakka sína t.d. við gos í Eyjafjallajökli eða Kötlú. Sömu leiðis er minnst á hlunnindi (kafla 2.8).

Í kafla 3 er tekið saman yfirlit yfir íbúapróun, fjölda búfjár o.fl. Þá er opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga stór þáttur í öllum samfélögum ásamt atvinnumálum en mjög erfitt er að nálgast opinberar upplýsingar um atvinnuþátttöku, skiptingu eftir atvinnugreinum o.fl. grundvallar upplýsingar.

Umhverfisáhrifum af stefnu aðalskipulagsins eru gerð skil í kafla 4 og greint frá tengslum við helstu áætlanir og bornir saman mismunandi valkostir fyrir þá stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu, eftir því sem við á.

2 STAÐHÆTTIR

Fjallað er um helstu þætti í náttúrufari í vesturhluta Rangárvallasýslu, vestan Eystri-Rangár. Megináhersla er lögð á láglandi og þá þætti sem snerta byggð og búsetuskilyrði á svæðinu. Einnig er gefið yfirlit yfir náttúrverndarsvæði í landshlutanum.

Varðandi náttúrufar svæðisins var stuðst við vinnu úr eldri greinargerðum þar sem ýmsir aðilar unnu yfirlit yfir mismunandi þætti náttúrufars innan marka sveitarfélagsins. Árni Hjartarson hjá Orkustofnun tók saman yfirlit um jarðfræði og skýrsluna; *Vænlegar vatnsbólalindir í Holta- og Landsveit og í Rangárvallahreppi*. Einar Ó. Þorleifsson og Jóhann Óli Hilmarsson tóku saman greinargerð; *Náttúruverndar-*

staðir á láglandi Rangárvallasýslu vestan Rangár. Þá tók Jón Gauti Jónsson landfræðingur saman yfirlit um náttúrufræðisvæðisins.

2.1 SVEITARFÉLAGIÐ

Sveitarfélagið Rangárþing ytra varð til árið 2002 við sameiningu fjögurra hreppa, Holtahrepps, Landmannahrepps, Djúparhrepps og Rangárvallahrepps. Sveitarfélagið liggur að sjó milli Þjórsár og Hólsár. Sveitarfélagamörkin vestan til liggja frá sjó, fylgja Þjórsá norður fyrir Háfshverfi en fylgja svo mörkum við Ásahrepp aftur í Þjórsá sunnan við Kamb, fylgja svo Þjórsá og síðar Tungnaá að mörkum Landmannaafréttar. Fylgja svo mörkum Landmannaafréttar norður og austur fyrir Veiðivötn og niður Tungnaá að mörkum Rangárvallaafréttar. Fylgja þar afréttarmörkum um Torfajökul, Mýrdalsjökul, Tindföll og Þríhyrning niður í Fiská norðan Vatnsdals. Fylgir síðan Fiská og síðar Rangá eystri. Fylgir mörkum við Rangárþing eystra sunnan Þverár að Hólsá og fylgir henni að sjó. Landmannaafréttur og Rangárvallaafréttur eru innan sveitarfélags. Þá er Holtamannaafréttur í sameign Rangárþings ytra og Ásahrepps en stjórnýsla á afréttinum heyrir undir Ásahrepp. Rangárþing ytra liggur að Flóahreppi, Ásahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi í vestri og Rangárþingi eystra og Skaftárhreppi í austri. Þéttbýli er á Hellu og í Þykkvabæ. Rangárþing ytra er mikið landbúnaðarhérað.

2.2 JARÐFRÆÐI

Megin jarðmyndunum í vestanverðri Rangárvallasýslu má skipta í fjóra hluta:

Jarðmyndanir	Aldur, ár	Jarðsögutími
Hreppamyndun	800.000 – 3.000.000	Árpleistósen – Plíósen
Hlýskeiðshraun	100.000 – 800.000	Síðpleistósen
Setlög frá síðjökultíma	9000 – 15.000	Hólósen – Síðpleistósen
Nútímahraun	< 9000	Hólósen

Hreppamyndunin hefur að grunni til 5-10° jarðlagahalla til norðurs. Ofan á henni hvíla hallalausar yngri myndanir. Hreppamyndunin er kennd við Gnúpverja- og Hrunamannahrepp í Árnessýslu en hún teygir sig austur fyrir Þjórsá og kemur fram í holtunum við ána frá Urriðafossi að Búðafossi, svo og í Skarðsfjalli. Elsti sýnilegi hluti hennar er við Kálfholt og er 3 milljón ára. Yngstu lögin eru í norðurenda Skarðsfjalls en þau eru um 2,5 milljón ára. Í Hreppamynduninni skiptast á hraunlög og setlög frá hlýskeiðum ísaldar og móberg og jökulberg frá kuldaskaiðum.

Hlýskeiðshraunin svokölluðu eru miklu yngri en hraunlög Hreppamyndunarinnar. Þau setja mikinn svip á land í Holta- og Landsveit og teygja sig allt suður að Hrutvatni í Ásahreppi og að Ægissíðufossi í Ytri-Rangá. Líklegt er að þau liggi einnig undir söndum Rangárvalla. Þetta eru dyngjuhraun en óvíst er hvaðan þau eru runnin. Þau eru ung, e.t.v. frá síðasta eða næstsíðasta hlýskeiði ísaldar og þá ekki nema 100 – 200 þúsund ára. (Kristján Sæmundsson 1970).

Setlög frá síðjökultíma hlóðust upp fyrir samspil jökla, fallvatna, sjávar og vinda í ísaldarlok. Þau eru að langmestum hluta til mynduð á tímabilinu frá því ísaldarjökullinn fór fyrst að hörfa af svæðinu og til þess tíma er Þjórsárhraunið brann. Þetta gæti hafa staðið í um 6000 ár eða frá því fyrir um 15000 árum og þar til fyrir 8700 árum. Setlögin eru af ýmsum gerðum svo sem jökulurð, sjávarset, straumvatnaset og foksandur.

Hin svokallaða Búðaröð liggur þvert um svæðið frá Búðafossi í Þjórsá, suður yfir Holt og yfir Ytri-Rangá við Snjallsteinshöfða og Geldingalæk og þaðan þvert yfir Rangárvelli um Gunnarsholt og yfir Eystri-Rangá norður af Stokkalæk. Þetta er margföld röð jökulgarða sem mynduðust, a.m.k. að hluta til, við síðustu umtalsverðu framrás Suðurlandsjökulsins í ísaldarlok. Meginefni garðanna er fíngerður sandur og méla. Malarlög og linsur eru þó víða innan um sem og stærra grjót. Vötn sem flæddu undan jöklinum mynduðu Rangárvelli en þeir eru að uppruna fornir jökulársandar. Þegar þeirri upphleðslu lauk fyrir um 10.000 árum, varð gifurlegt jökulhlaup í Þjórsá og þykkt lög af seti og gosösku settust til á

láglandinu við ána. Í kjölfarið hófst mikið sandblástursskeið á Miðsuðurlandi þar sem vindurinn blés á rokgjörnum sandauðnum. Ummerki um það sjást víða á svæðinu þar sem gríðarmiklir sandskaflar og foksandslög hafa runnið saman í mjúkan gjóskuríkan sandstein sem nú er hulin jarðvegi og gróðri. Manngerðir hellar hafa verið grafnir í sandsteininn á fjölmörgum stöðum á Suðurlandi og þeir stærstu og fegurstu eru á Hellum undir Skarðsfjalli.



Mynd 1. Þjórsárhraunið er nútímahraun.

Nútímahraun. Þjórsárhraunið mikla, sem rann fyrir um 8600 árum breytti mjög jarðsögu Suðurlands, m.a. lokaði það á uppsprettur sandfoksins.

Þetta hraun er hið stærsta sem brunnið hefur hér á landi bæði að flatarmáli og rúmmáli. Það er jafnframt talið stærsta hraun sem komið hefur upp í einu gosi á jörðinni síðan ísöld lauk. Það kom upp á Veiðivatnasvæðinu en ekki er vitað nákvæmlega hvar, þar sem eldvörpin eru nú að mestu eða öllu leyti grafnir í yngri myndanir. Hraunið flæddi niður með farvegi Tungnaár og síðan Þjórsár og þegar niður fyrir Búrfell kom breiddi það úr sér og hildi mest allt undirlendi Landsveitar. Það umlukti Skarðsfjall, flæddi yfir í Gnúpverjahrepp, rann um farvegi Þjórsár og Kálfár gegnum Búðagarðinn og kaffærði Skeið og Flóa. Meðalþykkt hraunsins er um 25 m í Landsveit.

Hekla, drottning íslenskra eldfjalla, er ógnvaldur en um leið stolt þeirra byggðarlaga sem hér um ræðir og rís fjalla hæst við sjóndeildarhring. Hekla er megineldstöð sem hefur verið virk síðan síðla á ísöld. Í fyrstu hlóðust einkum upp móbergshryggir sem nú mynda undirstöður Heklu sjálfar, svo sem Norður- og Suðurbjallar, Litla-Hekla, Bjólfell, Selsunds fjall o.fl. Jöklar ísaldar hurfu af Heklusvæðinu fyrir um 10.000 árum. Á fyrstu árþúsundunum þar á eftir urðu allmörg basaltgos á þessum slóðum og teygja basalhraunin sig frá fjallsrótum Heklu og niður um Rangárvelli. Hraunbreiðurnar inn af Gunnarsholti eru hluti af þeim. Víkingslækjarhraun rann lengst þessara hrauna. Það komst að Búðaröðinni við Gunnarsholt og sveigði síðan vestur með henni og náði allt að Ytri-Rangá við Geldingalæk. Önnur stór hraun frá þessum tíma eru Krókahraun og Keldnahraun eða Knafahólhraun við Heklubraut og norður af Keldum.

Saga Heklu eins og við þekkjum hana í dag hófst fyrir um 7000 árum. Í rótum hennar hafði þá myndast kvikuhólf sem leiddi til þess að hún fór að gjósa súrum og ísúrum gosefnum einkum líparíti og andesíti. Saga þessa tímabils er best þekkt af vitnisburði öskulaga í jarðvegi, en miklu minna er vitað um hraunrennsli frá henni. Þessi öskulög finnast um allt land þó þau séu þykkust í næsta nágrenni Heklu. Ríkjandi suðlægar áttir hafa valdið því að mun fleiri Heklulög finnast norðanlands en á Suðurlandsundirlendinu. Útbreiddustu og auðþekktanlegustu Heklulögin eru ljós líparítlög en Hekla hefur einnig gosið dökkum vikri og ösku úr andesíti og basalti.

Mesta gos sem orðið hefur í Heklu (H3) varð fyrir um 2900 árum. Gosmökkinn lagði einkum til norðurs og norðausturs og lagðist sem ljóst teppi yfir um 80% af flatarmáli landsins. Í grennd við fjallið eru vikurlögin frá þessu gosi allt að 6 m þykk. Vikurnámurnar við Ytri-Rangá og austan undir Búrfelli eru frá þessum tíma. Talið er að Hekla hafi gosið yfir 20 sinnum frá því land byggðist og hafa sum gosanna haft veruleg áhrif á byggð og búsetu í nágrenni fjallsins. Hekla gaus árið 1991 og 2000 og voru þau gos lítil og höfðu fremur lítil áhrif á gróður, dýralíf og mannlíf.

Jarðskjálftasprungur er víða að finna á svæðinu. Þær tengjast þverbrotabelti sem sker Suðurland frá austri til vesturs. Sprungusvæðin hafa nú verið kortlögð og koma þá í ljós ákveðin sprungukerfi sem virðast tengjast misgengjum í jarðskorpunni undir niðri (sjá kafla Jarðskjálftar). Jarðskjálftasprungur hafa mikil áhrif á vatnafar, bæði heit og köld grunnvatnskerfi. Þetta á t.d. við um vatnsbólalindir í Holtum, s.s. Götuveitu og Bjálmholtsveitu. Þá eru öll helstu jarðhitasvæði á Suðurlandi talin vera í beinum eða óbeinum tengslum við jarðskjálftasprungur. Fyrir vikið eru grunnvatnskerfin viðkvæm fyrir yfirborðsáhrifum. Í stórum jarðskjálftum getur vatnsmagn lenda aukist eða minnkað eftir atvikum og jarðhiti horfið eða birst á yfirborði.

2.3 GRUNNVATN OG LINDASVÆÐI

Haustið 2000 tók Orkustofnun saman skýrslu um lindir og lindasvæði í Holta- og Landsveit sem og í Rangárvallahreppi í þeim tilgangi að skilgreina möguleg vatnsbólssvæði til framtíðarnota fyrir sveit- arfélög í vestanverðu Rangárþingi. Helstu niðurstöður eru þær að víða í Landsveit og um efri hluta Rangárvalla er gnægð lindavatns af góðum gæðum og ættað af hraunasvæðum ofarlega í Landsveit. Hugsanleg framtíðarvatnsból eru talin í lindum við jaðar Merkurhrauns og Flatahrauns, einnig við jaðar Þjórsárhrauns á svæðinu frá Lækjarbotnum og að Kerauga. Jafnframt var bent á lindir Geldingalækjar sem ákjósanlegt viðbótarvatnsból fyrir Hellu og byggð austan Ytri-Rangár. Aðrar lindir eru: Vatnagarðslækur og Tjarnarlækur við Flatahraun, Tvíbytnulæk, Kerauga, Geldingalæk, efstu lindasvæði Hróarslækjar og Stokkalækjar við Kirkjuhól, er alls staðar gott vatn í nægu magni, þó líklega best í Vatnagarðslæk og Stokkalæk. Þar er einnig lítil mengunarhætta og auðvelt aðgengi.

ISOR hefur gert nánari athugun og rannsóknir á nokkrum lindasvæðum með tillit til nýtingar. Niðurstaða þeirra rannsókna er að afmarka þarf vatnsverndarsvæði fyrir vatnsból sem kennt er við Krappa í Rangárþingi eystra. Einnig er talið óhætt að minnka vatnsverndarsvæði ofan við Keldur og leggja af nokkur fyrirhuguð vatnsból sem þar voru því til staðar eru önnur betri með nægjanlegu vatnsmagni (Árni Hjartarson, 2012, 2016b). Þá hafa verið gerðar rannsóknir á aðrennslissvæði við Kerauga og Tvíbytnulæk. Aðrennslis grunnvatns til þessara linda er skv. ferliefnaprófunum milli suðurs og suðsuðvesturs en áður var talið að það væri nálægt suðvestri. Lindirnar eru viðkvæmar fyrir mengun og grannsvæðið er þröngt. Grannsvæðið virðist tæplega nógu stórt til til að tryggja tilskilda síun grunnvatnsins sem um það streymir og er Kerauga á mörkum þess að standast kröfur sem framtíðarvatnsból. Í skýrslunni er lögð til breytt afmörkun á grannsvæði þessara vatnsbóla og einnig lögð til afmörkun á fjarsvæði sem ekki hefur verið afmarkað á uppdrætti. (Árni Hjartarson, 2016a).



Mynd 2. Vatnslind.

2.4 GRÓÐURFAR, LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT

Í Rangárvallasýslu eru miklar andstæður í gróðurfari. Láglandið er víðast hvar vel gróið þrátt fyrir mikinn ágang sands á ofanverðri 19. öld, einkum á Rangárvöllum og í Landsveit. Ágangur sands stefndi byggðinni víða í hættu. Afréttirnir eru hins vegar eitt gróðursnauðasta svæði landsins.

Það var vel við hæfi að velja höfuðstöðvum Landgræðslu ríkisins (þá Sandgræðslu ríkisins) stað í Gunnarsholti á Rangárvöllum, í einu mesta upplásturshéraði landsins. Gróðureyðing náði hámarki á síðari hluta 19. aldar þegar sandfok eyddi gróðri af þúsundum hektara í Rangárvallasýslu eftir mikið kuldaskið sem staðið hafði frá því um 1860. Þótti jafnvel horfa til þess að sandfokið myndi leggja Landsveit og Rangárvelli að mestu í eyði ef ekkert yrði að gert. Þannig er t.d. talið að á svæðinu, sem nú er innan landsvæðis Gunnarsholts hafi fyrir rúmum tveimur öldum verið allt að 17 býli sem öll fóru í eyði af völdum sandfoks. Landgræðslusvæði eru eftirtalin:

Nafn svæðis	Hektarar	Nafn svæðis	Hektarar
Árskógar	20.782	Landmannaafréttur	171
Bjalli / Efra og Neðra Sel	89	Landskógar	2.063
Bolholt	2.532	Langibakki	3
Gunnarsholt o.fl. jarðir	8.694	Mörk	3.186
Haukadalur	38	Næfurholt	57
Hraunteigur	123	Rangárvallafréttur	1.874
Hrólfssstaðahellir	146	Skarfanes	965
Húsagarður	133	Stóri-Klofi	1.146

Keldnabraun	4.074	Svínhagi	25
Kot	1.550	Tjörvastaðir	402

Tafla 1. Friðuð landgræðslusvæði í Rangárþingi ytra. (Heimild: Landgræðsla ríkisins).

Frá stofnun Landgræðsla ríkisins árið 1907 hefur meira verið unnið að friðun og uppgræðslu í Rangárþingi en í nokkurri annarri sýslu og árangur víða verið góður, þó enn séu sandfokssvæði. Tafla 1 gefur yfirlit yfir þau svæði sem nú eru friðuð ásamt upplýsingum um stærð svæða.

Landgræðslan stendur að verkefni sem kallast „Bændur græða landið“ og miðar að því að bændur stundi uppgræðslu á sínum jörðum. Nokkur fjöldi bænda í Rangárþingi ytra er þátttakendur í þessu verkefni¹.

Allmargir aðilar eru komnir í skógræktarverkefnið Suðurlandsskóga á vegum Skógræktarinnar, annað hvort í skógrækt og/eða skjólbeltaræktun. Auk þess er Skógræktarfélag Rangæinga og aðrir einstaklingar með öflugt uppgræðslustarf.

Skógrækt er ákveðið stig uppgræðslu sem æ meira er horft til. Nú orðið fer stærstur hluti uppgræðslu, þ.e. landgræðslu og skógræktar, fram á landbúnaðarsvæðum eða á óbyggðum svæðum, m.a. á hálendinu. Tilgangur uppgræðslustarfs er fjölbreyttur, að bæta land til landbúnaðarframleiðslu, til útivistar, skjólmyndunar, binda kolefni í skógi/jarðvegi og til ánægju og afþreyingar.

Hekluskógar eru mikið uppgræðsluverkefni á um 90.000 ha svæði. Verkefnið hefur það að markmiði að græða upp örfoka land og stöðva þannig sandfok og klæða landið í skóg. Varðandi tegundaval er horft til þess skógar sem áður var á þessu svæði, m.a. Landskógar og Árskógar. Gróðursett verður birki, reyniviður og víðir í trjálundi sem síðar munu stuðla að sjálfsáningu tegunda á svæðinu. Aðilar að verkefninu eru bændur og aðrir landeigendur á Hekluskógasvæðinu, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, landgræðslu- og skógræktarfélög². Landsvirkjun og fleiri aðilar sem stundað hafa uppgræðslu á svæðinu á undanförunum áratugum.

Á skipulagsuppráttum eru sýnd samningsbundin friðuð svæði s.s. umráðasvæði Landgræðsla ríkisins, svæði sem eru samningsbundin skógræktarverkefnum s.s. Suðurlandsskógum eða skilgreind til sérstakra nota á svið uppgræðslu.


Þrátt fyrir að ákveðin svæði séu dregin út og afmörkuð sem skógrækt og landgræðsla munu stór svæði innan landbúnaðarlands og óbyggðra svæða eftir sem áður nýtt til uppgræðslu og skógræktar samhliða annarri landnýtingu. Má þar nefna uppgræðslu vegna vistvænnar vottunar þar sem m.a. er unnið að uppgræðslu á afréttarsvæðum sveitarfélagsins samhliða sumararbeit sauðfjár. Bændur eru víða í uppgræðslu á sínum heimalöndum, hvort heldur sé í formlegum uppgræðslu verkefnum eða á eigin kostnað. Þá er víða plantað víði- og trjátegunum í margvíslegum tilgangi s.s. til skjólmyndunar, útivistar eða til ánægju.

¹ (Landgræðsla ríkisins, 2015).

² (Skógræktin, 2017).

2.5 VEÐUR

Veðurstofa Íslands rekur veðurstöðvar á Hellu (frá 1957) og Hæli í Gnúpverjahreppi (frá 1932). Á vindrósi fyrir Galtalæk og Hellu má sjá að norðaustlægar áttir eru ríkjandi, í Þykkvabæ eru bæði norðaustlægar og suðaustlægar áttir ríkjandi³ (Mynd 3). Hver geiri vindrósarinnar sýnir tíðni vindáttar úr þeirri átt og byggir á lofthjúpsreikningum en ekki mælingum. Eins og sjá má er norðaustanátt ríkjandi vindátt á öllum þessum stöðum og er töluleg stærð þess vindáttargeira birt í miðju vindrósarinnar⁴.



Mynd 3. Til vinstri er vindrósi austan við Hellu. Í miðri á Galtalæk og til hægri í Þykkvabæ. Heimild: Veðurstofan.

2.6 DÝRALÍF

Fuglar

Nokkuð fjölbreytt fuglalíf einkennir votlendissvæði í vestanverðri Rangárvallasýslu. Um 40 fuglategundir verpa á svæðinu og eru andfuglar og vaðfuglar mest áberandi. Á vorin nýta fuglar sér frjósöm lágland votlendissvæði til undirbúnings fyrir varp en jafnframt eru votlendissvæðin varpkjörlendi nokkurra tegunda.

Af vaðfuglum eru lóupræll, hrossagaukur, stelkur, óðinshani og jaðrakan algengastir varpfugla en heiðlóa, spói og jafnvel tjaldur nýta sér votlendin til fæðuöflunar. Andfuglar eru margir hverjir grasbítar sem lifa við vötn og blautar mýrar. Álf, gæs og buslendur sjást í hópum við Hrótsvatn, Frakkavatn, Rifshalakotsvatn, Austvaðsholt, Flagbjarnarholt, Oddaflóð og Lambhagavatn á vorin og haustin. Hluti þessara andfugla verpir víða á svæðinu og er Lambhagavatn einn helsti varpstaðurinn.



Mynd 4. Rjúpa.

Aðrir dvelja skemur við á vorin, t.d. heldur blesgæs áfram ferð sinni til Grænlands og heiðagæsin heldur upp á hálendið ásamt hluta álfanna. Stökkönd, urtönd og rauðhöfðaönd eru algengastar buslanda og hin sjaldgæfa grafönd verpir við Lambhagavatn og e.t.v. við Oddhól. Gulönd er sjaldgæfur varpfugl á Suðurlandi en sést á sumrin á ám og lækjum við Heklurætur, á Hróarslæk og Skarðslæk. Toppönd og straumönd sjást á svipuðum slóðum en straumöndin er algengust á Eystri- Rangá. Skúfönd verpir við nokkrar tjarnir og vötn t.d. við Oddhól og grágæs verpir nokkuð víða. Tvö til þrjú flórgoðapör verpa við Stúfholtstjörn og brandugla verpir í mýrlendum umhverfis Frakkavatn. Báðar þessar fugl-

³ (Veðurstofa Íslands, 2015).

⁴ (Veðurstofa Íslands, 2015b).

ategundir eiga höfuðstöðvar sínar á Suðurlandsundirlendinu í Holta- og Landsveit. Talið er að flestum tegundanna, sem hér hafa verið nefndar, hafi fækkað í kjölfar framræslu mýrlendis á Suðurlandi upp úr 1940 og urðu óðinshani og flórgoði líklega verst úti. Þá hefur keldusvín sem fyrrum verpti á svæðinu látið sig hverfa með öllu.

Af öðrum votlendistegundum má nefna svartbak, sílamáf og kríu sem verpa m.a. víða með Þjórsá. Hettumáfur finnst m.a. við Austvaðsholt og lómur við Hrutsvatn. Í mólendi eru þúfutittlingur, spói og heiðlóa algengustu tegundirnar en rjúpa verpir þar einnig. Á melum og öðrum lítt grónum svæðum verpa sandlóa, tjaldur og jafnvel kjói. Við Oddhól er rakt sandlendi þar sem óvenju mikið er af lóuþræl og spóa auk sandlóu, heiðlóu og kjóa. Slíkt sandlendi, og fuglalífið sem það elur, er talið nokkuð einkennandi fyrir Rangárvallasýslu og ber að gefa gaum við ráðstöfun lands.

Spendýr

Villt spendýr innan svæðisins eru eins og víðast er; mýs, minkur og refur. Greni á Rangárvöllum voru kortlögð af Sigurði Ásgeirssyni fyrir og um síðustu aldamót. Almennt er talið að ref hafi fjölgað mikið síðustu ár og sækir refurinn af þeim sökum langt niður í byggðina, allt niður að sjó. Sérfræðingar taka undir þá skoðun að ref hafi fjölgað mikið á sunnan og vestanverðu landinu en ekki er til tölfræði sem sýnir fram á þessa fjölgun. Veiðitölur eru nokkuð sveiflukenndar milli ára en geta þó gefið ákveðna vísbendingu.

2.7 NÁTTÚRUVÁ

Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er náttúruvá skilgreind sem „svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“.

Rangárþing ytra er á Suðurlandskjálftabeltinu og því er þar jarðskjálftahætta, hraun hafa runnið víða um sveitarfélagið og gígar, stapar og dyngjur eru merki um eldvirkni fyrr á tímum. Þá flæðir Hvítá af og til yfir bakka sína og hefur Veðurstofa Íslands kortlagt útbreiðslu flóða árin 1968, 1981 og 2006. Eru þau svæði sem flóðin náðu yfir skilgreind sem hættusvæði.

Ljóst er að skipulagssvæðið er í hæsta áhættuflokki hvað snertir jarðskjálfta en stórskjálftar hafa riðið yfir Suðurlandsbeltið á 50-100 ára fresti. Einnig er Hekla í næsta nágrenni en gos í henni hafa einkum í för með sér öskufall. Þá er flóðahætta í hluta sveitarfélagsins vegna flóða í Þjórsá annars vegar og Markarfljóti hins vegar.



Mynd 5. Hekla og Valafell.

Í grófum dráttum má skipta áhrifum náttúruhamfara í þrennt þ.e.a.s. félagsleg-, eðlislæg- og efnahagsleg áhrif. Hverjum þessara þátta hefur síðan verið skipt upp í bein áhrif og afleidd áhrif. Þá er ljóst að náttúruhamfarir geta hafa áhrif á mjög stórum svæðum t.d. þegar raforku-, fjarskipta- eða samgöngukerfi skemmast eða eyðileggjast. Það tjón sem einkum hlýst af jarðskjálftum vegna eðlislægra þátta er vegna sprungna á yfirborði, skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu (heitt og kalt vatn) og landsigs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara s.s. skriðufalla og flóða í ám.


2.7.1 Jarðskjálftar

Rangárþing liggur austast á virkasta jarðskjálftasvæði landsins. Þetta skjálftasvæði er hluti af miklu umbrotabelti, sem liggur í gegnum allt landið frá Reykjanestá og norður í Öxarfjörð. Beltið markar flekaskil milli tveggja af stærstu jarðskorpuflekum jarðarinnar. Rek þessara fleka veldur skjálftavirkni þar sem syðri hluti Suðurlandsundirlendisins fylgir Evrasíuflekanum á austurleið sinni meðan norðurhluti þess fylgir Norður-Ameríkuflekanum til vesturs. Vegna þessara hreyfinga safnast fyrir spennan í jarðskorpunni sem að lokum leiðir til þess að hún brestur og hrekkur til. Stærstir verða skjálftarnir á

belti sem liggur eftir Reykjanesskaganum, um Ölfus og austur í hátt að Heklu. „Breidd svæðisins er um 8-10 km og lengd þess um 70 km. Samkvæmt sögunni hafa jarðskjálftar sem náð hafa allt að 7,1 að stærð oft valdið miklu tjóni á svæðinu. Plötuhræfingarnar eru með þeim hætti að svæðið norðan við beltið færast til vesturs. Við þessa færslu bognar nokkurra tuga kílómetra breytt svæði og spennuorka byggist upp í því. Þessi orka leysist út í mörgum skjálftum sem eru með brotaplön þvert á meginrek-hreyfinguna. Einstaka skjálftar leysast úr læðingi með sniðgengishreyfingu á brotaplönnum sem liggja frá norðri til suðurs, þvert á AV beltið. Upphlaðin spenna á beltinu í heild leysist þannig úr læðingi í mörgum skjálftum á NS sprungum, frá austri til vesturs eftir beltinu“⁵.

Það tjón sem einkum hlýst af jarðskjálftum vegna eðlislægra þátta er vegna sprungna á yfirborði, skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu og landsigs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara, s.s. skriðufalla og flóða í ám.

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í sex hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina 0,5g, en það er 50% af þyngdarhröðuninni. Við hönnun mannvirkja þarf að taka mið af hönnunarhröðun innan hvers svæðis. Veruleg sveiflumögnun getur orðið á hraunlögum ofan á setlögum samanborið við jarðskjálftaáhrif á klöpp. Víða á Suðurlandsundirlendinu háttar þannig til og því ástæða til að sýna sérstaka aðgát við hönnun mikilvægra mannvirkja.



Mynd 6. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma (Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson, 2002, 2009).

Suðurlandskjálftarnir 17. og 21. júní árið 2000 léttu á uppsafnaðri spennu og í skýrslu sem unnin var í kjölfar þeirra áætla þeir Ragnar Stefánsson, Gunnar Guðmundsson og Páll Halldórsson að við skjálftana hafi losnað um fjórðungur þeirrar spennu sem þar hafði byggst upp. Skjálftinn í maí 2008 sem varð í Ölfusi er á vesturhluta svæðisins og hafði lítil áhrif á austurhlutann.

2.7.2 Eldvirkni

Hekla er helsti ógnvaldur byggðarlaga í vestanverðri Rangárvallasýslu. Hún er virk megineldstöð og hefur gosið 18 sinnum frá því land byggðist. Nokkur þessara gosa hafa haft áhrif á byggð og búsetu í nágrenni fjallsins. Þannig er líklegt að í fyrsta stóra gosinu árið 1104 hafi jarðir farið í eyði sem tilheyrðu Rangárvallahreppi og jafnvel Holta- og Landsveit þótt engar heimildir staðfesti það. Í gosinu 1389-90 fór kirkjustaðurinn í Skarði hinu eystra undir hraun svo og Tjaldastaðir og e.t.v. fleiri bæir. Gosið 1510 varð einnig örlagaríkt fyrir byggðir víða um Suðurland ekki síst á Rangárvöllum og í Landsveit, en þá varð gífurlega mikið öskugos í háfjallinu eftir langt goshlé í norðaustan átt þannig að öskunni rigndi yfir byggðirnar suðvestan við fjallið. Þótt land hafi náð að gróa upp fljótlega eftir gosið varð jarðvegurinn mjög öskublandinn sem auðveldaði vindinum eyðingarstarf sitt á uppblásturs-skeiðinu mikla á 19. og 20. öldinni þegar Rangárvellir og Land blésu upp svo lá við landauðn.

Í ljósi jarðfræði Heklu, rannsókna og ritaðra heimilda þá stafar byggðinni í grennd við Heklu einkum ógn af henni eftir löng goshlé, en þá eru mestar líkur á kröftugum sprengigosum. Hekla hefur hins vegar verið mjög virk undanfarna áratugi sem dregur mjög úr líkum á miklum gjóskugosum. Þá hefur túlkun jarðfræðinga á niðurstöðum þéttriðins nets jarðskjálftamæla sýnt að gefa má haldgóðar vísendingar um yfirvofandi eldgos í Heklu.

⁵ (Ragnar Stefánsson o.fl. 2000).

Þá eru fleiri virkar eldstöðvar í nálægð sveitarfélagsins og má þar m.a. nefna Eyjafjallajökul og Kötlu en íbúum sveitarfélagsins stafar helst hættu af hamfarahlaupum í tengslum við eldsumbrot þar.

Eldvirkni - Hamfarahlaup

Byggð er ekki talin stafa bein hættu af eldgosum á svæðinu. Þó getur skapast hættu vegna öskufalls, sérstaklega ofan til á Rangárvöllum og Landi, næst Heklu.

Hættu getur steðjað að ferðafólki sérstaklega við óvænt eldsumbrot og flóð. Á ferðamannatíma, sérstaklega í júlí og ágúst eru daglega fleiri þúsundir ferðamanna á Landmanna- og Rangárvallafrétti. Mjög mikið er um gönguferðir á Heklu og fleiri svæði þar sem eldgos getur hafist með mjög litlum fyrirvara. Þá getur ferðafólki stafað hættu vegna öskufalls og eitruðu lofttegundum sem fylgja eldgosum.

Jökulhlaup

Katla í Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökull eru virkar eldstöðvar sem við eldsumbrot geta valdið hamfarahlaupum sem stundum koma niður farveg Markarfljóts og sé um stórhlaup að ræða getur það haft áhrif allt vestur Háfshverfi. Árið 2002 var óskað efir að unnið yrði hættumat fyrir svæðið allt sem nú hefur verið gert. Þar var gert ráð fyrir að flóð gæti annars vegar verið með hámarksgildi allt að 100.000 m³/sek og hins vegar með hámarksgildi allt að 300.000 m³/sek. Rannsóknir benda til að stærsta hamfarahlaup sem hafi farið við Húsadal hafi verið allt að 250.000 m³/sek. Rannsóknir benda til að síðast hafi hamfaraflóð farið um Markarfljótsaura og m.a. eytt skógi í Drumbabót skömmu fyrir landnám eða á árabílinu 730 til 850. Skv. matinu kann flóð af völdum goss undir jökli að ná að Bakkabæjum á 6 klst. og áhrif flóðs gæti orðið í Þykkvabæ og allt vestur undir Háfshverfi. Gerð hefur verið viðbragðsáætlun og almannavarnaæfing vegna flóðs til vesturs hefur einnig verið haldin enda eru dæmi um flóð til vesturs þótt í flestum tilfellum falli flóð undan Mýrdalsjökli til austurs um Mýrdalsand⁶.



Mynd 7. Svæði þar sem vatnsdýpi verður meira en 2 metrar, miðað við flóð allt að 300.000 m³/s. Mynd úr skýrslu á hættumati vegna Hamfarahlaups úr vestanverðum Mýrdalsjökli.

Vegna hugsanlegs eldgoss undir jökli í Bárðarbungu hefur verið unnið hættumat vegna jökulhlaups á Þjórsár/Tungnaár svæðinu. Áætluð mesta útbreiðsla í Þjórsá neðan Sultartanga í ímynduðu 6000 m³/s jökulhlaupi í Hágöngulón. Samkvæmt matinu fer hluti hlaupvatnsins í Ytri-Rangá.


Reiknað er með að:

- 1) Hjástífla við Hágöngulón rofni öll

⁶ (Guðrún Jóhannesdóttir, 2011).

- 2) Stíflur við Kvíslavatn verði rofnar handvirkt
- 3) Flóðvar við Sultartangalón rofni í yfirstreymi

Einnig hefur verið unnið að rýmingaráætlun vegna hlaups af þessari stærðargráðu og þar er gert ráð fyrir að rýma þyrfti bæi næst Ytri-Rangá neðan Hellu og einnig þyrfti að rýma Þykkvabæ⁷.



Mynd 8. Áætlun útbreiðsla jökulhlaups í Þjórsá.

2.7.3 Aðrar náttúruhamfarir

Í ljósi jarðfræði og jarðsögu svæðisins, landslags og ritaðra heimilda getur staðbundið tjón í byggð ennfremur hlotist af flóðum í ám (tengist m.a. jarðskjálftum), uppblæstri og ofviðri.

2.8 HLUNNINDI

2.8.1 Hagnýt jarðefni

Engin heildstæð úttekt hefur verið gerð á hagnýtum jarðefnum á svæðinu. Í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þá ber að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku. Gerð er grein fyrir efnistöku á greinargerð aðalskipulagsins og þeir sýndir á skipulagsuppráttum.

2.8.2 Veði

Mikil veiði hefur verið í Rangánum undanfarin ár samfara því að miklu magni seiða hefur verið sleppt í árnar og byggð hefur verið upp góð aðstaða fyrir veiðimenn. Mest veiðist af laxi en




Mynd 9. Veiðimaður í Veiðivötnum.

⁷ (Viðlagatrygging Íslands; Ríkislögreglustjóri, 2014).

einnig nokkuð af urriða, einkum á efri svæðum ána. Settir hafa verið upp laxastigar í Ytri-Rangá bæði við Ægissíðufoss og Árbæjarfoss. Einnig er stangveiði í hliðarám Rangánna s.s. Hróarslæk og Selalæk. Veiðifélög í eigu landeigenda standa að ánum, annars vegar Veiðifélag Ytri-Rangár og hins vegar Veiðifélag Eystri-Rangár.

Netaveiði er í Þjórsá og þar veiðist mest af laxi og sjóbirtingi.

Á hálendinu er helst veitt í Veiðivötnum og Álftavatni, þar er stangveiði á sumrin og netaveiði fyrir landeigendur á haustin. Einnig er veitt í vötnum á Landmannaafretti. Veiðifélag Rangárvallaafrehtar sér um veiði í Álftavatni og veiðifélag Landmannaafrehtar um veiði í Veiðivötnum. Á báðum stöðum veiðist aðallega bleikja.



Mynd 10. Heildarveiði í Rangánum⁸

2.9 NÁTTÚRUMINJAR

Á skipulagssvæðinu eru nokkur náttúruverndarsvæði, bæði á láglandi og á afréttum. Þessi svæði eru auðkennd á skipulagsupprætti. Engir þjóðgarðar né fólkvangar eru innan skipulagssvæðisins. Þá eru fjölmargar plöntur á valista sem ekki eru tíundaðar hér en skv. reglum er óheimilt að skerða þær né búsvæði þeirra. Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá eru talin upp í greinargerð aðalskipulagsins.



Mynd 11. Í Friðlandi að Fjallabaki.

⁸ (Landssamband veiðifélaga, 2015).


2.10 ÞJÓÐLENDUR

Stór hluti hálandis í Rangárbingi ytra er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta⁹.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna.

Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.



Mynd 12. Þjóðlendur í Rangárbingi ytra (litað svæði). Sveitarfélagamörk eru svört lína. Blá lína er mörk hálandisins skv. svæðisskipulagi miðhálandisins 2015 og rauð lína er mörk milli byggðar og hálandis í aðalskipulaginu.

⁹ (Alþingi Íslands, 1998).

3 ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ


Á landsbyggðinni mynda þéttbýli og dreifbýli sveitarfélaga samstæða heild atvinnulega og fjölmargir sækja vinnu úr dreifbýli í þéttbýlið samhliða því að íbúar úr þéttbýli sækja vinnu í dreifbýlið.

3.1 MANNFJÖLDAÞRÓUN, ALDURSDREIFING OG ÍBÚASPÁR

Eftirfarandi umfjöllun um mannfjölda byggir á opinberum gögnum frá Hagstofu Íslands.

Á áttunda áratug 20. aldar fjölgaði íbúum um tæp 25% og má að hluta rekja það til fólksflutninga vegna Heimaeyjargössins og virkjanaframkvæmda á Þjórsársvæðinu. Á 9. áratugnum dró verulega úr fjölgun en þá var hún 2%. Síðasta áratug aldarinnar var fólksfjölgun um 3,5%, sem var svipuð fólksfjölgun og á Suðurlandi, en verulega minna en á landinu í heild.


Íbúum í Rangárþingi ytra hefur fjölgað undanfarin ár og flestir urðu þeir árið 2009 en þá bjuggu 1604 íbúar í sveitarfélaginu. Þann 1. janúar 2017 voru íbúar í sveitarfélaginu 1537 og hafði þeim þá fjölgað um tæp 9% frá 2003. Íbúar á Hellu voru 816.



Mynd 13. Íbúafjöldi og íbúaspá ¹⁰.

Gangi miðspá Hagstofu eftir innan sveitarfélagsins mun fjöldi íbúa verða um 1720 árið 2028.


Íbúum á Hellu hefur fjölgað nokkuð frá árinu 1998 (Mynd 14).



Mynd 14. Íbúafjöldi (1. jan.) á Hellu frá 1998-2017.

¹⁰ (Hagstofa Íslands, 2015).

Í samanburði við aldur þjóðarinnar er aldursskipting íbúa í sveitarfélaginu nokkuð eðlileg. Þó eru börn undir 10 ára og íbúar á aldrinum 25 til 45 ára heldur færri en landsmeðaltal. Þrátt fyrir að drengir undir 10 ára séu áberandi færri en landsmeðaltal gefur til kynna þá er fjöldi karla 15-25 ára umtalsvert yfir landsmeðaltali.




Mynd 15. Aldursskipting íbúa í Rangárþingi ytra árið 2015 borin saman við allt landið.

3.2 ATVINNUMÁL

Rangárþing ytra er öflugt landbúnaðarhérað þó ýmsar aðrar atvinnugreinar séu einnig stundaðar í sveitarfélaginu. Uppbygging orkuveranna; Hrauneyjafossvirkjunar, Sigölduvirkjunar og Vatnsfellsvirkjunar, hafði mikil áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu meðan verið var að byggja þau. Á undanförunum árum hefur ferðaþjónusta verið að eflast á svæðinu og ætla má að flest ný störf undanfarinna ára séu á sviði ferðaþjónustu. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað á sviði afþreyingar- og veitingaþjónustu og þá færast það sífellt í aukana að bændur reki ferðaþjónustu samhliða hefðbundnum búskap.

Landbúnaður


Öflugur landbúnaður er stundaður í sveitarfélaginu. Upplýsingar um ræktun korns og fjölda búfjár frá árinu 2002 eru fengnar frá Hagstofu Íslands¹¹.



Kornrækt jókst hratt í upphafi aldarinnar og mesta uppskeran var árið 2006, rúmlega 400 tonn. Síðan þá hefur uppskeran verið breytileg milli ára og árið 2016 var uppskeran rúm 250 tonn.

¹¹ (Hagstofa Íslands, 2017).

Nautgripir og mjólkurkúr




Nautgripum hefur heldur fjölgað frá árinu 2002, þá voru þeir 2653 en árið 2016 voru þeir 3176. Mjólkurkúm hefur fjölgað aftur en þeim fækkaði í upphafi aldarinnar. Í árslok 2016 voru þær 987 talsins.

Sauðfé hefur einnig fjölgað nokkuð, það var rúmlega 11.100 árið 2002 en tæplega 12.700 í árslok 2016.


Fjöldi hrossa hefur verið nokkuð breytilegur síðan árið 2002. Þeim fækkaði nokkuð á árunum 2003 og 2013 þegar þeim fækkaði um 902 dýr. Hross voru rúmlega 5.300 við árslok 2016.

Önnur dýr í sveitarfélaginu eru varphænsni, geitur, endur og svín en vegna þess hve dýrin eru fá verður ekki gerð grein fyrir fjölda þeirra hér.

Sauðfé



Hross



3.3 FERÐAÞJÓNUSTA

Í Landsskipulagi 2015 – 2026 er kveðið á um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði greind sérstaða, styrkleikar og staðarandi svæðis m.t.t. ferðaþjónustu og tækifæra sem tengjast henni¹².

Í Rangárbingi ytra hefur þjónusta við ferðamenn aukist mikið á undanförunum árum og víða er rekin fjölbreytt ferðaþjónusta og má þar nefna veitingasölu, gistaðstöðu, hestaleigur, tjaldsvæði, söfn, handverkssölu og fleira. Nokkur hótél eru í sveitarfélaginu og fjölmargir gististaðir. Á Hellu og á Laugalandi eru tjaldsvæði og sundlaugar og einnig er tjaldsvæði í Pykkvabæ. Allmörg sumarhús eru víðs vegar í sveitarfélaginu. Á hálendinu eru fjölsóttir gististaðir og tjaldsvæði í Landmannahelli og í Landmannalaugum og einnig er gistingu að fá í skálum víða á hálendinu.

Á vegum Rangárbings ytra hefur verið unnin skýrsla um ferðamál og ferðaþjónustu í byggð og á hálendinu. Í skýrslunni eru ýtarlegar upplýsingar um stöðu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu¹³. Einnig er fjallað um ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið í tengslum við ferðaþjónustu, einkum á hálendinu. Skýrslan er nýtt sem forsendur fyrir stefnumörkun í ferðaþjónustu í aðalskipulaginu.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 þá skiptast gististaðir í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu sem bjóða skal gestum:

„Hótél: Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og veitingar að einhverju tagi framleiddar á staðnum. Fullbúin baðaðstaða skal vera með hverju herbergi. Stærra gistiheimili: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 6 herbergi eða fleiri eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

Minna gistiheimili: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi eða hefur rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

Gistiskáli: Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).

Fjallaskálar: Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.

Heimagisting: Gisting á lögheimili einstaklings eða einni annarri fasteign í hans eigu sem hann hefur persónuleg not af.

Íbúðir: Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar.

Fristundahús: Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin“.

Gistinætur

Alls eru um 800 gistirými í byggð í sveitarfélaginu, á hótélum og gistiheimilum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir gististaði ásamt fjölda herbergja og rúma á hverjum stað fyrir sig.


Gististaðir í byggð		
Heiti	Fjöldi herbergja	Fjöldi rúma
Hótél Rangá	51	102
Hótél Lækur	21	42
Hótél Hella	53	106
Hótél Leirubakki	36	80
Hálendismiðstöðin Hrauneyjum	82	164

¹² (Alþingi Íslands, 2016).

¹³ (Steinsholt ehf, 2017).

Hótel Stracta	120	240
River Hótel	22	44
Rjúpnaveilir	4	40
Alls	389	818

Heildarfjöldi gistinguáttu felur í sér alla innigistingu í sveitarfélaginu þ.e. á hótelum, gisti húsum, orlofs-húsum, farfuglaheimilum og í heimahúsum. Gistinguáttum hefur fjölgað gríðarlega í sveitarfélaginu á allra síðustu árum eins og sjá má á Mynd 16. Þær voru tæplega 40 þúsund árið 2006, rúmlega 64 þúsund árið 2010 og tæplega 97 þúsund árið 2015.



Mynd 16. Gistinguáttur í Rangárþingi ytra 2006 – 2015 (Hagstofa Íslands, 2016).

Gistinguáttum á tjaldsvæðum og í skálum í óbyggðum hefur fjölgað nokkuð á þessu árabili en skil á þeim gögnum eru almennt talin lakari en fyrir innigistingu í byggð og því bera að taka þeim með fyrirvara skv. upplýsingum frá Hagstofunni. Í skálum á hálendinu eru áætluð alls rúmlega 700 rúm. Einnig eru tjaldsvæði í Landmannahelli, Landmannalaugum, Hrafninnuskeri, Álftavatni og Hvanngili.

Skálar á hálendi		
Heiti		Fjöldi rúma
Landmannalaugar	skálasvæði	78
Landmannahellir	skálasvæði	100
Áfangagil	fjallasel	38
Álftavatn	skálasvæði	72
Austurbotn	fjallasel	6-10
Hvanngil	skálasvæði	60
Foss	skálasvæði	36
Strútur	fjallasel	26
Krókur	fjallasel	6
Hungurfit	fjallasel	40
Vesturdalur (Dalakofi)	fjallasel	36
Hrafninnusker	fjallasel	52
Veiðivötn	skálasvæði	150
Alls		714

Unnið er að gerð áfangastaðaáætlunar fyrir Suðurland. Þar er horft til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þar með talið þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Með áfangastaðaáætluninni verður til heildræn stefna sem lýtur að ferðapjónustunni sem atvinnugrein, sveitarfélögum, íbúum, umhverfi og samfélaginu í heild¹⁴.

3.4 OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA

Stjórnsýsla

Hella er miðstöð stjórnsýslu fyrir sveitarfélagið. Þar er veitt margvísleg þjónusta fyrir aðliggjandi landbúnaðarhérað í vesturhluta Rangárvallasýslu. Sveitarfélagið er aðili að Héraðsnefnd Rangæinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hefur sveitarfélagið samstarf við nágrannasveitarfélög á fjölmörgum sviðum sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Grunnskólar og leikskólar

Sveitarfélagið er ásamt Ásahreppi aðili að Odda bs. sem er byggðasamlag um rekstur grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu. Þetta eru Grunnskólinn á Hellu, Grunnskólann á Laugalandi, leikskólinn Heklukot á Hellu og leikskólinn á Laugalandi.

Nemendur í grunnskólanum á Hellu eru um 190 í tíu bekkjardeildum og í Laugalandsskóla eru um 70 nemendur, einnig í tíu bekkjardeildum. Sveitarfélagið sér um akstur nemenda til og frá skóla.

Í leikskólanum Heklukoti er rými fyrir ríflega 70 börn og í leikskólanum á Laugalandi er rými fyrir um 30 börn og er unnið að stækkun hans. Báðir leikskólarnir eru fullnýttir.

Tónlistarskóli Rangæinga og Fjölbrautarskóli Suðurlands

Sveitarfélagið er aðili að Tónlistarskóla Rangæinga sem er starfræktur af sveitarfélögum í sýslunni. Kennt er í öllum grunnskólum sýslunnar og einnig elsta árgangi í leikskólunum. Fjölbrautarskóli Suðurlands er á Selfossi.

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Byggðasamlag um félagsþjónustu í Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslum tók til starfa á árinu 2003 og að því standa Ásahreppur, Rangárbing ytra, Rangárbing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Það er rekið í tveimur deildum, annarsvegar félagsmáladeild á Hellu og skólaþjónustudeild á Hvolsvelli. Um áramótin 2013 – 2014 bættist lögbundin sérfræðiþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla við starfsemina. Við skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu starfa stjórnandi/kennsluráðgjafi grunnskóla, sálfræðingur, kennsluráðgjafi leikskóla og talmeinafræðingur.

Heilsugæslustöðin á Hellu og Lundur

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum í sýslunni aðili að Heilsugæslu Rangárbings bs. sem starfrækir heilsugæslustöðvar á Hellu og víðar. Sveitarfélagið sér um þjónustu við fatlaða. Þá er sveitarfélagið ásamt Ásahreppi og ríkinu aðili að Lundi, Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra á Hellu. Á Lundi eru hjúkrunarrými fyrir 22 heimilismenn og dvalarrými fyrir 8 heimilismenn.

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.

Sveitarfélagið er aðili að Brunavörnum Rangárvallasýslu bs. ásamt öðrum sveitarfélögum í sýslunni. Slökkvistöðvar eru á Hellu og Hvolsvelli.



Mynd 17. Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra.

¹⁴ (Markaðsstofa Suðurlands, 2017).

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Sveitarfélagið er aðili að Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. ásamt öðrum sveitarfélögum í Rangárvallasýslu. Sorpi er safnað á móttöku- og urðunarsvæði stöðvarinnar í landi Strandar austan Hellu, en þar er sorp flokkað í neysluúrgang, pappír, timbur og annan grófgerðan úrgang, jarðvegs- og gróðurúrgang, landbúnaðarplast, eitur- og spilliefni og brotajárn. Svæði stöðvarinnar er tæplega 30 ha að stærð.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er aðili að Sorpstöð Suðurlands sem gert hefur samkomulag við SORPU bs. um móttöku á sorpi til urðunar og móttöku á flokkuðum efnum til endurvinnslu.

Sorpstöð Suðurlands bs. stóð að gerð svæðisáætlunar fyrir starfssvæði sitt. Svæðisáætlunin fjallar um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Með gerð svæðisáætlunar voru skilgreind þau markmið sem vinna skal eftir til þess að auka endurnýtingu og lágmarka förgun úrgangs. Rangárþing ytra samþykkti svæðisáætlunina í ágúst 2009.

Í Rangárþingi ytra hefur verið tveggja tunnu flokkun á sorpi síðan í desember 2011. Auk hefðbundinnar ruslatunnu fyrir almennt sorp (grá tunna) er blá tunna fyrir endurvinnanlegt sorp eins og pappír, dagblöð og fernur. Unnið er að því að koma á þriggja tunnu flokkun, bætt verður við tunnu fyrir plast. Auk þess er heyrúlluplast sótt heim á bæi. Tekið er við öllum öðrum úrgangi s.s. timbri, málmum og grófum úrgangi á gámasvæði sveitarfélagsins að Strönd. Einnig er vaktað gámasvæði fyrir heimilissorp við Ásveg í landi Meiri-tungu.

Vatnsveita

Sveitarfélagið starfrækir vatnsveitu, í samvinnu við Ásahrepp, sem tekur yfir stóran hluta sveitarfélagsins og í skoðun er að ráðast í stærri samveitu í samstarfi við nágrennasveitarfélög. Vatnsból yrðu væntanlega ofarlega í Landsveit og einnig mögulega ofarlega á Rangárvöllum.

Hitaveita Rangæinga

Hitaveita Rangæinga er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og þjónar fjölmörgum heimilum í sveitarfélaginu ásamt heimilum í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Skipulagsmál og byggingareftirlit

Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur aðsetur á skrifstofu sveitarfélagsins.

Strandarvöllur og Gaddstaðaflatir

Sveitarfélagið er eignaraðili að Strandarvelli ehf, golfvelli á landi Strandar austan Hellu. Aðrir eignaraðilar eru önnur sveitarfélög í sýslunni ásamt Golfklúbbi Hellu. Gaddstaðaflatir eru hestaípróttasvæði í landi Gaddstaða og er í eigu hestamannafélaga á Suðurlandi. Stofnað hefur verið hlutafélag sveitarfélaga og hestamannafélaga á Suðurlandi um Gaddstaðaflatir þar sem verið er að byggja upp glæsilega aðstöðu. Reiðhöll á svæðinu var tekin í notkun árið 2008.

Byggðasafnið að Skógum

Héraðsnefndir Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu reka Byggðasafnið á Skógum. Þar er einnig staðsett héraðsskjalasafn sýslanna. Árið 2001 var byggt Samgöngu- og tækniminasafns Íslands á Skógum og er safnið ein af rekstrareiningum Byggðasafnsins. Safnið var opnað í nýju húsnæði sumarið 2002 og hafa umsvif safnsins aukist mikið. Haustið 2009 hófust framkvæmdir við byggingu á um 1300 m² geymslu og verkstæðishúsi við Samgöngusafnið, áætlað er að húsið verði tilbúið 2012. Fjölmarginir samstarfsaðilar koma að rekstri safnanna s.s Þjóðminjasafn Íslands, Vegagerðin, Íslandspóstur, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsbjörg.



Mynd 18. Frá landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflotum.

3.5 SKÓGRÆKT OG LANDGRÆÐSLA

Innan sveitarfélagsins er miðstöð uppgræðslustarfs á landinu og höfuðstöðvar Landgræðslu Ríkisins hafa verið í Gunnarsholti síðan 1928.

Stór svæði í sveitarfélaginu eru í umsjá Landgræðslu ríkisins, auk þess sem fjölmörg samningsbundin skógræktar- og landgræðslusvæði eru í sveitarfélaginu. Einnig er unnið að fjölmörgum uppgræðsluverkefnum m.a. í tengslum við landbótaáætlun vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt og nokkrir bændur eru þátttakendur í verkefninu *Bændur græða landið*, samstarfsverkefni bænda og Landgræðslu ríkisins. Í verkefninu er unnið að uppgræðslu heimalanda. Skógrækt og landgræðsla er viðurkennd aðferð við bindingu kolefnis í jarðvegi. Auk þess veitir skógrækt vörn gegn gróður- og jarðvegseyðingu af völdum foks m.a. til að verja nálæg svæði fyrir áfoki í kjölfar öskufalls. Þá veitir skógur eða skjólbelti skjól á ökrum, beitolöndum og í byggð. Hekluskógar er stórt landgræðslu- og skógræktarverkefni sem nær yfir um 946 km² í efri hluta byggðarinnar og syðst á Landmannaafretti.

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Endurskoðun aðalskipulags Rangárbings ytra fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætla. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð. Endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins fellur undir lögina þar sem eftirfarandi á við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfismat aðalskipulags er unnið samhliða endurskoðun og nýtist því til ákvarðanatöku.

4.1 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulag sveitarfélags þarf að vera í samræmi við fjölmargar stefnur og áætlanir sem ríkið hefur sett fram. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvaða stefnur og áætlanir aðalskipulagið þarf að vera í samræmi við og rökstuðning um hvernig stefnan er í samræmi við þær.

Stefna	Markmið í stefnum og áætlunum	Samræmi aðalskipulags við stefnur og áætlanir
Á landsvísu		
Landsskipulagsstefna 2015 - 2026	<p>Sjálfbær byggð í dreifbýli: Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.</p> <p>Umhverfis- og menningargæði: Mörkuð verði stefna um yfirbragð byggðar og tekið tillit til staðháta og landslags.</p> <p>Sjálfbærar samgöngur: Gerð verði grein fyrir og mörkuð stefna um aðra vegi en þjóðvegi.</p> <p>Sjálfbær nýting landbúnaðarlands: Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.</p> <p>Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og</p>	<p>Stefnan styður við landsskipulagsstefnu m.a. með áformum um þéttingu byggðar í þéttbýli og í dreifbýli.</p> <p>Í stefnunni er heimilt að byggja íbúðarhús í dreifbýli í tengslum við núverandi bæjar- torfur til að vegir og veitur nýtist sem best.</p> <p>Stefnan heimilar byggingu í tengslum við atvinnuuppbyggingu á landbúnaðarlandi auk stakra framkvæmda s.s. íbúðar- og frístundahúsa í dreifbýli í tengslum við núverandi þjónustukerfi til að vegir og veitur nýtist sem best.</p> <p>Í stefnunni eru skilgreindar fjölbreyttar göngu- og reiðleiðir ásamt reiðhjóla- leiðum. Þá er áhersla á uppbyggingu þjónustu, m.a. lítil stök hús til upplýsinga og sem hreinlætisaðstöðu.</p>

	<p>umhverfi: Skipulagsákvæðanir um ferðapjónustu taki mið af náttúruvernd og kortlagningu á auðlindum ferðapjónustunnar og miði jafnt að því að uppbyggingin nýtist bæði íbúum svæðis sem og ferðamönnum.</p> <p>Hverfisverndun víðerna og viðkvæmra svæða: Á hálendinu er áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda og vistgerða. Viðhald samgöngukerfis á miðhálendinu stuðli að góðu aðgengi að hálendinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta.</p> <p>Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi: Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja.</p> <p>Skipulag m.t.t. náttúruvár og loftslagsbreytinga: Við skipulag sveitarfélaga verði tekið tillit til hættu sem stafar af náttúruvá s.s. vatnsflóðum og jarðskjálftum.</p>	<p>Áhersla er á verndun hálendis samhliða auknu öryggi ferðafólks, m.a. með uppbyggingu fjarskipta og þjónustusvæða.</p> <p>Einnig er áhersla á verndun menningarminja, m.a. með því að setja þær undir hverfisvernd.</p> <p>Áhersla er á trygg og öflug fjarskipti sem styrki atvinnu og þjónustu í byggðinni og auki öryggi, m.a. með auknum upplýsingum.</p> <p>Mótuð er stefna um orkuflutning og aðrar veitur.</p> <p>Stefnan tekur mið af flóðahættu í sveitarfélaginu sem og hættu sem stafar af jarðskjálftum.</p>
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020	Stefnumótun Íslands um sjálfbæra þróun. Þar er mörkuð stefna um heilbriggt og öruggt umhverfi, verndun náttúru landsins, sjálfbæra nýtingu auðlinda og hnattræn viðfangsefni. Við gerð aðalskipulags og umhverfisskýrslu ber að taka mið af stefnumótuninni eftir því sem við á.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við áherslur sem settar eru fram í Velferð til framtíðar um heilbriggt og öruggt umhverfi, áhersla á vistvæna orkuöflun, aukna landgræðslu og skógrækt, m.a. til bindingar kolefnis.
Náttúruverndaráætlun 2009-2013	Ráðherra hefur umsjón með gerð náttúruverndaráætlunar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þar skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Í áætluninni skal lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins. Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við náttúruverndaráætlun. Náttúruverndarsvæði eru sýnd á skipulagsuppráttum og umfjöllun um þau er í greinargerð.
Náttúruminjasráð 7. útgáfa	Ráðherra gefur út náttúruminjasráð á fimm ára fresti skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruminjasráð er samantekt yfir friðlýst svæði auk annarra merkra svæða á Íslandi sem ekki hafa verið friðlýst.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við náttúruminjasráð og eru friðlýst svæði og svæði undir náttúruvernd sýnd á uppráttum og umfjöllun um þau í greinargerð.
Samgönguáætlun 2011-2022	Samgönguáætlun byggir á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðarþróun.	Stefna skipulags er í meginráttum samhliða samgönguáætlun, lögð er áhersla á að bæta öryggi leiða með betri vegum og öruggum vegtengingum. <p>Gert er ráð fyrir breytingu á vesturhluta Dómadalsleiðar og endurbótum á vegi í Skjólkvíar. Þá verður Fjallabaksleið nyrðri lagfærð sem og Fjallabaksleið syðri að Hafrafelli.</p>

		Áfram er gert ráð fyrir ýmsum samgöngubótum í byggð s.s. endurbótum á Fjallabaksleið syðri að Hafrafelli, breytinga á aðkomu að íbúðarsvæði við Gunnarsholt og að Árbæjarvegur og Þykkvabæjarvegur tengist Suðurlandsvegi með hringtorgi.
Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. Þingsályktun um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, nr. 16/144.	Í tillögunni voru virkjanakostir skv. Rammaáætlun flokkaðir í verndarflokk, biðflokk og orkunýtingarflokk. Samkvæmt gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þá ber að skilgreina virkjanakosti í biðflokki sem varúðar- og öryggisvæði og virkjanakosti í verndarflokki sem aðra náttúruvernd.	Virkjanakostir í biðflokki eru sýndir sem varúðarsvæði: Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun, Torfajökulssvæðið. Virkjanakostir í verndarflokki eru sýndir sem önnur náttúruvernd: Bjallavirkjun/Sköflungur, Tungnaárlón.
Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands	Markmiðið er að stuðla að því að gerð verði áætlun um vernd góðs ræktunarlands í merkingunni ræktað eða ræktanlegt land, enda er það mikilvæg, takmörkuð auðlind sem ýmist getur eyðst, rýrnað eða vaxið.	Unnið verður að flokkun landbúnaðarlands þegar verklagsreglur hafa verið þróaðar sbr. landsskipulagsstefnu.
Vegvísir í ferðabjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Verndar- og sjálfbærnisjónarmið liggja til grundvallar uppbyggingar aðstöðu. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið.	Stefna aðalskipulags er í samræmi við Vegvísi í ferðabjónustu. Skilgreindir eru áningarstaðir fyrir ferðamenn undir landnotkunarflokknum afþreyingar- og ferðamannasvæði, þeir sýndir á uppdráttum og fjallað um þá í greinargerð. Gert er ráð fyrir að bæta meginleiðir inn á hálendið til að auka öryggi ferðafólks og auka möguleika á dagsferðum. Skipulagið gerir ráð fyrir göngu-, reið og hjólaleiðum.
Kerfisáætlun Landsnets 2016 - 2025	Landsneti ber, skv. raforkulögum nr. 65/2003, að leggja fram áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku um landið. Árlega er lögð fram til samþykktar Orkustofnunar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins, annars vegar til 10 ára og hins vegar framkvæmdaáætlun til þriggja ára.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við Kerfisáætlun.
Ramsar samningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.	Stefna aðalskipulagsins samræmist stefnu um verndun og skynsamlega nýtingu votlendissvæða.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þrjúþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við stefnumörkunina m.a. með því að miða að því að staðsetja framkvæmdir utan verndarsvæða er verið að vernda líffræðilega fjölbreytni.
Rammasamningur SP um loftlagsbreytingar	Markmið samningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun	Stefna aðalskipulagsins styður við samning SP um loftlagsbreytingar m.a. með afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæða.

	geti haldið áfram á sjálfbæran máta.	
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum	Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á Íslandi í því skyni að standa við stefnu stjórnvalda og skuldbindingar í loftslagsmálum. Aðgerðaráætlunin var gerð til að framfylgja Parsíarsamkomulaginu.	Stefna aðalskipulagsins styður við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum m.a. með því að stuðla að góðum vegtengingum við nágrannabyggðir, áframhaldandi nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa, öflugra sorpflokkun, landgræðslu og skógrækt.
Á svæðisvísu		
Aðalskipulag Flóahrepps 2015 – 2028, sem er í vinnslu.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í aðalskipulagi Flóahrepps 2015 - 2028 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir.
Aðalskipulag Rangárþings eystra 2010 – 2022.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir. Nokkur munur er á sveitarfélagamörkum. Mörk Rangárþings ytra fylgja þjóðlendulínu á hálendinu. Mörkin skarast milli Þríhyrnings og Tindfjalla og við Bláfell. Þá er lítilsháttar munur í ám.
Aðalskipulag Ásahrepps 2010 – 2022.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun. Ekki er gert ráð fyrir reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi í aðalskipulagi Ásahrepps.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Ásahrepps 2010 – 2022 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- og reiðleiðir. Nokkur munur er á sveitarfélagamörkum. Mörk Rangárþings ytra fylgja þjóðlendulínu á hálendinu. Mörkin skarast í Sultartangalóni, Hrauneyjalóni og í og við Krókslón. Einnig við Svartakamb og í Tungnaá. Í byggðinni er mörkum Rangárþings ytra breytt við Djúpós og Ráðagerði. Að öðru leyti er samræmi á milli sveitarfélagamarkna enda voru þau lagfærð í gildandi skipulagi í báðum sveitarfélögum.
Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir. Nokkur munur er á sveitarfélagamörkum. Mörk Rangárþings ytra fylgja þjóðlendulínu á hálendinu. Mörkin liggja ekki saman frá Mýrdalsjökli norður fyrir Strút. Mörkin skarast við Strútslaug. Frá Strútslaug og norður að Svartakambi ýmist skarast mörkin eða falla ekki saman.

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, sem er í vinnslu.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir. Nokkur munur er á sveitarfélagamörkum. Mörk Rangárþings ytra styðjast við sveitarfélagamörk LMÍ, IS50v. Mörkum er breytt þar sem til eru staðfest landamerki skv. skrá FMR.
--	--	--

4.2 TILKYNNINGA- EÐA MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR Í AÐALSKIPULAGSTILLÖGUNNI

Aðalskipulagstillagan markar stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A og B í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhugaðar framkvæmdir innan sveitarfélagsins sem mögulega falla undir þennan flokk eru taldar upp í eftirfarandi töflu:

Stefna	Flokkur framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.	Skýring
Vatnsaflsvirkjanir	A	Virkjanir þar sem uppsett afl er 10 MW eða meira. Efnistöku- og efnislosunarsvæði falla undir mat á virkjunum.
Skálasvæði í Landmannalaugum	B	Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.
Samgöngur - Dómadalsleið	A	Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega þar sem samanlögð nýlagnir utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd.
Samgöngur – Vegur á Hellu, Dómadalsleið, vegur í Skjólkvíar, endurbætur á Fjallabaksleið nyrðri og syðri	B	Nýjir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
Iðnaðarsvæði	B	Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.
Vindrafstöðvar	B	Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu með 2 MW uppsett rafafli eða meira.
Stakar framkvæmdir	C	Vatnsaflsvirkjanir með uppsett rafafli allt að 200 kW.
Stakar framkvæmdir	C	Vindrafstöðvar, allt að 20 m háar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu, með minna en 2 MW rafafli.

4.3 AÐFERÐAFRÆÐI UMHVERFISMATS

Aðalskipulag Rangárþings ytra og umhverfismatið er unnið af vinnuhópi sveitarfélagsins og skipulagsráðgjöfum Steinsholts ehf. Á fundum var fjallað um landnotkun í sveitarfélaginu, hvaða valkostir gætu komið til greina og lagt mat á kosti þeirra og galla. Í vinnunni var fyrst horft á hvaða þætti í stefnu aðal-

skipulagsins væri vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa. Höfð var hliðsjón af leiðbeiningarskjali Skipulagsstofnunar við val á þeim umhverfisþáttum og viðmiðum sem lögð voru til grundvallar matinu¹⁵.

Gerð er grein fyrir matinu í kafla 4.4. Þar er einnig gerð grein fyrir þeim umræðum sem sköpuðust í tengslum við matsvinnuna. Niðurstaða umhverfismats er nýtt til að marka ákjósanlega stefnu um landnotkun í sveitarfélaginu þar sem tekið er tillit til og reynt að draga úr neikvæðum áhrifum eins og kostur er.

4.3.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekna umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

4.3.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir. Þessir þættir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem stefnan leiðir af sér. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu. Flokkun þeirra hefur breyst lítillega í vinnuferlinu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.

Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirliggjandi gögnum.

¹⁵ (Skipulagsstofnun, 2007).

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

Umhverfisþáttur	Matsspurning	Viðmið
Náttúra; dýralíf, gróður, vistkerfi, jarðmyndanir.	Hver eru áhrif stefnunnar á gróður, vistkerfi og dýralíf? Hver eru áhrif stefnunnar á jarðmyndanir?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020.
Landslag og ásýnd; byggðamynstur, yfirbragð svæðis, náttúrulegt landslag.	Hver eru áhrif stefnunnar á landslag? Hver eru áhrif stefnunnar á ásýnd?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. - Byggð falli að landslagi og náttúru og gangi ekki á verðmæt svæði að óþörfu.
Samfélag; íbúapróun, þjónusta, efnahagur, atvinna, útivist, ferðamennska, landnotkun.	Hver eru áhrif stefnunnar á atvinnulíf? Bætir stefnan þjónustu við íbúa og gesti? Styrkir stefnan byggð, fjölgar íbúum og bætir lífsgæði þeirra? Hver eru áhrif stefnunnar á tekjustofna sveitarfélagsins?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. - Skipulagsgerð stuðli að eflingu ferðaþjónustu. - Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þörf.
Samgöngur; vegir og brýr, hjóla-, reið- og gönguleiðir.	Hver eru áhrif stefnunnar á samgöngur og umferðaröryggi? Styður stefnan við skilvirkar göngu-, reið- eða reiðhjólaeiðir?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. - - Skipulagsgerð stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Vegalög nr. 80/2007 m.s.br.
Heilsa, vellíðan og öryggi; mengun, náttúruvá og grunnvatn.	Hver eru áhrif stefnunnar á umferðaröryggi? Hver eru áhrif stefnunnar á hljóðvist og loftgæði? Hver eru áhrif stefnunnar á úti-vistar- og afþreyingarmöguleika? Er hættu á mengun eða náttúruvá af völdum stefnunnar?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. - Skipulagsgerð stuðli að heilnæmu umhverfi m.t.t. vatnsgæða, loftgæða, hljóðvistar o.fl.
Minjar; menningarminjar, náttúru-minjar, verndarsvæði.	Hver eru áhrif stefnunnar á fornminjar? Hver eru áhrif stefnunnar á náttúruminjar eða verndarsvæði? Hver eru áhrif stefnunnar á víðerni?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. - Skipulagsgerð stuðli að verndun náttúru- og menningargæða. Náttúruminjasrá. Aðalskráning fornminja.

4.3.3 Valkostir og vinsun áhrifa

Vinna við umhverfismatið fór fram samhliða vinnu aðalskipulagsins. Greining valkosta er mikilvægur hluti umhverfismats áætlana og gerir ferli ákvarðanatöku gegnsærra. Samhliða stefnumörkuninni var valkostum stillt upp.

Í kafla 4.4 eru mismunandi valkostir fyrir stefnu aðalskipulagsins bornir saman við núll-kost. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar“¹⁶.

¹⁶ (Skipulagsstofnun, 2007).

4.4 MAT Á UMHVERFISÞÁTTUM

Endurskoðað aðalskipulag Rangárbings ytra er að miklu leyti uppfærð skipulagsáætlun í samræmi við ný skipulagslög nr. 123/2010 og nýja skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Ekki er um mikla breytingu á stefnu að ræða m.v. gildandi aðalskipulag.

Endurskoðað aðalskipulag miðar í flestum tilfellum við stefnu gildandi aðalskipulags sem núll-kost. Í ákveðnum tilfellum er stefna sveitarfélags óbreytt eða það lítið breytt að ekki ekki þykir ástæða til að meta áhrifin sérstaklega.

Þeir valkostir sem horft er til í matinu í dreifbýli og á hálendi eru eftirtaldir:

- Byggð í dreifbýli.
- Frístundabyggð.
- Landbúnaður.
- Skógrækt- og landgræðsla.
- Ferðapjónusta, afþreyingar- og ferðamannasvæði ásamt verslunar- og þjónustusvæðum.
- Stakar framkvæmdir.
- Iðnaðarsvæði.
- Samgöngur.
- Verndarsvæði.

Þeir valkostir sem metnir eru í þéttbýli eru eftirtaldir:

- Þykkvibær.
- Lundarsvæðið, stofnana- og íbúðarsvæði.
- Skóla- og íþróttasvæði
- Miðsvæði – miðbær.
- Samgöngur.
- Þéttbýlismörk á Hellu og í Þykkvabæ.

4.4.1 Byggð í dreifbýli

Í sveitarfélaginu hefur einkum verið byggt upp á bæjartorfum þar sem ný íbúðarhús nýta sömu heimreið og veitukerfi en einnig hafa nýjar spildur verið teknar til ábúðar. Íbúðarsvæði eru nokkur í dreifbýlinu. Í kafla um stakar framkvæmdir (kafla 2.3.8) er gerð grein fyrir uppbyggingu íbúðar- og frístundahúsa á rúmgóðum lóðum, með ákveðnum takmörkunum.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 (kafla 2.1) miðar við að „í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi“. Sveitarstjórn vill leggja áherslu á hagkvæma þróun byggðar sem tekur mið af þeim samgöngu- og veitukerfum sem fyrir eru og að leitast verði við að samnýta lagnir og hreinsivirki eftir því sem hægt er. Fjölgun notenda styrkir það veitukerfi sem fyrir er og atvinnusókn af bæ er auðveld með bættum samgöngum og öflugum fjarskiptum. Nýjar byggingar skulu því rísa í nálægð (að jafnaði 50 – 1000 m) við núverandi vegakerfi og eftir atvikum önnur veitukerfi. Æskilegt er að ný byggð taki mið af þeirri byggð sem fyrir er, þar sem vilji er til að halda í yfirbragð eldri byggðar. Í dreifbýli skal leitast við að halda í dreifbýlisyfirbragð, fremur dreifða byggð, hús að jafnaði 1-3 hæðir og fjölbreyttar húsagerðir. Einkum verður byggt upp í tengslum við núverandi bæjartorfur þar sem ný íbúðarhús nýta sömu heimreið og veitukerfi. Þá verður áfram aukning í uppbyggingu á spildum, í góðum tengslum við núverandi veitukerfi, þar sem nýtt land er tekið til ábúðar, oft til skógræktar eða annars áhugabúskapar. Ræktað land eða annað hallalítið land sem ætla má að sé mjög gott til ræktunar, skal forðast að leggja undir byggingar. Lóðir á skilgreindum íbúðar- og frístundasvæðum minnka heldur, frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi skipulagi. Meginuppbyggingu skal þó að jafnaði beint í þéttbýlið á Hellu, Þykkvabæ eða núverandi byggðakjarna.

- Áætlun er um stækkun íbúðarsvæðis í Gunnarsholti um allt að 12 lóðir og er sveitarstjórn hlynnt henni. Í Gunnarsholti er Landgræðslan með öflugra starfsemi og er vilji til að styrkja hana enn frekar. Staðurinn er í góðum tengslum við vegakerfi og veitur og þar er nú þegar íbúðarbyggð.
- Úr landi Gaddstaða er tillaga að breyta hluta frístundasvæðis í íbúðarsvæði, allt að 8 lóðir. Svæðið liggur skammt austan Hellu, lóðir verða stórar og landeigendur sjá um veltengingar og að frár-ennsli fullnægi kröfum.
- Gert er ráð fyrir hægt sé að byggja stök íbúðar- og frístundahús sbr. kafla um stakar framkvæmdir, án tengsla við þá landnotkun sem skilgreind er. Hús skulu taka mið af því byggðamynstri sem fyrir er og að jafnaði reist í tengslum við núverandi byggð og/eða veitukerfi, þar sem land hentar lítt til landbúnaðar og utan skilgreindra verndarsvæða.

Umhverfismat fyrir byggð

Í matinu er lögð áhersla á samanburð gildandi skipulags við eftirfarandi þætti:

- Íbúðarbyggð í dreifbýli. Stækkun íbúðarsvæðis í Gunnarsholti, ný íbúðarsvæði úr landi Gaddstaða.
- Stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi, ótengd landbúnaði.
- Stök frístundahús á landbúnaðarlandi, á 0,5-1 ha lóðum.

Helst er horft til áhrifa á náttúru s.s. á ásýnd, á samfélag, íbúafjölgun og skólamál og samgöngur.

4.4.1.1 ÍBÚÐARBYGGÐ

Metin eru áhrif af svæðum fyrir íbúðarbyggð.

Valkostur I - Frekari uppbygging

Í heild er gert ráð fyrir að uppbygging á íbúðarsvæðum aukist frá gildandi skipulagi, samtals um 20 – 30 lóðir.

Íbúðarsvæði í Gunnarsholti er nú þegar byggt og í góðum tengslum við núverandi byggingar og starfsemi í Gunnarsholti, gert er ráð fyrir að það stækki til austurs fyrir allt að . Önnur svæði eru í góðum tengslum við núverandi byggð á hverjum stað. Mikil skógrækt og uppgræðsla hefur átt sér stað í Gunnarsholti og hefur svæðið nokkuð gildi fyrir dýralíf en fuglum hefur fjölgað samhliða meiri trjágróðri. Áhrif á náttúru eru metin **jákvæð**. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin **óveruleg** þar sem svæðin eru að nokkru leiti byggð nú þegar, eða í tengslum við núverandi byggð. Þá mun trjágróður draga verulega úr áhrifum, m.a. er núverandi byggð ekki sýnileg lengur frá Gunnarsholti. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** en frekari uppbygging er líkleg til að leiða til íbúafjölgunar. Einnig styður stefnan við það markmið aðalskipulags að efla byggð og starfsemi í Gunnarsholti. Áhrif á samgöngur eru metin **neikvæð** því aka þarf lengri vegalengdir til og frá vinnu og til að sækja þjónustu og afþreyingu. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en stefnan gefur kost á fastri búsetu á svæðinu. Áhrif á minjar eru talin **engin/lítill**.

Gaddstaðir eru skilgreint sem frístundasvæði í gildandi skipulagi en er breytt í íbúðarsvæði. Svæðið liggur vel við samgöngum, skammt sunnan Suðurlandsvegur en út frá umferðaöryggi þarf að tryggja betri veltengingu inn á svæðið, t.d. með aðkomu frá Hellu, sunnan Suðurlandsvegur. Svæðið er skammt frá Hellu og mun því eiga gott með að nýta sér þjónustu þar og stutt er að sækja vinnu þangað. Þó svæðinu sé breytt í frístundasvæði er eftir sem áður fjöldi óbyggðra frístundasvæða í sveitarfélaginu.

Núll kostur – gildandi skipulag

Svæðin eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði og frístundasvæði í gildandi skipulagi. Svæðin eru þegar byggð eða í tengslum við núverandi byggð og á þeim öllum hefur verið ræktaður fjölbreyttur trjágróður. Áhrifin eru talin **óveruleg** á náttúru. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin **óveruleg** þar sem svæðin eru að nokkru leiti byggð nú þegar eða í tengslum við byggð. Áhrif á samfélag eru **neikvæð** því ekki verða til nýir búsetumöguleikar. Áhrif á samgöngur eru metin **jákvæð** því ef ekki byggist upp á þessum svæðum þarf ekki að aka lengri vegalengdir til vinnu, skóla eða tómsunda. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **óveruleg** og einnig á minjar.

Niðurstaða

Íbúðarbyggð í dreifbýli						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Íbúðarbyggð í dreifbýli	+	0	+	-	+	0
Íbúðarbyggð í dreifbýli – núll kostur	0	0	-	+	0	0

4.4.1.2 STÖK ÍBÚÐAR- OG FRÍSTUNDAHÚS

Metin eru áhrif af byggingu stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarlandi, á 1-10 ha spildum eða eftir atvikum á skógræktar- og landgræðsluvæðum. Undanfarin ár hefur verið ásókn í fasta búsetu í dreifbýli án tengsla við þann búskap, byggja þar upp hús og eftir atvikum geymslu/skemmu o.fl. á allt að 10 ha lóðum/spildum. Á slíkum lóðum er mögulegt að stunda áhugabúskap s.s. trjárækt eða húsdýrahald í smáum stíl. Húsin skulu reist í sem bestum tengslum við núverandi byggð eða veitukerfi svo samnýta megi vegi og veitur samhliða því að halda í yfirbragð dreifbýlisbyggðar. Ræktað land eða annað hallalítið land sem ætla má að sé mjög gott til ræktunar, skal forðast að leggja undir byggingar.

Ávallt er einhver ásókn í frístunda- og íbúðalóðir / spildur sem ekki tengist landbúnaði eða annarri staðbundinni atvinnu. Uppbygging í dreifbýli er í samræmi við gildandi skipulag og verður áfram í samræmi við kafla um stakar framkvæmdir. Hingað til hefur verið heimilt að hafa allt að þrjú frístundahús og þrjú íbúðarhús á bújörðum, 50 ha eða stærri en með breyttri stefnu er heimilt að byggja í tengslum við núverandi byggð eða í nágrenni núverandi veitukerfa, en þó utan verndarsvæða og lands sem ætla má að gott sé til ræktunar. Litið er til að ný stefna takmarki frekar uppbyggingu en gildandi stefna og beini uppbyggingu fremur að hagkvæmni þar sem nýting veitukerfa batnar en takmarkaður viðbótarkostnaður samfélags þar sem ávallt þarf að halda úti vega- og veitukerfum til viðhalds núverandi byggð.

Þeir sem sækja í að búa í dreifbýli, eftir atvikum litlum kjörnum, eru að sækja annað hvort í endurnýjuð tengsl við svæði sem skiptir þá miklu og/eða sækja í rólegt umhverfi og nálægð við gróður og dýr, þ.á.m. fuglalíf. Ánægja íbúa skiptir miklu upp á þætti fyrir heilsu og vellíðan. Út frá samfélagslegu sjónarhorni er viðbótakostnaður lágmarkaður með að byggt sé í tengslum við þau kerfi sem fyrir eru. Vinnusókn íbúa er auðvelduð með góðum samgöngum og öflugum fjarskiptum en tími og ferðir til og frá vinnu eru mjög mismunandi innan þéttbýlis og eru oft auðveldari í dreifðari byggðum, m.a. iðulega styttri tími í milliferðir.

Stök íbúðarhús/frístundahús

Gert er ráð fyrir að gott landbúnaðarland skuli nýtt til landbúnaðar og óæskilegt er að slík svæði séu tekin undir byggingar, skógrækt eða aðra starfsemi sem hamlar, til lengri tíma, notkun svæðisins til ræktunar. Áhrif á náttúru eru **jákvæð** þar sem ekki er gert ráð fyrir að íbúðarhús verði byggð á góðu ræktunarlandi. Áhrif á landslag og ásýnd eru háð staðsetningu hverju sinni t.a.m. hvort landið er mishæðótt. Því eru áhrifin metin **óviss**. Áhrif stefnunnar á samfélag eru metin **jákvæð**, einkum vegna mögulegrar íbúafjölgunar. Áhrif á samgöngur eru vegna lagningar vega að stökum íbúðarhúsum en þar sem gert er ráð fyrir að slík hús séu í sem bestum tengslum við núverandi bæjartorfur eru áhrifin metin **jákvæð**. Áhrif á heilsu og minjar eru metin **óveruleg**.

Núll kostur – gildandi skipulag

Heimilt er, í gildandi skipulagi að byggja allt að þrjú frístundahús og þrjú íbúðarhús á landbúnaðarlandi bújarða 50 ha og stærri, án þess að skilgreina það sérstaklega í aðalskipulagi. Reynsla af umræddu ákvæði er ekki góð m.a. vegna þess að ekki liggur alltaf fyrir hvaða afmörkun bújarða skal miða við, hvort nýjar bújarðir séu bundnar kvóta eldri jarðar eða ávinni sér „kvóta“ með því að verða lögbýli. Auk þess eru engar kvaðir um hvar innan bújarða verði byggt. Áhrif á náttúru geta því í einhverjum tilfellum verið nokkur eða jafnvel mikil. Áhrifin eru því metin **óviss/neikvæð**. Áhrif á landslag og ásýnd eru háð staðsetningu hverju sinni t.a.m. hvort landið er mishæðótt. Því eru áhrifin metin **óviss**. Áhrif stefnunnar á samfélag eru metin **jákvæð**, einkum vegna mögulegrar íbúafjölgunar. Áhrif á samgöngur

vegna lagningar vega að nýjum íbúðarhúsum geta verið nokkur eða mikil því hugsanlegt er að leggja þurfi vegi langar leiðir. Áhrifin eru því metin **óviss**. Áhrif á heilsu og minjar eru metin **óveruleg**.

Niðurstaða

Stök íbúðar- og frístundahús						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Stök íbúðar- og frístundahús	+	?	+	-	+/0	0
Núll kostur – óbreytt staða	?/-	?	+	?	0	0

4.4.1.3 NIÐURSTAÐA FYRIR BYGGÐ Í DREIFBÝLI

Stefna um íbúðarbyggð hefur á heildina litið jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfispætti, byggðin þéttist og líkur eru á að íbúum fjölgi. Fjölbreytt framboð íbúðarsvæða eykur möguleika á að einstaklingar finni sér búsetu þar sem þeim líkar hvað best og eykur þar með vellíðan. Þéttari byggð, í tengslum við núverandi þjónustukerfi stuðlar að bættri nýtingu núverandi kerfa vega og veitna samhliða því að fjölga notendum til að standa undir rekstri þeirra.

Tekið er jákvætt í byggingu stakra íbúðarhúsa í dreifbýli svo fremi sem þau séu í góðum tengslum við núverandi vegi og veitur. Ætla má að þeir sem setjast að í dreifbýli, án tengsla við staðbundna atvinnu sækji í þá vellíðan sem þeir upplifa á slíkum svæðum. Gera má ráð fyrir að stór hluti kostnaðar, sem fylgir nýjum vegtengingum verði greiddur af viðkomandi landeigendum og því sé takmarkaður viðbótarkostnaður á samfélagið. Ný byggð þarf ekki að hafa áhrif á minjar eða verndarsvæði.

Það hefur verið vandkvæðum bundið að meta hvað telst vera jörð og hvenær þriggja húsa kvóti á jörð var fullnýttur. Því gerir núverandi stefna ráð fyrir að nýjar byggingar skuli liggja vel við samgöngum og öðrum veitukerfum og forðast að setja þær niður í verndarsvæðum eða kljúfa ræktað land eða annað hallalítið land sem ætla má að henti vel til jarðræktar.

4.4.2 Frístundabyggð

Frístundasvæði eru á þó nokkrum stöðum en flest þó ofarlega í byggðinni eða við hálendisjaðarinn. Frístundasvæði eru lítt breytt innan sveitarfélags. Gert er ráð fyrir nýju frístundasvæði í landi Unhóls og fellt er út svæði við Foss. Þá er frístundasvæði á Gaddstöðum breytt í íbúðarsvæði (sjá kafla 4.4.1.1).

Umhverfismat fyrir frístundabyggð

Í matinu er lögð áhersla á samburð gildandi skipulags við eftirfarandi þætti:

- Nýtt frístundasvæði í landi Unhóls í Þykkvabæ. Þó talsvert framboð sé af frístundasvæðum er iðulega eftirspurn eftir nýjum svæðum. Í einhverjum tilfellum vilja landeigendur skipuleggja svæði fyrir ættingja o.fl. aðila sem eiga tengingar inn á svæðið.
- Fellt er út frístundasvæði í landi Foss. Svæðið er óbyggt, liggur ofan byggðar og er á fyrirhuguðu vatnsverndarsvæði í flokki II.

4.4.2.1 FRÍSTUNDABYGGÐ Í UNHÓL

Metin eru áhrif af nýju frístundasvæði í landi Unhóls.

Uppbygging nýs frístundasvæðis

Svæðið í Unhól er vel gróðið og heppilegt sem beitiland og líklega einnig til ræktunar, þó stutt sé í sand. Svæðið í heild er öflugt jarðræktarsvæði, aðallega með kartöflur. Stefnan hefur því **neikvæð** áhrif á landbúnaðarland en **jákvæð** áhrif á gróður því uppbyggingu á frístundasvæðum fylgir í flestum tilfellum trjágróður til myndunar skjóls. Landið er flatt og eru áhrif af uppbyggingu metin **neikvæð** á landslag og ásýnd. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** því stefnan styrkir tekjustofna sveitarfélagsins og er líkleg til að efla atvinnulíf því frístundabyggð kallar á aukna þjónustu á svæðinu. Áhrif á samgöngur eru metin **engin/lítill** og sömuleiðis áhrif á heilsu og minjar. Svæðið er á skilgreindu hættusvæði vegna

hamfaraflóða frá Eyjafjalla- og Mýrdalsjöklum, en það sama gildir um allstóran hluta byggðar í sveitarfélaginu.

Núll kostur – gildandi skipulag

Í gildandi skipulagi er umrætt svæði skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Þar sem landið er vel gróið hefur það **jákvæð** áhrif að halda því áfram í landbúnaðarnotum og stuðla þannig að vernd góðs landbúnaðarlands. Það hefur sömuleiðis **jákvæð** áhrif á landslag og ásýnd að halda landnýtingu óbreyttri. Óbreytt landnotkun hefur **engin** áhrif á samgöngur, heilsu eða minjar.

Niðurstaða

Frístundasvæði í Unhól							
	Náttúra		Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Nýtt frístundasvæði	+	-	-	+	0	0	0
Núll kostur – óbreytt staða	+		+	+	0	0	0

4.4.2.2 FRÍSTUNDASVÆÐI Á FOSSI

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir frístundasvæði á Fossi ofarlega á Rangárvöllum. Svæðið er óbyggt, í eigu sveitarfélagsins og ekki fyrirhugað að það verði nýtt sem frístundasvæði. Auk þess er svæðið á grannsvæði vatnsbóls fyrir Rangárþing eystra. Það er því talið hafa **jákvæð** áhrif, með tilliti til mengunarhættu, að fella það út. Einnig fellur það undir markmið aðalskipulagsins að tryggja vatnsgæði til framtíðar. Eftir sem áður eru þó nokkuð framboð á frístundasvæðum í sveitarfélaginu og áhrif á samfélag því **engin/lítill**.

4.4.2.3 NIÐURSTAÐA FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Nýtt frístundasvæði við Unhól er á ágætu landbúnaðarlandi. Landeigandi hefur hug á uppbyggingu á svæðinu á allt að 25 frístundalóðum. Sveitarstjórn lítur til þess að fáir möguleikar eru á þessu svæði fyrir frístundahús og vill því heimila uppbyggingu í Unhóli.

Þá vill sveitarstjórn fella út frístundasvæðið á Fossi, engin eftirspurn er eftir uppbyggingu þar. Auk þess er svæðið innan grannsvæðis vatnsbóls í Rangárþingi eystra.

4.4.3 Landbúnaðarsvæði

Í Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 er kveðið á um að við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélaga fari fram flokkun landbúnaðarlands og hún verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Ekki er farið út í greiningu á landbúnaðarlandi að svo komnu, þar sem aðferðafræði við greiningu liggur ekki fyrir. Stefnt er að kortlagningu landbúnaðarlands þegar aðferðafræðin liggur fyrir. Þó er í stefnumörkun gert ráð fyrir að forðast að leggja ræktað land eða annað halllítið land sem ætla má að sé gott til jarðræktar, verði ekki tekið undir landnotkun sem takmarki jarðræktarmöguleika þess til lengri tíma.

Áfram verður gert ráð fyrir að hægt verði að byggja upp á landbúnaðarlandi fjölbreytta starfsemi sem ekki tengist beint þeim búrekstri sem rekinn er en þó dregið heldur úr byggingamagni. Í gildandi skipulagi var miðað við 1.500 m² en sú tala er lækkuð í 1.000 m². Þetta ákvæði gildir fyrir atvinnu-starfsemi eins og smiðju, verkstæði, gistiheimili, gestahús, verslun og/eða veitingarekstur. Eðlilegt er að þegar ábúendur fara í rekstur, sem stór hluti tekna þeirra byggist á, þá sé það svæði skilgreint til viðeigandi nota í skipulagi.

Á landbúnaðarlandi er heimilt að byggja stök íbúðarhús án tengsla við búrekstur. Áhrif slíkrar uppbyggingar eru metin í kafla 4.4.1.2.

Engar umtalsverðar breytingar eru gerðar á stefnumörkun um landbúnaðarland utan þess sem snýr að heimildum fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa.

4.4.4 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Á skipulagsuppdrætti eru afmörkuð skógræktar- og landgræðslusvæði sem hafa nokkuð skýra samningsbundna afmörkun og/eða stefnt er að uppgræðsluáðgerðum til lengri tíma. Svæðin voru á gildandi skipulagi ýmist skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota eða óbyggð svæði. Litlar breytingar eru gerðar á stefnumörkun varðandi skógrækt og landgræðslu.

Líta ber á að allt land innan sveitarfélags sem möguleg landgræðslusvæði, svæði til gróðurverndar, landbóta og/eða skjólmyndunar. Unnið er að endurheimt landgæða á fjölmörgum minni svæðum, s.s. vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt, ýmissa landbótaáætlaða og innan verkefnisins Bændur græða landið. Þá er unnið að stórum uppgræðsluverkefnum s.s. Hekluskógum. Þó þessi verkefni séu unnin skv. samningum þá er iðulega unnið á litlum svæðum árlega og jafnvel ekki á sama svæði frá ári til árs. Unnið er á rýrum svæðum og gróðurlitlum þar sem gróður er styrktur og eftir atvikum plantað í svæðin. Svæðin eru oft friðuð tímabundið eða beitarstýring viðhöfð. Litið er á að uppgræðsla, þ.m.t. skjólbelta- og skógrækt, sé heimil þar sem hennar er þörf en ekki verði farið í mikla samfellda uppgræðslu / skógrækt nema landnotkun sé breytt. Þá ber að hafa í huga að minjum, hvort heldur sem er þjóðminjum eða náttúruminum verði ekki spillt með uppgræðslu eða skógrækt og einnig skal huga að því að spilla ekki góðum útsýnistöðum með skógrækt.

Þá má nefna að áhugaskógrækt, skjólbeltarækt og önnur skjólræktun er stunduð mjög víða á landbúnaðarlandi og reyndar einnig á frístunda- og íbúðarsvæðum, án þess að gerð sé grein fyrir þeirri landnotkun sérstaklega.

Stefnan er talin hafa **jákvæð** áhrif á náttúru þar sem landi sem hentar vel til landbúnaðar verður hlíft við skógrækt en leyfð í jaðri svæða sem getur aukið uppskeru vegna skjóls. Þá er jákvætt að græða upp gróðurlítið eða gróðursnautt land. Gróður, sérstaklega skógur, er öflug vörn gegn foki sand- og gjóskuefna, sérstaklega á virkum eldfjallasvæðum, s.s. í nágrenni Heklu. Þá dregur gróður úr skafrenningi á veturna. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin **neikvæð** eða **óveruleg**. Skógrækt og landgræðsla hafa mikil áhrif á landslag og ásýnd en stærð og staðsetning svæða skiptir mestu máli þegar meta á hversu umfangsmikil áhrifin eru. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem skógrækt og landgræðsla geta bætt lífsgæði íbúa vegna skjóls auk þess sem möguleikum til útivistar gæti fjölgað og dregið úr uppblæstri og foki yfir byggð. Þá hefur landgræðsla og skógrækt veruleg jákvæð áhrif á heilsu og öryggi sem og samfélag í gegn um alþjóðasamninga, með bindingu kolefnis, bæði í trjám og sérstaklega í jarðvegi þar sem kolefni binst til lengri tíma. Áhrif á samgöngur eru metin **jákvæð/óviss** en huga verður að því að skógrækt og skjólbeltarækt sé ekki nálægt vegum vegna áhrifa á vegsýn fram á veginn og vegna snjósöfnunar. Jákvæð áhrif á samgöngur verða ef dregur úr uppblæstri og foki sem getur lokað vegum tímabundið. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en skógrækt og landgræðsla stuðla að bættum loftgæðum og dregur úr hættu vegna veðurs s.s. hvössum vindhviðum.

4.4.5 Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er almennt á afþreyingar- og ferðamannasvæði eða verslunar- og þjónustusvæði. Þetta er þjónusta við ferðamenn en þjónar einnig íbúum svæðisins. Þessi landnotkun tekur m.a. yfir gagnamannaskála, fjárréttir, útivistarsvæði, tjaldsvæði, verslun, veitinga- og gistipjónustu.

Í Rammaskipulag Suðurrhálendis er lögð áhersla á verndun hálendissvæða sveitarfélaganna, m.a. með því að greiða fyrir samgöngum um svæðið og tryggja rekstrargrundvöll þjónustustaða til að hægt sé að vanda alla uppbyggingu og viðhald¹⁷.


Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að ferðapjónusta verði eflað en um leið verði varðveitt þau gæði sem eru undirstaða hennar. Uppbygging ferðamannaástöðu á miðhálendinu stuðli að góðri aðstöðu ferðamanna, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Samhliða vinnu við endurskoðun aðalskipulags er unnin skýrsla um ferðamál fyrir sveitarfélagið¹⁸. Í henni kemur fram að umferð um hálendið er mikil eftir að svæðið opnar, venjulega í júnímánuði. Umferð um þjóðveg 1 í gegnum sveitarfélagið hefur á síðustu 10 árum

¹⁷ (Steinsholt sf., 2014).

¹⁸ (Steinsholt ehf, 2017).

aukist úr 2.050 bílum á dag (m.v. meðalumferð á dag allt árið) í 3.350 bíla eða um 65%. Á sama tíma hefur sumardagsumferð (meðalumferð á dag yfir sumarið) á Fjallabaksleið nyrðri aukist um 135%, var um 241 bíll á dag árið 2016 samanborið við 103 bíla á dag árið 2006. Reyndar hefur umferð, sbr. upplýsingar Vegagerðarinnar, aukist langmest á Fjallabaksleið nyrðri og Dómadalsleið, mun minni fjölgun er á öðrum vegum. Í skýrslunni er einnig greint frá niðurstöðum ýmissa rannsókna sem gerðar hafa verið í tengslum við ferðamennsku og upplifun ferðamanna.

Þá er gerð landslagsgreining þar sem lagt er mat á landslag og náttúru til að meta gildi lands út frá mismunandi þáttum. Þar kemur fram að svæði á hálendinu skora mjög hátt hvað varðar náttúruferðir. Sérstaklega svæðið umhverfis Heklu, Torfajökul og Veihvörn, en í heild flokkast hálendissvæðin hátt (Mynd 19). Mikilvægt er að beina uppbyggingu að þeim svæðum sem skora lægra varðandi gildi náttúruferðir.



Mynd 19. Landslagsgreining. Mikilvægt er að vernda dökkgrænu svæðin út frá gildi náttúruferðir á þeim.

Samkvæmt Vegvísi í ferðapjónustu eru áningarstaðir ferðamanna merktir á skipulagsuppráttum og umfjöllun um þá er í greinargerð. Þar er einnig kveðið á um að unnið verði markvisst að náttúruvernd og uppbyggingu aðstöðu innan þjóðlendna með sjálfbærni staða í huga auk þess sem aðstaðan falli vel að landslagi og gott viðhald sé á svæðum í almannaeigu¹⁹.

Litlar greiningar hafa verið gerðar varðandi breytingu atvinnulífs eða áhrif ferðapjónustu á atvinnulíf innan einstakra svæða, s.s. sýslu- eða sveitarfélaga. Fyrir hverja 111 ferðamenn er áætlað að verði til eitt nýtt starf²⁰. Ætla má að stór hluti þeirra starfa sé innan höfuðborgarsvæðis þó hluti þeirra sé unnin úti á landi, en mörg fyrirtæki gera út frá Reykjavík og mjög misjafnt hve mikil þjónusta er keypt út um land. Talsverð uppbygging hefur þó verið innan sveitarfélagsins á sviði ferðapjónustu.

¹⁹ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið & Samtök ferðapjónustunnar, 2015).

²⁰ (Greiningardeild Arion banka, 2016).

Umhverfismat fyrir uppbyggingu á hálendi



Í matinu er lögð áhersla á samanburð gildandi skipulags við eftirfarandi þætti:

- Uppbygging norðan Heklu - Fjallasel í Skjólkvíum og fjallasel við Rauðuskál fellt út. Áfangagil verði skálasvæði og stefnt að frekari uppbyggingu þar.
- Uppbygging sunnan Torfajökuls. Ný fjallasel við Laufafell og í Grashaga.
- Landmannalaugar – mannvirki færð norður fyrir Námshraun.

4.4.5.1 UPPBYGGING NORÐAN HEKLU

Við Rauðuskál og Skjólkvíar er í gildandi skipulagi sitt hvort fjallaselið með um 2 km millibili, auk þess sem gert er ráð fyrir fjallaseli í Áfangagili. Hugmynd er um að hætta við uppbyggingu í Rauðuskál en gera ráð fyrir uppbyggingu í Áfangagili og Skjólkvíum. Í Áfangagili eru skilaréttir Landmanna auk gisti- og ferðapjónustu, aðallega fyrir göngu- og hestafólk. Gert er ráð fyrir að auka þjónustu allverulega, enda liggur staðurinn ágætlega við göngu- og reiðleiðum, fremur skammt frá Landvegi og aðgengi getur verið auðvelt stóran hluta ársins. Skjólkvíar og Rauðaskál hafa mikið náttúruferarsgildi skv. landslagsgreiningu (Mynd 19) enda liggja svæðin nálægt Heklu. Staðsetning fjallasels í Skjólkvíum hentar vel sem upphafsstaður vegna göngu á Heklu en veltenging að Skjólkvíum er auðveld og hægt að hafa þangað veg sem gæti verið opin stóran hluta ársins meðan Rauðaskál liggur mun hærra. Þá þarf að huga að fjarlægð milli staða til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að tveir staðir með 2 km millibili geti borið sig. Gert verður ráð fyrir öflugri upplýsingaþjónustu í Skjólkvíum og veitingarekstri, auk þess sem hægt væri að halda úti ferðum á Heklu. 0-kostur, gerir ráð fyrir óbreyttri stöðu sem er vart ásættanleg út frá öryggisjónarmiðum, þar sem engin stýring er varðandi ferðamennsku á Heklu og ekki neinar upplýsingar um hvort og þá hve margir eru á fjallinu hverju sinni.

Engar byggingar eru í Rauðuskál eða Skjólkvíum en tvö hús eru í Áfangagili. Allir staðirnir eru innan svæðis á náttúruminjasrá N730 og hverfisverndarsvæðis.



Mynd 20. Gildandi skipulag t.v. og tillaga að endurskoðuðu skipulagi t.h.

Uppbygging á tveimur svæðum norðan Heklu

Áhrif af frekari uppbyggingu í Skjólkvíum og Áfangagili á náttúru, gróður og dýralíf eru metin **óveruleg/neikvæð** en svæðið er lítt gróið hrauna- og vikursvæði, þó eru nokkrar gróðurtorfur umhverfis Áfangagil. Skjólkvíar eru á svæði þar sem náttúruferarsgildi er metið hátt. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin **óveruleg** þar sem auðvelt er að fella mannvirki að mishæðum í landi og vanda til verka við frágang umhverfis þau. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** því stefnan stuðlar að atvinnuuppbyggingu og betri þjónustu við íbúa og gesti. Einnig stuðlar stefnan að því að svæði sem eru ætluð fyrir ferðamenn séu í stakk búin til að taka við þeim fjölda sem þangað vill sækja. Stefnan er líkleg til að

styðja við og fjölga gönguleiðum á svæðinu og eru áhrif á samgöngur því metin **jákvæð**. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en með uppbyggingu eykst viðvera á svæðinu og getur þannig leitt til öflugri fræðslu t.d. til þeirra sem ganga á Heklu og þannig bætti öryggi þeirra. Nýjar byggingar kunna að skerða víðerni og uppbygging er líkleg til að fjölga gestum á svæðinu. Áhrif á verndarsvæði eru því metin **óviss**.

Núll kostur - uppbygging á þremur svæðum norðan Heklu

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu fjallaselja á þremur stöðum, þar af eru tvö þeirra á svæðum sem hafa hátt náttúrufarsgildi. Áhrif á náttúru eru metin **neikvæð**. Áhrif á landslag eru metin **óveruleg** þar sem hægt er að fella mannvirki að mishæðum í landi og vanda til verka við frágang umhverfis þau. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð/óviss** því sett er spurningamerki við rekstrargrundvöll þriggja staða með stuttu millibili og einungis tveggja km milli Skjólkvía og Rauðuskálar. Stefnan er líkleg til að styðja við og fjölga gönguleiðum á svæðinu og eru áhrif á samgöngur því metin **jákvæð**. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en með uppbyggingu eykst viðvera á svæðinu og getur þannig leitt til öflugri fræðslu t.d. til þeirra sem ganga á Heklu og þannig bætti öryggi þeirra. Nýjar byggingar kunna að skerða víðerni og uppbygging er líkleg til að fjölga gestum á svæðinu. Áhrif á verndarsvæði eru því metin **óviss**.


Niðurstaða

Uppbygging norðan Heklu							
	Náttúra		Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Uppbygging á tveimur svæðum	0	-	0	+	+	+	?
Núll kostur – uppbygging á þremur svæðum	-		0	+ ?	+	-	?

4.4.5.2 UPPBYGGING SUNNAN TORFAJÖKULS

Í Rammaskipulagi Suðurrhálendis er gert ráð fyrir fjallaseli vestan Markarfljóts, sunnan Laufafells²¹. Staðsetning er ákjósanleg út frá þjónustu við göngu- og hestahópa auk annarra ferðahópa, einnig er þar talin vera jarðhiti sem hugsanlega mætti nýta. Gert er ráð fyrir greiðum samgöngum úr byggð að fjallaseli við Laufafell enda ekki yfir nein vatnsföll að fara. Þá er aukið öryggi, sérstaklega utan sumartíma að hafa aðstöðu vestan Markarfljóts, sem oft er mjög erfiður faratálmi. Möguleiki er á gerð göngubrúar yfir Markarfljót, skammt neðan ármóta Ljósár.

Í Grashaga er hugmynd um byggingu fjallasels. Þar er náttúruleg og er áhugi á að byggja upp þjónustu fyrir göngu- og hestafólk til baða, snyrtingar, dagdvalar og möguleika á gistingu. Gert er ráð fyrir vegslóða að fjallaseli í Gras-




Mynd 21. Gildandi aðalskipulag fyrir Laufafell, Grashaga og nágrenni.

²¹ (Steinsholt sf., 2014).

haga.

Miklar náttúruperlur eru í góðu göngufæri frá Grashaga og skála við Laufafell og má þar nefna Ljósá, Ljósárgil og Ljósárfoss, Laufafellsvatn, Hvannstóð og Nafnlausá foss, auk fjalla eins og Laufafells og Sátu. Báðir staðirnir eru á svæði sem hafa mikla fjölbreytni í náttúrufari (Mynd 19).



Mynd 22. Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Laufafell, Grashaga og nágrenni.

Fjallasel sunnan Laufafells

Fyrirhuguð uppbygging er á svæði sem hefur mikla fjölbreytni í náttúrufari og er bæði á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar. Áhrif af uppbyggingu fjallasels sunnan Laufafells eru metin sem **óviss/neikvæð** á náttúru. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin **óveruleg** þar sem auðvelt ætti að vera að fella mannvirki að mishæðum í landi og draga úr sýnileika þeirra. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** því stefnan stuðlar að atvinnuuppbyggingu og betri þjónustu við íbúa og gesti. Stefnan er líkleg til að styðja við og fjölga gönguleiðum á svæðinu og eru áhrif á samgöngur metin **jákvæð**. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en með uppbyggingu eykst viðvera á svæðinu og getur þannig leitt til öflugri fræðslu og eftirlits við ferðamenn og þannig bætt öryggi þeirra. Nýjar byggingar kunna að skerða víðerni og uppbygging er líkleg til að fjölga gestum á svæðinu. Áhrif á verndarsvæði eru metin **óviss**.

Fjallasel í Grashaga

Fyrirhuguð uppbygging er á svæði sem hefur mikla fjölbreytni í náttúrufari og er bæði á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar. Áhrif af uppbyggingu fjallasels í Grashaga eru metin **neikvæð** á náttúru. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin **óveruleg** þar sem auðvelt ætti að vera að fella mannvirki að mishæðum í landi og draga úr sýnileika þeirra en þó er vandasamt að tengja veg að selinu. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð og neikvæð**. Stefnan stuðlar að atvinnuuppbyggingu og betri þjónustu við íbúa og gesti og er það jákvætt. Stefnan er líkleg til að styðja við og fjölga gönguleiðum á svæðinu og eru áhrif á samgöngur því metin **jákvæð**. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en með uppbyggingu eykst viðvera á svæðinu og getur þannig leitt til öflugri fræðslu og eftirlits við ferðamenn og þannig bætti öryggi þeirra. Nýjar byggingar kunna að skerða víðerni og uppbygging er líkleg til að fjölga gestum á svæðinu. Áhrif á verndarsvæði eru metin **óviss**.

Núll kostur – ekkert nýtt fjallasel

Í gildandi skipulagi er ekki gert ráð fyrir fjallaseljum sunnan Laufafells né í Grashaga.

Áhrif af gildandi skipulagi eru metin **jákvæð** á náttúru því áfram er stuðlað að vernd lands sem er á náttúruminjaskrá, nýtur hverfisverndar og hefur mikla fjölbreytni í náttúrufari. Áhrif á landslag eru

metin **jákvæð** þar sem ekki er um neina mannvirkjagerð að ræða. Áhrif á samfélag eru metin **óveruleg** því eftir sem áður er nokkur fjöldi skála í nágrenninu þar sem ferðamenn sækja sér þjónustu. Stefnan er metin hafa **óveruleg** áhrif á samgöngur því ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á þeim. Þá eru áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi metin **óveruleg/neikvæð** því ekki er stuðlað að fræðslu og eftirlits við ferðamenn. Áhrif á verndarsvæði eru metin **jákvæð** því ekki verður um mannvirkjagerð að ræða og því ekki skerðingu á víðernum.


Niðurstaða

Uppbygging sunnan Torfajökuls								
	Náttúra		Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar	
Fjallasel sunnan Laufafells	0	-	0	+	+	+	?	
Fjallasel í Grashaga	-		0	+	-	+	?	
Núll kostur – ekkert nýtt fjallasel	+		+	0	0	0	-	+

4.4.5.3 LANDMANNALAUGAR

Í Rammaskipulagi fyrir Suðurnámshálandið²² er gert ráð fyrir að flytja starfsemi úr Landmannalaugum og byggja upp þjónustusvæði norðan Námshrauns. Þar verður inngangurinn á Laugasvæðið með upplýsinga- og þjónustumiðstöð. Þessi aðstaða nýtist einnig fyrir aðra umferð um Fjallabaksleið nyrðri. Með þessari útfærslu verður stærstur hluti núverandi þjónustu færður frá Laugasvæðinu og þar verður einungis dagdvalar- og baðaðstaða. Gert er ráð fyrir að bílaumferð inn í Laugar verði takmörkuð og þannig skapaður meiri friður á því svæði.

Í rammaskipulaginu voru bornir saman fjórir mismunandi valkostir. Hér eru einungis bornir saman núllkostur sem er gildandi skipulag og sá valkostur sem var niðurstaðan í rammaskipulaginu. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir Landmannalaugasvæðið.



Mynd 23. Gildandi aðalskipulag fyrir Landmannalaugar t.v. Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi t.h.

Starfsemi færð norður fyrir Námshraun

Gert er ráð fyrir að nýtt svæði verði byggt upp á lítt grónum jökulaurum norðan Námshrauns og því verði áhrif á náttúru þar fremur lítil. Núverandi mannvirki í Laugum verða flest fjarlægð og ætla má að hægt verði að endurheimta gróður og náttúrufar á því svæði og færa það í sem náttúrulegast horf á ný. Áhrif á náttúru eru metin **lítill/jákvæð**. Núverandi mannvirki eru sýnileg úr nokkurri fjarlægð og þar að auki er ekki samræmi í útliti, efnisvali og lit á mannvirkjum. Mannvirki norðan Námshrauns verða sýnileg frá Fjallabaksleið nyrðri en hægt er að fela þau að einhverju leyti undir hraunkanti til að draga úr sjónrænum áhrifum. Þá er gert ráð fyrir að mannvirki verði samræmd í útliti. Ekki er gert ráð fyrir áhrifum af mannvirkjum umfram það sem er í dag. Áhrif nýrra mannvirkja á landslag og ásýnd eru metin **óveruleg**. Gera má ráð fyrir að á nýjum stað verði byggð upp öflugri þjónusta en er í dag og

²² (Steinsholt sf., 2014).

einnig verði aðstaða fyrir dagdvalargesti bætt. Stefnan er líkleg til að efla atvinnulíf og bæta þjónustu við íbúa og gesti. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð**. Áhrif á samgöngur eru **óverulegar**, ekki er gert ráð fyrir breytingu á þeim. Vonast er til að með bættri aðstöðu og þjónustu þá hafi það jákvæð áhrif á líðan og upplifun gesta á staðnum. Þá er gert ráð fyrir betri upplýsingagjöf til gesta sem og betra eftirliti á svæðinu. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð**. Svæðið er innan Friðlands að Fjallabaki, undir hverfisvernd og hefur mjög mikla fjölbreytni í náttúrufari. Stefnan er metin hafa **jákvæð** áhrif á verndarsvæði því verið er að færa mannvirki frá viðkvæmasta hluta Landmannalauga og á svæði sem er ekki eins viðkvæmt.

Núll kostur – starfsemi verður áfram á núverandi stað

Mikill átroðningur gesta er í Landmannalaugum og er svæðið undir sérstöku eftirliti Umhverfisstofnunar vegna þess. Áhrif á náttúru eru metin **neikvæð**. Óbreytt starfsemi á núverandi stað er metin hafa **neikvæð** áhrif á landslag og ásýnd því mannvirki eru ekki samræmd í útliti, efnisvali og lit. Þá er aðstaða fyrir ferðamenn, sérstaklega dagsgesti, ófullnægjandi og aðstaða fyrir þjónustu- og eftirlitsaðila lítil. Áhrif á samfélag eru metin fremur **neikvæð**. Áhrif á samgöngur eru **óverulegar**. Einhver upplýsingagjöf og eftirlit við ferðamenn er til staðar. Baðaðstaða er óviðunandi og líkur á mengun á baðstaðnum. Áhrif á heilsu eru metin **jákvæð og neikvæð**. Álag á umhverfið er mikið vegna fjölda ferðamanna og lélegrar aðstöðu. Áhrif á verndarsvæði eru metin **neikvæð** þar sem mannvirki eru í viðkvæmasta hluta Landmannalauga.

Niðurstaða

Landmannalaugar								
	Náttúra		Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi		Minjar
Starfsemi færð norður fyrir Námshraun	0	+	0	+	0	+		+
Núll kostur – starfsemi á núverandi stað	-		-	-	0	+	-	-

4.4.5.4 NIÐURSTAÐA FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU Á HÁLENDI

Það er mat sveitarstjórnar að ekki sé þörf fyrir þjónustuvæði bæði við Skjólkvíar og Rauðuskál, þar sem stutt er milli svæðanna og einnig stutt í Áfangagil. Aðkoma að Skjólkvíum er mun auðveldari, staðurinn stendur lægra og einfaldara er að gera þangað heilsársveg. Það er talið jákvætt að fella út fjallasel við Rauðuskál og byggja frekar upp í Skjólkvíum og Áfangagili. Æskilegt að styrkja Áfangagil sem þjónustustað, þar er fjárrétt, liggur allvel við Landvegi og heppilegur upphafsstaður fyrir göngu- og reiðleiðir inn á hálendið.

Hvað varðar uppbyggingu sunnan Laufafells og í Grashaga þá þarf að hafa í huga að rekstrareiningar þurfa að geta staðið undir sér fjárhagslega, sérstaklega þar sem gera skal ráð fyrir stöðugri viðveru umsjónar og/eða eftirlitsaðila. Mikilvægt er að huga að því að dagleiðir bæði gangandi fólks og hestamanna séu hæfilega langar og m.v. staðsetningu þessara tveggja skála, að teknu tilliti til nærliggjandi skála, er vandséð að svo geti orðið, en með útfærslu nýrra göngu- og reiðleiða geta þessir skálar orðið hlekkir í þeim leiðum. Út frá öryggisástæðum, útivistarmöguleikum og rekstrarforsendum vill sveitarstjórn heimila uppbyggingu bæði í Grashaga og við Laufafell.

Sveitarstjórn vill að starfsemi í Landmannalaugum verði flutt út fyrir sjálft Laugasvæðið og norður fyrir Námshraun. Einungis verði dagdvalaraðstaða á núverandi stað. Með þessari breytingu er vonast til að draga muni úr ágangi á viðkvæmasta hluta Landmannalauga.

4.4.5.5 LÁGLENDI

Þjónustumiðstöðvar, hótél og stærri veitingastaðir eru staðsettir í byggð, þó með þeirri undantekningu að Hálendismiðstöðin Hrauneyjar er á hálendinu. Áhersla er á að áfram verði byggð upp ferðaþjónusta í dreifbýli sveitarfélagsins, bæði til að bæta þjónustu við ferðamenn, efla atvinnutækifæri og auka

tekjumöguleika íbúa. Áfram er gert ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi og nauðsynlegt er að uppbygging ferðapjónustu, þar með talið gististaða og hótela taki mið af þeirri fjölgun.

Við Hafrafell er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði og uppbyggingu á sviði ferðapjónustu, s.s. veitingasölu, gistingu og upplýsingagjöf.

4.4.5.6 ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VIÐ HAFRAFELL

Í samræmi við Rammaskipulag Suðrhálendisins er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar sem standa mun við Fjallabaksleið syðri, sunnan við Hafrafell. Miðstöðin verður staðsett utan þjóðlendu og er aðallega ætluð til upplýsinga, aðstaða fyrir ferðapjónustuaðila, eftirlitsaðila, veitingasala og gistingu. Gert verður ráð fyrir heilsársvegi að miðstöðinni og að þar verði rekin þjónusta allt árið. Hvað varðar vetrarferðir þá liggur snjólínan oft við Hafrafell og er staðsetningin hentug m.t.t. þess. Mikil umferð er á Fjallabakssvæðið yfir vetratímamann m.a. með snjósleða og breytt farartæki. Þjónustumiðstöð við Hafrafell hentar einnig vel fyrir göngu- og hestafólk og sumarumferð. Tiltölulega stutt göngu- eða reiðleið er frá Fossi að Hafrafelli og frá Hafrafelli eru hæfilega langar dagleiðir í Hungurfit eða Tindfjöll (13-15 km í loftlínu) sem eru næstu gistiskálar. Gert verður ráð fyrir upplýsingamiðstöð á svæðinu og almennri þjónustu við ferðafólk, m.a. gistingu í tjöldum og í húsum.

Ný þjónustumiðstöð við Hafrafell

Gert er ráð fyrir að þjónustumiðstöðin verði byggð upp á lítt grónum melum og því verði áhrif á náttúru **óveruleg**. Til að draga úr sýnileika mannvirkja og og áhrifum á landslag er hægt að staðsetja mannvirki þannig að þau verði lítt sýnileg. Áhrif mannvirkja á landslag og ásýnd eru metin **óveruleg**. Gera má ráð fyrir að á nýjum stað verði byggð upp öflug þjónusta og upplýsingagjöf. Stefnan er líkleg til að efla atvinnulíf og bæta þjónustu við íbúa og gesti. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð**. Með gerð heilsársvegar að miðstöðinni batna samgöngur verulega og hálendið verður aðgengilegra. Betri vegir koma í veg fyrir utanvegaakstur. Áhrif á samgöngur eru metin **jákvæð**. Gert er ráð fyrir betri upplýsingagjöf til gesta sem og betra eftirliti á svæðinu. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð**. Svæðið er innan fjarsvæðis vatnsbólís en með réttum frágangi á fráveitu á að vera hægt að koma í veg fyrir mengun. Áhrif á verndarsvæði eru metin **óveruleg**.

Núll kostur – engin þjónustumiðstöð

Ef ekki verður af uppbyggingu hefur það **óveruleg** áhrif á náttúru, landslag og ásýnd. Ef ekki verður af uppbyggingu hefur það **neikvæð** áhrif á samfélag því ekki verða til ný atvinnutækifæri og þjónusta við ferðamenn batnar ekki. Samgöngur að Fjallabakssvæðinu batna ekki og eru áhrif þess metin **neikvæð**. Ekkert eftirlit eða upplýsingagjöf til ferðamanna er á þessu svæði. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **neikvæð**. Engin uppbygging hefur **óveruleg** áhrif á verndarsvæði.

Niðurstaða

Hafrafell						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Þjónustumiðstöð við Hafrafell	0	0	+	+	+	0
Núll kostur – engin þjónustumiðstöð	0	0	-	-	-	0

4.4.5.7 NIÐURSTAÐA FYRIR FERÐAPJÓNUSTU Á LÁGLENDI

Þjónustusvæði við Hafrafell mun bæta öryggi á svæðinu og bæta aðgengi þar sem gert er ráð fyrir góðum vegi sem getur verið opin allt árið. Þrátt fyrir að mannvirki verði ávallt sýnileg þá liggur svæðið í jaðri hálendisins, neðan skilgreindrar hálendislínu og er í skjóli við Hafrafell. Bætt þjónusta styrkir almenna ferðapjónustu á svæðinu, sérstaklega með tilliti til vetrarferðamennsku. Ætla má að þjónustumiðstöð dragi úr utanvegaakstri þar sem hjóla- og sleðafólk muni í auknum mæli taka niður tæki sín þar.

Sveitarfélagið telur það hagkvæman kost að byggja upp þjónustumiðstöð við Hafrafell í jaðri hálendisins og við innganginn að Syðra-Fjallabaki. Þjónustumiðstöðin bætir þjónustu við ferðamenn, fjölgar atvinnutækifærum og þar verður hægt að veita ferðamönnum upplýsingar.

4.4.6 Stakar framkvæmdir

Óskum um byggingu stakra mannvirkja fjölgar og er gert ráð fyrir að heimila ýmis konar stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum. Þetta er t.d. í tengslum við kröfur um bætt fjarskipti, aukið öryggi, minni háttar atvinnurekstur og fjölbreyttari búsetumöguleika.

Stök mannvirki, þ.e. þau mannvirki sem eru í takmörkuðum eða engum tengslum við skilgreinda landnotkun, eiga ekki alls staðar við og því er mikilvægt að skoða hvert tilfelli fyrir sig. Nauðsynlegt er að slík uppbygging sé í samræmi við skipulag og að hagsmunaaðilar viti af fyrirhugaðri framkvæmd og geti komið með ábendingar eða athugasemdir. Því er gert ráð fyrir að stök mannvirki séu ávallt í samræmi við deiliskipulag eða a.m.k. grenndarkynningu og eftir atvikum háð framkvæmdaleyfi.

4.4.6.1 VIRKJANIR / FJARSKIPTAMÖSTUR / ÁNINGARSTAÐIR

Stefnubreyting er gerð varðandi stakar framkvæmdir þar sem heimilaðar verða eftirtaldar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum eða óbyggðum svæðum án þess að breyta aðalskipulagi:

- Stakar vindrafstöðvar á landbúnaðarlandi, óbyggðum svæðum og verndarsvæðum, allt að 20 m háar með uppsett afl allt að 2 MW.
- Sólarrafstöðvar til eigin nota.
- Fjarskiptamöstur, að hámarki 20 m.
- Vatnsaflsvirkjun, allt að 200 kW, ásamt lögnum, vegum, miðlunarlóni og aðstöðuhúsi, allt að 20 m².
- Örvirkjanir, allt að 100 kW.
- Hitaveita til raforkuframleiðslu, allt að 2.500 kW.
- Veitumannvirki allt að 20 m².
- Þjónustuhús og kynningarstaða við áningarstaði, allt að 30 m².

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur stefna um vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW og vindrafstöðvar allt að 2 MW undir matsskyldar framkvæmdir í flokki C.

Sveitarstjórn vill heimila byggingu vindrafstöðva að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og er þar sérstaklega horft til náganna sem ekki standa að uppsetningu eða rekstri stöðvarinnar. Í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins lét sveitarfélagið vinna stefnumótun fyrir nýtingu vindorku í Rangárþingi ytra. Í stefnumótuninni eru settir fram skilmálar sem nýtast sveitarfélagi og framkvæmdaaðilum við undirbúning vindorkuverkefna (*Birta Kristín Helgadóttir & Eva Dís Þórðardóttir, 2017*). Í aðalskipulagstillögunni er lagt til að almennt sé heimilt, þ.m.t. á landbúnaðarlandi, óbyggðum svæðum og verndarsvæðum að byggja eina allt að 20 m háa vindrafstöð. Lágmarksfjarlægð frá byggð er 300 m. Uppsett afl getur verið allt að 2 MW. Hærri vindrafstöðvar eða fleiri en ein skulu vera á iðnaðarsvæði. Í hverju tilfelli verður skoðað hvort og þá hvar vindrafstöðvar verða heimilaðar.

Lögð er áhersla á að stök mannvirki, þ.e. þau mannvirki sem eru í takmörkuðum eða engum tengslum við skilgreinda landnotkun, eiga ekki alls staðar við og því er mikilvægt að skoða hvert tilfelli fyrir sig. Nauðsynlegt er að slík uppbygging sé í samræmi við skipulag og að hagsmunaaðilar viti af fyrirhugaðri framkvæmd og geti komið með ábendingar eða athugasemdir. Því er gert ráð fyrir að stök mannvirki séu ávallt í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu og eftir atvikum háð framkvæmdaleyfi.

Fjarskiptamöstur verða stöðugt mikilvægari öryggis- og þjónustutæki og því er mikilvægt að hægt sé að koma þeim fyrir á þeim stöðum sem best henta til að þjóna þeim tilgangi sem þeim er ætlað. Þó þarf einnig að horfa til þess að lámarka sjónræn áhrif. Lögð er áhersla á að hægt sé að knýja þau sem mest með umhverfisvænum orkugjafa.

Æskilegt er að hægt sé að nýta umhverfisvæna orku til reksturs og því verði hægt að setja upp litlar vatnsaflsstöðvar, sólarcellur eða vindrafstöðvar enda sé um vistvæna orkunýtingu að ræða sem styrkir annan rekstur og uppbyggingu. Nokkur umræða varð í vinnuhópi um hæð á fjarskiptamöstrum og vindrafstöðvum og að þessi mannvirki séu ekki æskileg hvar sem er. Nauðsynlegt er að hafa í huga að

oft fylgja möstrum og virkjunum þjónustuhús sem geta verið allt að 20 m². Gert verður ráð fyrir að mannvirkjum verði hafnað þar sem áhrif þeirra eru metin neikvæð með tilliti til umhverfisáhrifa þeirra s.s. vegna mengunarhættu, jarðrasks, hljóðvistar og/eða ásýndar. Þar ræður miklu við ákvarðanatöku fjarlægð frá nágrönnum, ferðamannastöðum, þéttbýli o.fl. Þar sem slíkum breytingum er hafnað geta framkvæmdaaðilar óskað eftir að landnotkun verði breytt í iðnaðarsvæði og fer slík breyting í hefðbundið í aðalskipulagsferli, fallist sveitarstjórn á þær breytingar.

Þá er nauðsynlegt að hægt sé að leita vatns hvort heldur er til húshitunar, neyslu eða virkjunar. Ekki er talið nauðsynlegt að afmarka sérstaka landnotkun í aðalskipulagi meðan svæði er kannað með tilraunaborholum eða ef rekstur/notkun er lítill og ekki er um leyfisskylda starfsemi að ræða. Þó er ávallt nauðsynlegt að hagsmunaaðilar, s.s. eigendur aðliggjandi lands og eftir atvikum aðrir aðilar, séu upplýstir um fyrirhugaðar framkvæmdir t.d. með grenndarkynningu. Þá er ávallt krafa um framkvæmdaleyfi og tilkynningu til Orkustofnunar, sem er lögformlegur eftirlitsaðili.

Heimilt verður að koma upp áningarstöðum, hvort heldur sem er með tímabundinni aðstöðu eða varanlegri. Þetta getur t.d. verið bílaplön, bátabryggja, salernisaðstaða, upplýsingaskilti, aðstaða fyrir landvörð eða eftirlitsaðila. Horft er til að slík aðstaða muni helst rísa í tengslum við ferðamannastaði / leiðir. Byggingar geta verið allt að 20 m². Tryggt þarf að vera hver er ábyrgðaraðili að slíkri framkvæmd og viðhaldi mannvirkja, samhliða því að slík aðstaða verður kynnt nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum í deiliskipulagi eða með grenndarkynningu.

Heimild fyrir stökum mannvirkjum

Vindrafstöðvar, litlar virkjanir og sólarcellur framleiða umhverfisvæna raforku og þjónustuhús og upplýsingagjöf bætir umgengni um náttúruna. Slíkar stöðvar henta vel með ýmskonar annarri starfsemi s.s. landbúnaði auk þess sem það er umhverfisvæn orka sem í sumum tilfellum kann að spara t.d. rekstur disel-stöðva s.s. inn á hálendi. Áhrifin eru metin **jákvæð** á náttúru og umhverfi þar sem nýting umhverfisvænna orkugjafa bætir umhverfið. Þar sem erfitt er að fela slík mannvirki, sérstaklega vindrafstöðvar, eru áhrifin fremur neikvæð á landslag og ásýnd vegna sýnileika og þess að við gerð virkjana eru mynduð lón og farvegum jafnvel breytt. Litlu þjónustuhúsi er hægt að velja stað þannig að það falli vel að landi og verði lítt sýnilegt. Áhrif af slíkum húsum eru metin bæði **jákvæð og neikvæð** á landslag og ásýnd. Uppbygging styrkir samfélagið, fjölgar atvinnutækifærum og getur því styrkt tekjustofna íbúa og sveitarfélags. Virkjanir / bætt fjarskipti styrkja þá byggð og rekstur sem fyrir er. Því eru áhrif á samfélag metin **jákvæð**. Fjarskiptamöstur bæta farsímasamband og þar með öryggi íbúa og ferðamanna. Þjónustuhús bæta öryggi vegfarenda, sérstaklega á hálendinu. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð**. Áhrif á samgöngur eru metin **óveruleg** og sömuleiðis áhrif á minjar. Í flestum tilfellum ætti að vera hægt að koma mannvirkjum þannig fyrir að minjar raskist ekki.

Núll kostur – ekki eru heimilaðar stakar framkvæmdir

Ef ekki verða heimilaðar stakar framkvæmdir þarf að breyta aðalskipulagi fyrir ýmis konar minniháttar framkvæmdir og getur það verið hamlandi. Áhrif á náttúru eru metin **óveruleg** og sömuleiðis á landslag og ásýnd. Áhrif á samfélag og heilsu og öryggi eru metnar **neikvæðar** þar sem minni líkur eru á að af uppbyggingu verði. Áhrif á samgöngur eru metin **óveruleg** og sömuleiðis áhrif á minjar.

Niðurstaða

Stakar framkvæmdir							
	Náttúra	Landslag og ásýnd		Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Heimild fyrir stökum mannvirkjum	+	+	-	+	0	+	0
Núll kostur – engin stök mannvirki	0	0	-	-	0	-	0

Nauðsynlegt þykir að heimila ýmsar minni framkvæmdir til að styrkja byggð, núverandi rekstur eða til öryggismála og vill sveitarstjórn veita ákveðið svigrúm til þess, án þess að afmarka sérstaklega viðkomandi landnýtingarflokk í aðalskipulagi. Það er brýnt öryggismál að hafa öflug fjarskiptakerfi og m.a. kann að þurfa að fjölga sendum, sérstaklega inn á afréttum. Í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif

mannvirkja á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar og samfélag. Jafnframt þarf að huga vel að sýnileika mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun. Einnig skal leitast við að staðsetja stök mannvirki þannig að þau skerði ekki víðerni.

4.4.7 Iðnaðarsvæði

Orkuvinnsla er mikil í Þjórsá og eru nokkur miðlunarlon að hluta til í Rangárþingi ytra. Þá er í gildandi skipulagi gert ráð fyrir Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Hvammsvirkjun er í nýtingarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun²³. Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun eru í biðflokki²⁴.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins lét sveitarfélagið vinna stefnumótun fyrir nýtingu vindorku í Rangárþingi ytra. Í stefnumótuninni eru settir fram skilmálar sem nýtast sveitarfélagi og framkvæmdaaðilum við undirbúning vindorkuverkefna (*Birta Kristín Helgadóttir & Eva Dís Þórðardóttir, 2017*). Sveitarfélagið er hlynnt byggingu vindrafstöðva innan sveitarfélagsins og er vilji til að heimila þær að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Á iðnaðarsvæðum er heimilt að reisa 1-10 vindrafstöðvar sem eru í a.m.k. 1 km fjarlægð frá byggð. Uppsett afl getur verið allt að 10 MW og hæð allt að 50 m. Einnig er heimilt að reisa allt að 100 m háar vindrafstöðvar, í a.m.k. 2 km fjarlægð frá byggð. Uppsett afl yfir 10 MW. Ávallt skal vinna deiliskipulag fyrir vindrafstöðvar á iðnaðarsvæðum, þær eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar og ef framleiðsla þeirra fer yfir 10 MW skal vinna umhverfismat. Lagt skal mat á staðsetningu vindrafstöðva í hverju tilfelli fyrir sig. Meðal annars þarf að taka tillit til fjarlægðar frá byggð, landamerkjum, sýnileika, hljóðvistar o.fl. þátta sbr. stefnumótunina

Sett eru inn þrjú ný iðnaðarsvæði í tengslum við orkuvinnslu. Ná þau yfir inntaksmannvirki Búrfellsvirkjunar við Ísakot, yfirfall Sultartangalóns og yfirfall Krókslóns. Jafnframt er gert ráð fyrir að gömul rennslisvirkjun í Hróarslæk verði endurbyggð (I13). Mannvirki eru til staðar svo ekki er um breytingu á stefnu að ræða og því ekki talin þörf á samanburði valkosta fyrir þessi svæði.

4.4.7.1 HVAMMSVIRKJUN

Hvammsvirkjun er fyrirhuguð í Þjórsá, um 15 km neðan við Búrfellsstöð. Samkvæmt rammaáætlun er virkjunin í orkunýtingarflokki. Gert var ráð fyrir virkjuninni í gildandi aðalskipulagi, með breytingu sem staðfest var þann 18. febrúar 2011. Árið 2001 – 2003 var unnið mat á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar og féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með úrskurði sem var staðfestur í apríl árið 2004. Við útboðshönnun voru gerðar ýmsar breytingar á hönnun virkjunarinnar. Má þar nefna að rúmmál lónsins og flatarmál þess var minnkað, dregið var úr sýnileika stöðvarhúss og annarra mannvirkja og úr umfangi haugsvæða. Einnig var mótvægisáðgerðum fjölgað vegna áhrifa framkvæmdarinnar á lífríki árinna.

Þar sem framkvæmdir við virkjunina hófust ekki innan 10 ára frá upphaflegu mati á umhverfisáhrifum úrskurðaði Skipulagsstofnun í desember 2015 að endurtaka skyldi mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar að hluta til, þ.e. á ferðaþjónustu og útivist og á landslag og ásynd. Frummatsskýrslan kom út í maí 2017²⁵. Verði umhverfismatið staðfest áður en aðalskipulagið fer í lokaferli verður gerð grein fyrir niðurstöðum matsins hér.

4.4.7.2 VINDORKA

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins lét sveitarfélagið vinna stefnumótun fyrir nýtingu vindorku í Rangárþingi ytra. Í stefnumótuninni eru settir fram skilmálar sem nýtast sveitarfélagi og framkvæmdaaðilum við undirbúning vindorkuverkefna. Lagt er til að vindrafstöðvar séu á iðnaðarsvæði ef um er að ræða fleiri en eina vindrafstöð, eða hæð vindrafstöðvar fer yfir 20 m. Ávallt skal vinna deiliskipulag fyrir vindrafstöðvar á iðnaðarsvæðum, þær eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar og ef framleiðsla þeirra fer yfir 10 MW skal vinna umhverfismat. Lagt skal mat á staðsetningu vindrafstöðva í hverju tilfelli fyrir sig. Meðal annars þarf að taka tillit til fjarlægðar frá byggð, landamerkjum, sýnileika, hljóðvistar o.fl. þátta sbr. stefnumótunina (*Birta Kristín Helgadóttir & Eva Dís Þórðardóttir, 2017*).

²³ (Alþingi Íslands, 2013).

²⁴ (Alþingi Íslands, 2013).

²⁵ (Landsvirkjun, 2017).

Heimild fyrir vindrafstöðvum, allt að 100 m háar með framleiðslugetu yfir 10 MW

Ávallt ver nokkuð land fer undir vindrafstöðvar, vegi og plön þeim tengdum en annað land má auðveldlega nýta t.d. sem beutiland eða til ræktunar. Áhrif vindrafstöðva eru afturkræf þar sem auðveldlega má taka niður möstur, sá í plön og vegi sem þá hverfa á nokkrum áratugum. Áhrif á náttúru eru metin **óveruleg**. Vindrafstöðvar eru alltaf sýnilegar enda nauðsyn að hafa þær á bersvæði og því meiri sjónræn áhrif eftir því sem þær eru hærri eða fleiri. Það fer þó eftir landslagi hversu víðtæk áhrifin eru. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin **neikvæð**. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** því vindrafstöðvar framleiða umhverfisvæna raforku og hafa einhver áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins. Áhrif á samgöngur eru **engin** því gert er ráð fyrir ákveðinni lágmarksfjarlægð vindrafstöðva frá vegum vegna fallhættu. Vindrafstöðvar hafa **neikvæð** áhrif á hljóðvist, þó misjafnt sé eftir gerð þeirra en ætla má að þær hafi áhrif á hljóðvist í næsta nágrenni. Vindrafstöðvar munu ekki að hafa áhrif á minjar enda auðvelt að hnika þeim mannvirkjum til, sé þess þörf. Ekki er gert ráð fyrir að vindrafstöðvar verði staðsettar þannig að þær hafi áhrif á verndarsvæði eða víðerni. Áhrifin eru metin **óveruleg** á minjar.

Núll kostur – ekki er gert ráð fyrir vindrafstöðvum

Ef ekki er heimild fyrir byggingu vindrafstöðva hefur það **engin** áhrif á helstu umhverfisþætti, utan þess að það kann, í ákveðnum tilfellum að leiða til notkunar disel-rafstöðva í afmörkuðum tilfellum, sem þá hefur neikvæð áhrif á náttúru en ávallt yrði um litla nýtingu að ræða.

Niðurstaða

Vindorka						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Heimild fyrir vindrafstöðvum	0	-	+	0	-	0
Núll kostur – engar vindrafstöðvar	0	0	-	0	+	0

4.4.7.3 NIÐURSTAÐA FYRIR IÐNAÐARSVÆÐI

Sveitarstjórn er hlynnt frekari orkuöflun í sveitarfélaginu og að möguleikar séu á orkuöflun með fjölbreyttari hætti, en ekki einungis vatnsaflsvirkjanir eins og tíðkast hefur um árabíl. Lögð er áhersla á að slík uppbygging sé í sátt við íbúana og að umhverfisáhrif virkjana/vindrafstöðva séu sem minnst og að tekið sé tillit til svæða sem talin eru mikilvæg út frá verndarsjónarmiðum. Varðandi mögulega uppbyggingu vindorku í sveitarfélaginu þá skal hafa í huga viðmið í skýrslunni „Nýting vindorku í Rangárbíngi ytra – Stefnumótun“ (*Birta Kristín Helgadóttir & Eva Dís Þórðardóttir, 2017*).

4.4.8 Samgöngur

Vegir og viðhald þeirra eru mikilvægar hverju sveitarfélagi þar sem bætt nýting þjónustustofnana, atvinnusókn og gott félagsstarf byggir á greiðum samgöngum. Viðhald vega, eftirlit, snjóruðningur og hálfuvarnir eru meginþættir í greiðu samgöngukerfi auk þess sem ávallt þarf að huga að öryggismálum.

Vegagerðin er með umferðarteljara víða um sveitarfélagið og birtir á heimasíðu sinni meðalumferð á dag bæði fyrir sumarið og allt árið. Vegagerðin heldur utan um umferðartalningar á helstu vegum. Í Tafla 2 og Tafla 3 eru teknar saman umferðartölur frá Vegagerðinni fyrir helstu vegi í sveitarfélaginu²⁶. Ársdagsumferð (ÁDU) er meðalumferð á dag yfir allt árið. Einnig er sýnd sumardagsumferð (SDU) um helstu vegi á afréttum. Sumardagsumferð er meðalumferð á dag yfir sumartímann (júní – sept.)

²⁶ (Vegagerðin, 2016).

Tafla 2. Breytingar á umferð um helstu vegi í byggð.

Vegur	ÁDU 2016	ÁDU 2011	ÁDU 2006	ÁDU 2001
Hringvegur við Rauðalæk	3343	2245	2046	1697
Landvegur við Laugaland	634	532	513	402

Tafla 3. Breytingar á umferð um helstu vegi á afréttum.

Vegur	SDU 2016	SDU 2011	SDU 2006	SDU 2001
Fjallabaksleið nyrðri austan Sigöldu (208)	241	163	103	69
Dómadalsleið (F225)	102	94	36	30
Veiðivatnaleið (F228)	59	53	36	30
Fjallabaksleið syðri við Hungurfit (F210)	17	16	35	23

Samgöngur á hálendissvæðum eru mikilvægt umhverfismál. Lélegir vegir og slóðar auka hættu á utanvegaakstri auk þess sem það eykur slit og skemmir bifreiðar. Þá veldur vegryk sjónmengun á víðernum hálendis og spillir verulega upplifun hjóla- og þess göngufólks sem fylgir meginvegum hálendisins. Æskilegt er að hafa meginleiðir greiðfærar og tiltölulega góðar m.a. til að auðvelda ferðaþjónustuaðilum að skipuleggja dagsferðir inn á hálendið og að ferðafólk geti gisti í byggð en farið dagsferðir inn á hálendið. Því er æskilegt að gera Fjallabaksleið nyrðri og leið að Skjólkvíum við Heklu greiðfæra, lítillega uppbyggðan veg og jafnvel lagðan slitlagi. Gera þarf Fjallabaksleið syðri greiðfæra inn fyrir Laufafell, að vaði við Markarfljót og verði byggt upp við Hafrafell verður gert ráð fyrir heilsársvegi þangað. Markmið með uppbyggingu vega er að gera meginleiðir góðar til að auðvelda almenningssamgöngur um hálendið og sem þá dregur úr almennri umferð og hættu á utanvegaakstri meðfram vegum.

Stefna sveitarstjórnar er að bæta verulega í viðhald og endurbætur á núverandi vegakerfi í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að helstu vegir á hálendinu verði byggðir upp m.a. til að hægt sé að opna þá fyrr að vori eða eftir atvikum að halda þeim opnum yfir vetrartímann. Þar sem vegir verða byggðir upp á hálendi skal uppbyggingu haldið í lágmarki, miði við svokallaða ferðamannavegi þar sem leitast er við að vegir fylgi sem best landslagi og uppbygging miði við að lyfta veginum upp svo hann losi auðveldlega af sér vatn. Vegir verða lagðir bundnu slitlagi til að draga úr rykmengun, þar sem slíkt þykir henta og hættulegar ár brúaðar. Sinna þarf viðhaldi á öðrum slóðum og leiðum þar sem takmörkuð umferð er heimiluð til að forðast utanvegaakstur. Þá þarf að bæta merkingar verulega m.a. að tryggja að leiðir sem eiga að vera lokaðar séu ekki eknar. Þá er brýnt öryggisatriði að koma upp merkingum við alla vegi um vegnúmer/heiti, m.a. til upplýsingar fyrir ferðafólk.

Brýnt er að bæta öryggi vegakerfisins í byggð, m.a. með lagfæringu á vegyfirborði, merkingum og vegriðum. Þá er nauðsynlegt að horfa til ákveðinna vegkafla Suðurlandsvegar s.s. hjá Rauðalæk og Lyngási ásamt tengingum Árbæjarvegar og Þykkvabæjarvegar við Suðurlandsveg. Eins er nauðsynlegt að halda áfram uppbyggingu tengivega í sveitarfélaginu og að á þá verði lagt bundið slitlag. Í gildandi skipulagi er lögð áhersla á eftirtaldar samgöngubætur:

- Nýr vegur frá Bakkabæjum, um Odda yfir á Suðurlandsveg (er í byggingu).
- Nýr vegur af Landvegi yfir á Þjórsárdalsveg, um nýja brú ofan við fossinn Búða.
- Lokið verði við uppbyggingu Landvegar, þar sem eftir er kafli frá vegamótum við Dómadalsleið að Þjórsárdalsvegi.
- Lagfæra og opna aftur veg úr Háfshverfi, upp með Þjórsá, Sandhólaferju og á Ásveg. Vegslóði er til staðar en var felldur út af vegaskrá. Vegurinn verður endurbyggður til að hægt sé að halda honum opnum árið um kring. Tilgangur er m.a. að þjónusta íbúa og gesti en aðallega sem öryggisleið fyrir íbúa.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er þessu til viðbótar lögð áhersla á eftirtaldar samgöngubætur:

Hálendi:

- Gert er ráð fyrir að bæta verulega aðkomu af Landvegi að Heklu. Vestasti hluti Dómadalsleiðar verður færður til, byggður upp og gerður að heilsársvegi í Skjólkvíar. Samhliða er gert ráð fyrir bættu aðgengi að skálavæði í Áfangagili.
- Fjallabak syðra - vegur frá Hafrafelli að Laufafelli (Markarfljóti) verði bættur.
- Fjallabak nyrðra – vegur verður bættur verulega, hægt verði að opna þá leið fyrr á vorin/sumrin og halda opnum fram eftir hausti, a.m.k. inn í Landmannalaugar.

Fjallabaksleið nyrðri er skilgreind sem stofnvegur á hálendi skv. þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022. Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 eru stofnvegir á hálendi mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu.

Byggðahluti:

- Mikilvægt er að bæta umferðaröryggi við Landvegamót/Ásveg, Rauðalæk, Lyngás, Gaddstaði og Odda. Skoða þarf í samráði við Vegagerðina og landeigendur hvað hægt er að gera.
- Breytt leið í gegn um Gunnarsholt, upp Heklubraut. Vegur liggur í gegn um stofnanasvæðið í Gunnarsholti. Skoðað er með færa veginn austur eða vestur fyrir svæðið.
- Árbæjarvegur / Þykkvabæjarvegur – tenging við Suðurlandsveg. Unnið verði með Vegagerð að útfærslu – sjá nánar í samgöngukafla þéttbýlis (kafla 4.5.5.).
- Vegi að nýju skálavæði við Hafrafell verði hægt að halda opnum árið um kring. Hann verði byggður upp og gerður að heilsársvegi.

Suðurlandsvegur er stofnvegur en lagt er til að unnið verði með Vegagerðinni að öruggari tengingum tengivega og annarra hliðarvega inn á Suðurlandsveg, samhliða því að halda opnum möguleikum á breikkun vegarins.

Vinnuhópur sveitarfélagsins fundaði með fulltrúum Vegagerðarinnar um endurbætur á Suðurlandsvegi o.fl. vegum í sveitarfélaginu. Einnig var fundað með íbúum á Rauðalæk, á Lyngási, vestan Hellu í tengslum við Þykkvabæjarveg og Árbæjarveg og í Gunnarsholti. Rætt var um umferðaröryggi á hverjum stað og hvaða leið íbúar sæju færa til úrbóta.

HÁLENDI

4.4.8.1 DÓMADALSLEIÐ OG SKJÓLKVÍAR – BREYTT LEGA VEGA



Í rammaskipulagi Suðurráhlendis²⁷ er skoðað með að færa til vestasta hluta Dómadalsleiðar og gera nýjan veg í Skjólkvíar, veg sem halda mætti opnum stóran hluta ársins. Markmiðið með breytingu er að fá betra vegstæði sem halda mætti opnu lengri tíma á ári til að bæta aðgengi að Heklu og tengja Áfangagil betur við vegakerfið.

Mikil ásókn er í að komast í nágrenni við Heklu og fjölmargir ganga á fjallið. Engin þjónusta eða eftirlit er með umferð um svæðið. Æskilegt er að veita upplýsingar um hættu, samfara því að ganga á Heklu, sem getur gosið fyrirvaralítið. Auk þess væri mjög æskilegt að hægt væri að fækka leiðum á fjallið og koma upplýsingum til allra sem þangað fara. Út frá öryggissjónarmiðum þarf að vera góð aðkoma og eftir atvikum góð flóttaleið.

Í matinu er lögð áhersla á samanburð gildandi skipulags við eftirfarandi þætti:

- Vestasti hluti Dómadalsleiðar verður færður norðar, upp á varnargarð sem þarna er. Gerð verður ný vegtenging að Áfangagili og leið í Skjólkvíar breytt. Vegirnir verða byggðir lítillaga upp svo þeir séu færir stærri hluta ársins.

²⁷ (Steinsholt sf., 2014).



Mynd 24. Til vinstri eru sýndir vegir skv. gildandi skipulagi. Til hægri er sýnd hugmynd að breyttri legu Dómadalsleiðar, aðkomu að Áfangagili og í Skjólkvíar.

Mat á breyttri legu vega

Gert er ráð fyrir að Dómadalsleið liggja af Landvegi um varnargarð sem er á móts við Ísakot. Breytt lega vegarins hefur því lítil sem engin áhrif á gróður og vistkerfi. Aðrar fyrirhugaðar breytingar á vegum liggja um vikursanda og þar sem er einhver gróður á að vera hægt að leggja veginn þannig að hann hafi ekki áhrif á gróður. Áhrif breyttra vega á náttúru eru metin **óveruleg**. Vegir eru alltaf sýnilegir í landinu, hvort sem þeir eru niðurgrafnir slóðar eins og þarna er, eða lítillaga byggðir upp. Reynslan hefur sýnt að góðir vegir draga úr utanvegaakstri. Áhrif af breytingu á vegum eru því metin **óveruleg/jákvæð** á landslag og ásýnd. Með betri vegi að fjallaseli í Áfangagili og fyrirhuguðu fjallaseli við Skjólkvíar og að Heklu þá er verið að stuðla að betri þjónustu við íbúa og gesti og vonandi efla atvinnulíf á þessum slóðum með lengri opnunartíma á þessum þjónustustöðum. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð**. Samgöngubætur eru alltaf til bóta fyrir íbúa og gesti og fara betur með fólk og farartæki. Áhrif á samgöngur eru því metin **jákvæð**. Þá er góður vegur að Heklu líklegur til að stuðla að frekari útivist fólks á þessu svæði og hefur þannig **jákvæð** áhrif á útivistar- og afþreyingarmöguleika og heilsu þeirra sem stunda útivist á þessu svæði. Hekla er á náttúruminjasrá en breyting á vegum er talin hafa **óveruleg** áhrif á verndarsvæði.

Mat á núll kosti – núverandi vegir

Hætta er á utanvegaakstri vor og haust þegar snjór og bleyta er í vegum en þurrt til hliðar við þá. Áhrif á náttúru eru því metin **neikvæð**. Vegir eru alltaf sýnilegir í landinu, hvort sem þeir eru niðurgrafnir slóðar eða ekki. Vondir vegir og niðurgrafnir eru líklegri til að stuðla að utanvegaakstri. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin **neikvæð**. Ógreiðfærir vegslóðar draga úr fjölda þeirra ferðamanna sem komast á hálendið, það skapar meiri frið fyrir ferðamenn sem vilja njóta einveru og kyrrðar. Hins vegar þá hefur stuttur opnunartími vega áhrif á rekstrargrundvöll þjónustustaða á hálendinu. Áhrif á samfélag eru metin frekar **neikvæð**. Vegirnir verða áfram niðurgrafnir og opnast þegar snjóá leysir á vorin og lokast í fyrstu snjóum á haustin. Losa ekki af sér vatn. Þeir eru einnig erfiðir yfirferðar fyrir reiðhjólafólk. Áhrif á samgöngur eru metin **neikvæð**. Núverandi vegir fara illa með fólk og farartæki og háir og grýttir kantar veganna geta skapað slyshættu. Rykmengun hefur sjónræn áhrif og veldur gangandi og hjólandi vegfarendum óþægindum. Áhrif á heilsu og vellíðan eru metin **neikvæð**. Áhrif á verndarsvæði eru metin **óveruleg**.

Niðurstaða

Dómadalsleið og Skjólkvíar – ný veglína						
	Náttúra	Landslag og ásjúnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Breytt lega vega	0	0 +	+	+	+	0
Núll kostur – núverandi vegir	-	-	-	-	-	0

4.4.8.2 FJALLABAKSLEIÐ NYRÐRI

Í Rammaskipulagi Suðurrhálandisins er gert ráð fyrir að Fjallabaksleið nyrðri verði byggð lítillaga upp frá Landvegi við Sigöldu að Landmannalaugum²⁸. Núverandi vegur liggur um hraun- og vikursvæði og er gert ráð fyrir að vegurinn verði endurbættur í eða námunda við núverandi vegstæði. Gert verði ráð fyrir slitlagi með mun minni rykmengun, þ.e. rykbundin eða malbikað slitlag á vegum. Áhrif af breytingunni eru metin **óveruleg** á náttúru. Núverandi vegur er línuvegur sem liggur með Byggðalínunni og er innan mannvirkjabeltis hennar. Vegir eru alltaf sýnilegir í landinu, hvort sem þeir eru niðurgrafnir slóðar eins og þarna er, eða lítillaga byggðir upp. Reynslan hefur sýnt að góðir vegir draga úr utanvegaakstri. Áhrif á ásjúnd og landslag eru metin **óveruleg**. Með betri vegi þá er verið að bæta rekstrargrundvöll þjónustustaða á hálendi, bæði í Landmannalaugum og Hrauneyjum, stuðla að betri þjónustu við íbúa og gesti og efla atvinnulíf með nýjum atvinnutækifærum. Þá má ætla að hægt sé að opna veg á svipuðum tíma frá ári til árs sem styrkir verulega rekstrargrundvöll svæðanna. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð**. Samgöngubætur eru alltaf til bóta fyrir íbúa og gesti og góðir vegir fara betur með fólk og farartæki. Áhrif á samgöngur eru því metin **jákvæð**. Öruggeri vegir stuðla að betra umferðaröryggi. Minna ryk bætir verulega gæði fyrir göngu- og hjólaþólk. Áhrif á heilsu eru metin **jákvæð**. Betri vegir auka væntanlega umferð, sérstaklega dagsumferð en breytingin er talin hafa neikvæð eða **óveruleg** áhrif á verndarsvæði þar sem ætla má að með auðveldara aðgengi stoppi fólk skemur, líkt og víða er í byggð.

Mat á núll kosti – gildandi skipulag

Hætta er á utanvegaakstri vor og haust þegar snjór og bleyta er í vegum en þurrt til hliðar við þá auk þess sem hliðaleiðir, sem þá myndast eru oft nýttar yfir sumarið, þegar bílar mætast. Vegirnir losa ekki af sér vatn og eru erfiðir yfirferðar fyrir reiðhjólafólk. Ógreiðfærir vegslóðar draga úr fjölda þeirra ferðamanna sem komast á hálendið, það skapar meiri frið fyrir ferðamenn sem vilja njóta einveru og kyrrðar. Hins vegar þá hefur stuttur opnunartími vega áhrif á rekstrargrundvöll þjónustustaða á hálendinu. Áhrif á náttúru og samfélag eru metin frekar **neikvæð**. Rykmengun af malarvegum sést langt að og hefur **neikvæð** áhrif á ásjúnd. Vegirnir verða áfram niðurgrafnir og opnast þegar snjóá leysir á vorin og lokast í fyrstu snjóum á haustin. Áhrif á samgöngur eru metin **neikvæð**. Núverandi vegir fara illa með fólk og farartæki og háir og grýttir kantar veganna geta skapað slysa-hættu. Rykmengun hefur bæði sjónræn áhrif og veldur gangandi og hjólandi vegfarendum verulegum óþægindum. Áhrif á heilsu og vellíðan eru metin **neikvæð**. Áhrif á verndarsvæði eru metin **óveruleg**.

Niðurstaða

Fjallabaksleið nyrðri						
	Náttúra	Landslag og ásjúnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Fjallabaksleið nyrðri byggð upp	0	0	+	+	+	0
Núll kostur – núverandi vegur	-	-	-	-	-	0

²⁸ (Steinsholt sf., 2014).

LÁGLENDI

4.4.8.3 ÖRUGGARI VEGTENGINGAR VIÐ SUÐURLANDSVEG

Unnið verður með Vegagerðinni að öruggari vegtengingum við Suðurlandsveg. Horft verður til þess að vegur gegn um sveitarfélagið geti breikkað í 2+1 eða jafnvel 2+2 veg og taka þarf tillit til þess þegar horft er til nýrra vegtenginga eða breytinga á núverandi tengingum.

- Landvegamót. Vinna þarf að því að gera þau gatnamótin öruggari með því að afnema þar krossgatnamót, t.d. með því að hliðra vegum til.
- Rauðalækur. Á þessu svæði eru þrjár vegtengingar til norðurs og tvær til suðurs. Sameina þarf í eina vegtengingu til suðurs og eina til tvær til norðurs, samhliða því að hanna gatnamót með aðreinum / fráreinum og eftir atvikum miðeyju. Umferð kemur til með að aukast, m.a. með auknum umsvifum á Rauðalæk. Einnig þarf að skoða möguleika á undirgöngum undir Suðurlandsveg.
- Lyngás. Þrjár tengingar eru við Suðurlandsveg frá íbúðarhúsum norðan vegarins. Skoða þarf hvernig hægt er að fækka þessum tengingum og bæta vegsýn. Hugsanlega er hægt að gera aðkomu að íbúðarhúsum að norðanverðu eða færa til vegstæði til að rýmka fyrir tengingum.
- Íbúðarsvæði á Gaddstöðum er í uppbyggingu, vegtenging af Suðurlandsvegi er hættuleg vegna takmarkaðrar vegsýnar til austurs. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir nýjum vegi að svæðinu frá hringtorgi austast á Hellu. Skoða þarf betur möguleika á tengingu svæðisins.

Ekki þarf að meta mismunandi leiðir sérstaklega enda ekki um breytingu aðalskipulags að ræða heldur verður unnið að nánari útfærslu með Vegagerðinni á gildistíma aðalskipulagsins.

4.4.8.4 BREYTING Á VEGUM Í GUNNARSHOLTI

Núverandi leið af Keldnavegi upp svonefnda Heklubraut liggur um svæði fyrir samfélagsþjónustu í Gunnarsholti, þar sem Landgræðsla ríkisins er með starfsemi. Landgræðslan hefur óskað eftir því að veginum verði breytt og ekki sé almenn umferð um svæði Landgræðslunnar.



Mynd 25. Valkostur 1 fyrir vegi í Gunnarsholti.



Mynd 26. Valkostur 2 fyrir vegi í Gunnarsholti.

Valkostur 1

Nýta núverandi leið vestan Gunnarsholts, að Sagnagarði, þaðan til austurs sunnan Gunnarsholtslækjar, norðan Gunnarsholts og inn á núverandi veg rétt neðan gatnamóta við Heklubraut. Nýr vegur fer að hluta til yfir tún og hefur **neikvæð** áhrif á náttúru. Nýr vegur breytir alltaf ásýnd en þarna er skógrækt mikil og því hverfur leiðin í skóg að miklu leyti. Áhrif á landslag og ásýnd eru **óveruleg**. Kostur er að koma vegi út af vinnusvæði Landgræðslunnar og að vegurinn bætir aðkomu að núverandi íbúðarbyggð, sem stefnt er að því að stækki á skipulagstímabilinu. Samhliða má ætla að aukin snjósöfnun eigi sér stað. Áhrif á samgöngur eru bæði **jákvæð** og **neikvæð**. Umferðaröryggi batnar með betri vegum og það er kostur að losna við umferð af vinnusvæði Landgræðslunnar. Áhrif á heilsu og öryggi eru **jákvæð**. Áhrif á minjar eru **óverulegar**.

Valkostur 2

Gerð verður ný vegtenging af Rangárvallavegi skammt vestan Hróarslækjar. Vegurinn tengist núverandi vegi skammt sunnan við Akurhól. Aðkoma að núverandi og nýju íbúðarsvæði verður af þessum vegi. Nýr vegur fer yfir gróið land og áhrif á náttúru eru **neikvæð**. Vegir eru alltaf sýnilegir og breyta ásýnd. Áhrif á landslag og ásýnd eru **neikvæð**. Þessi leið nýtist ekki núverandi íbúðarbyggð nema með nokkrum tilkostnaði vegna nýrra vega, auk þess sem vegalengd íbúa á Hellu myndi aukast nokkuð. Það er kostur fyrir starfsemi Landgræðslunnar að losna við umferðina sem er í gegnum vinnusvæði þeirra. Áhrif á samfélag eru bæði **jákvæð** og **neikvæð**. Nýjar vegtengingar draga úr öryggi almennra vegfaranda en öryggi innan athafnasvæðis Landgræðslunnar batnar. Áhrif á samgöngur og heilsu og öryggi eru bæði **jákvæðar** og **neikvæðar**. Áhrif á minjar eru **óverulegar**.

Niðurstaða

Breyting á vegum í Gunnarsholti									
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag		Samgöngur		Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar	
Valkostur 1	-	0	+		+	-	+	0	
Valkostur 2	-	-	+	-	+	-	+	-	0

4.4.8.5 UPPBYGGÐUR VEGUR AÐ HAFRAFELLI

Með tilkomu þjónustumiðstöðvar við hálendisjaðarinn við Hafrafell er þörf á vegi sem getur verið opinn stærstan hluta ársins. Gert er ráð fyrir að núverandi vegur verði byggður lítilla upp og verði að stórum hluta í núverandi vegstæði. Áhrif af breytingunni eru metin **óveruleg** á náttúru. Vegir eru alltaf sýnilegir í landinu, hvort sem þeir eru niðurgrafnir slóðar eins og þarna er, eða lítilla byggðir upp. Reynslan hefur sýnt að góðir vegir draga úr utanvegaakstri. Áhrif af breytingu á vegum eru því metin **óveruleg/jákvæð**. Með betri vegi þá er verið að bæta rekstrargrundvöll staðarins, stuðla að betri þjónustu við íbúa og gesti og efla atvinnulíf með nýjum atvinnutækifærum. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð**. Samgöngubætur eru alltaf til bóta fyrir íbúa og gesti og góðir vegir fara betur með fólk og farartæki. Áhrif á samgöngur eru því metin **jákvæð**. Öruggeri vegir stuðla að betra umferðaröryggi. Áhrif á heilsu eru metin **jákvæð**. Breytingin er talin hafa **óveruleg** áhrif á verndarsvæði.

Mat á núll kosti – gildandi skipulag

Vegir eru alltaf sýnilegir í landinu, hvort sem þeir eru niðurgrafnir slóðar eða ekki. Vondir vegir og niður-grafnir eru líklegri til að stuðla að utanvegaakstri. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin **neikvæð**. Ógreiðfærir vegslóðar draga úr fjölda þeirra ferðamanna sem komast á hálendið, það skapar meiri frið fyrir ferðamenn sem vilja njóta einveru og kyrrðar. Hins vegar þá hefur stuttur opnunartími vega áhrif á rekstrargrundvöll þjónustustaða á hálendinu. Áhrif á samfélag eru metin frekar **neikvæð**. Vegirnir verða áfram niðurgrafnir og opnast þegar snjóá leysir á vorin og lokast í fyrstu snjóum á haustin. Losa ekki af sér vatn. Þeir eru einnig erfiðir yfirferðar fyrir reiðhjólafólk. Áhrif á samgöngur eru metin **neikvæð**. Núverandi vegir fara illa með fólk og farartæki og háir og grýttir kantar veganna geta skapað slysaættu. Rykmengun hefur sjónræn áhrif og veldur gangandi og hjólandi vegfarendum óþægindum. Áhrif á heilsu og vellíðan eru metin **neikvæð**. Áhrif á verndarsvæði eru metin **óveruleg**.

Niðurstaða

Uppbyggður vegur að Hafrafelli							
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar	
Uppbyggður vegur	0	0	+	+	+	0	
Núll kostur – núverandi vegur	-	-	-	-	-	0	

4.4.8.6 NIÐURSTAÐA FYRIR SAMGÖNGUR

Sveitarstjórn vill stuðla að samgöngubótum bæði í byggð og á hálendinu. Markmið með vegabótum á hálendi er til að auka vellíðan akandi, hjólandi og gangandi vegfarenda, auka öryggi þeirra og stuðla að náttúruvernd með því að draga úr rykmengun. Vilji er til þess að Fjallabaksleið nyrðri verði byggð lítillaga upp sem ferðamannavegur þannig að vegurinn haldist opinn lengur. Þá er mikil umferð ferðamanna á Heklu og vill sveitarstjórn gera greiðfæran veg að Skjólkvíum, þar sem flestir hefja göngu á Heklu. Slíkur vegur bætir öryggi þeirra sem leggja leið sína á fjallið ef kæmi til eldgoss með stuttum fyrirvara. Þá er greiðfær vegur að Hafrafelli ein af forsendum þess að þar byggist upp þjónusta. Þó gert sé ráð fyrir að framantaldir hálendisvegir verði byggðir lítillaga upp þá er eftir sem áður hægt að loka vegunum á ákveðnum árstímum ef þurfa þykir, t.d. vegna leysinga.

Í samráði við Vegagerðina þarf að skoða möguleika til að bæta umferðaröryggi á Lyngási, Rauðalæk, Landvegamótum, Gaddstöðum og e.t.v. víðar.

4.4.9 Verndarsvæði

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er gert ráð fyrir vernd óbyggðra víðerna. Gert er ráð fyrir að víðerni séu „að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“.

Ekki liggja fyrir skilgreiningar á þeim mannvirkjum sem talin eru takmarka víðerni, m.a. liggur ekki fyrir hvað telst vera uppbyggður vegur. Þó er ljóst að víða hafa vegir á hálendinu verið lagfærðir, lyft upp úr landi og jafnvel ár og lækir brúaðir/gerð ræsi. Samtök ferðapjónustunnar telja mikilvægt að vegir á hálendisvæðum verði unnir út frá hugmyndafræði um ferðamannavegi þar sem ákveðnir vegir verði lítillaga uppbyggðir, m.a. til að losa af sér vatn. Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að gönguskálar skerði ekki víðerni en ekki liggur fyrir hvenær skáli telst vera gönguskáli. Þar sem þar til bærir aðilar hafa ekki lagt fram kort af víðernum landsins verður ekki um slíka afmörkun að ræða í þessu aðalskipulagi. Almennt má þó segja að sú stefna sem sett er fram í aðalskipulaginu og kann að skerða víðerni er uppbygging skálasvæða.

Í Rammaskipulagi Suðurhálendisins er stærsti hluti hálendis Rangárbings ytra, Rangárbings eystra og Skaftárhrepps skilgreindur sem hverfisverndarsvæði. Er það gert til að geta sett sameiginlegar reglur fyrir svæðið, sem stuðli að verndun þess sem lítt raskaðs svæðis og að samræmi verði í mannvirkjagerð. Leitast verði við að halda óbyggðum víðernum, stuðlað að fjölbreyttri útivist ásamt hefðbundinni landnýtingu. Einnig skal mannvirkjagerð leiða til eins lítillar röskunar og kostur er²⁹.

Aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu er lokið og eru friðlýstar minjar og þær minjar sem talið er að hafi hátt minjagildi sýndar á skipulagsupprætti. Ekki hefur verið gerð húsakönnun eða verndargildi núverandi bygginga metið, en 16 gr. laga um minjavernd, nr. 80/2012, gerir ráð fyrir skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja. Gert er ráð fyrir að núverandi byggingar og minjagildi þeirra verði metið við gerð deiliskipulags fyrir þegar byggð svæði. Í umfjöllun stýrihóps kom fram að ekki þykir ástæða til að ráðast í skráningu mannvirkja innan sveitarfélags. Mannvirki og byggingarár er skráð í gegnum fasteignamat og gert er ráð fyrir við gerð deiliskipulags á þegar byggðum svæðum að skoðað verði með verndargildi þeirra mannvirkja sem fyrir eru innan skipulagssvæðisins og tekið verði tillit til þeirrar skráningar við gerð deiliskipulags.

ISOR hefur sett fram álit á breytingu á afmörkun vatnsverndarsvæða ofan byggðar á Rangárvöllum. Álitið er sett fram í greinargerðum í desember 2012³⁰ og maí 2016³¹. Annars vegar er fyrirhugað að minnka vatnsverndarsvæði í landi Keldna vestan til. Þar liggur fyrir að hluti linda gefa lítið af sér í þurrkaárum. Gnægð vatns er í sveitarfélaginu og fyrir liggur ósk landeiganda um að minnka vatnsverndarsvæðið. Þá er gert ráð fyrir að stækka allverulega vatnsverndarsvæði norðan og austan við

²⁹ (Steinsholt sf., 2014).

³⁰ (Árni Hjartarson, 2012).

³¹ (Árni Hjartarson, 2016b).

Vatnsdalsfjall til að tryggja vatnsgæði í Krappa en þar er eitt megin vatnsból Rangárbings eystra, þjónar m.a. Hvolsvelli og nágrenni.


Gerðar hafa verið rannsóknir af ISOR á aðrennslissvæði við Kerauga og Tvíbytnulæk. Aðrennslis grunnvatns til þessara linda er skv. ferliefnaþrófunum milli suðurs og suðsuðvesturs en áður var talið að það væri nálægt suðvestri. Lindirnar eru viðkvæmar fyrir mengun og grannsvæðið er þröngt. Grannsvæðið virðist tæplega nógu stórt til að tryggja tilskilda síun grunnvatnsins sem um það streymir og er Kerauga á mörkum þess að standast kröfur sem framtíðarvatnsból. Í skýrslunni er lögð til breytt afmörkun á grannsvæði þessara vatnsbóla og einnig lögð til afmörkun á fjarsvæði sem ekki hefur verið afmarkað á uppdrætti. (Árni Hjartarson, 2016a).

Í matinu er lögð áhersla á samiburð gildandi skipulags, núll-kosts, við eftirfarandi valkosti.


- Breytt afmörkun vatnsverndarsvæðis í landi Keldna og nýtt vatnsverndarsvæði fyrir Krappa, í landi Reynifells.
- Breytt afmörkun vatnsverndarsvæðis fyrir Kerauga og Tvíbytnulæk og afmörkun fjarsvæðis.
- Hverfisvernd á stærstan hluta hálendisins, hluti þess er undir hverfisvernd í gildandi skipulagi.

4.4.9.1 VATNSVERNDARSVÆÐI Í LANDI KELDNA OG REYNIFELLS

Gert er ráð fyrir að breyta talsvert afmörkun vatnsverndarsvæða ofan Keldna, annars vegar fella út vatnsvernd sem þjónar lindum rétt vestan Keldna. Þær lindir eru, skv. greinargerð ISOR vatnslitlar og ekki framtíðarvatnsból. Setja þarf inn vatnsverndarsvæði í kringum Krappa, sem er vatnsból fyrir Rangárbing eystra.



Mynd 27. Vatnsverndarsvæði skv. gildandi skipulagi.



Mynd 28. Breytt afmörkun vatnsverndarsvæða skv. tillögu ISOR.

Breyting á vatnsverndarsvæði í landi Keldna og Reynifells

Heilnæmt og gott neysluvatn er mikilvægt fyrir alla íbúa og atvinnulíf. Vatnsverndarsvæði vestan Keldna minnkar þar sem vatnsból eru felld út en stækkar til austurs vegna Krappa, sem eykur öryggi vatnsgæða fyrir Hvolsvöll og nágrenni og því eru áhrif vatnsverndar á samfélag eru metin **jákvæð**. Stækkað svæði er að miklu leyti óbyggt og hefur því óveruleg áhrif á íbúa Rangárbings ytra. Áhrif vatnsverndar á heilsu eru metin **jákvæð** því vatnsvernd tryggir íbúum og gestum hreint og gott neysluvatn og með því að setja aðrennslissvæði vatnsbóla undir vatnsvernd er dregið úr líkum á að grunnvatn mengist.

Óbreytt vatnsverndarsvæði í landi Keldna, ekkert vatnsverndarsvæði í Reynifelli


Engin vatnsvernd er á hluta aðrennslissvæðis vatnsbólsins í Krappa. Áhrif þess á samfélagið eru metin **neikvæð**. Áhrif á heilsu eru metin **jákvæð** vegna vatnsverndarsvæðis á Keldum en **neikvæð** vegna vöntunar á vatnsverndarsvæði fyrir Krappa.

Niðurstaða

Vatnsvernd í landi Keldna og Reynifells						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Breytt mörk vatnsverndarsvæða	0	0	+	0	+	0
Núll kostur – óbreytt vatnsvernd	0	0	-	0	+	-

4.4.9.2 VATNSVERND FYRIR KERAUGA OG TVÍBYTNULÆK

ISOR hefur skoðað aðrennslissvæði fyrir möguleg vatnsból í Kerauga og við Tvíbytnulæk. Niðurstöður þeirrar athugunar eru að vatnsverndarsvæðið sé of þröngt afmarkað og einnig þurfi að afmarka fjar-svæði í aðalskipulagi. Þarna er um að ræða framtíðarvatnsból fyrir Vatnsveitu Ásahrepps og Rangárbings ytra og því miklir hagsmunir í húfi að vernda neysluvatn til framtíðar.



Mynd 29. Vatnsvernd við Kerauga og Tvíbytnulæk skv. gildandi skipulagi t.v. Til hægri er breytt afmörkun vatnsverndarsvæðis skv. tillögu ISOR.

Breyting á afmörkun grannsvæðis og fjar-svæði afmarkað

Verndun góðs neysluvatns til framtíðar litið hefur **jákvæð** áhrif á samfélag sem þarf á góðu neysluvatni að halda, bæði til einkanota og einnig fyrir matvælaframleiðslu. Heilnæmt og gott neysluvatn hefur **jákvæð** áhrif á heilsu og stækkun vatnsverndarsvæðis minnkar líkum á að vatnsból mengist. Þrátt fyrir að auknar kröfur séu um öfluga fráveitu og góða umgengni innan vatnsverndarsvæða eru þær ekki það

Íþyngjandi að það teljist neikvæð áhrif og því eru áhrif metin óveruleg fyrir þá byggð sem fyrir er, sem og aðra umhverfisþætti.

Núll kostur – engin breyting á vatnsverndarsvæði

Þó afmarkað sé grannsvæði vatnsbóls er ekki víst að hægt sé að tryggja gæði neysluvatns á fullnægjandi hátt til framtíðar. Áhrif á samfélag eru **óviss**. Með því að vatnsverndarsvæði sé þröngt afmarkað kann það að auka hættu á mengun vegna ógætilegrar umgengi eða skipulags. Áhrif á heilsu eru metin **óviss** til lengri tíma lítið.

Niðurstaða

Vatnsvernd fyrir Kerauga og Tvíbytnulæk						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Breytt mörk vatnsverndarsvæðis	0	0	+/-	0	+	0
Núll kostur – óbreytt vatnsvernd	0	0	?	0	?	0

4.4.9.3 NIÐURSTAÐA FYRIR VATNSVERND

Sveitarstjórn vill tryggja að til langrar framtíðar geti íbúar sveitarfélagsins notið heilnæms og góðs neysluvatns.

Vatnsverndarsvæði takmarka möguleika á ýmis konar landnotkun eða kalla á dýrari lausnir, t.d. varðandi fráveitu en ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á brunn- eða grannsvæðum. Vegna þess hve heilnæmt og gott neysluvatn er mikilvægt fyrir alla íbúa þá er vernd neysluvatns talin vega þyngra til framtíðar lítið. Sveitarstjórn vill heimila breytingu á vatnsverndarsvæði í landi Keldna og gera ráð fyrir nýju vatnsverndarsvæði fyrir vatnsbólið í Krappa, í samræmi við skýrslu ÍSOR. Einnig vill sveitarstjórn breyta og stækka vatnsverndarsvæði fyrir Kerauga og Tvíbytnulæk.

4.4.9.4 HVERFISVERND Á HÁLENDI

Í Rammaskipulagi Suðrhálendis var lagt til að nánast allt hálendið yrði sett undir hverfisvernd. Er það gert til að geta sett sameiginlegar reglur fyrir svæðið, sem stuðli að verndun þess sem lítt raskaðs svæðis og að samræmi verði í mannvirkjagerð. Þá er gert ráð fyrir að viðhalda sem stærstum víðernum, stuðla að fjölbreyttri útivist í sátt við hefðbundna landnýtingu og að bæta eftirlit með svæðum³². Hluti hálendisins er undir hverfisvernd í gildandi skipulagi.

Hverfisvernd á hálendi

Gert er ráð fyrir að fjallskilaneindir, í umboði sveitarstjórnar, geti sett reglur um takmörkun beitar og beitarstýringu á afréttum ef þurfa þykir. Þá er fyrirhugað að stuðla að bættri meðvitund um virði lands og sögu, með aukinni fræðslu og upplýsingum, sem talið er leiða til bættrar umgengni. Stuðla skal að vernd náttúrulegs umhverfis og víðerna og leitast við að draga úr áhrifum mannvirkjagerðar. Áhrif á náttúru eru talin vera **jákvæð**. Stefnan er talin hafa **jákvæð** áhrif á landslag og ásýnd með því að leitast við að draga úr áhrifum mannvirkjagerðar. Stefnan stuðlar að vernd náttúrulegs umhverfis og víðerna og er því metin hafa **jákvæð** áhrif á samfélag til lengri tíma. Stefnan hefur **jákvæð** áhrif á víðerni og aðrar minjar, því stuðlað er að varðveislu þeirra.

Hverfisvernd á hluta hálendisins skv. gildandi skipulagi – núll kostur

Einungis er stuðlað að vernd víðerna og á hluta svæðisins sem og leitast við að draga úr áhrifum mannvirkjagerðar. eru það þau svæði sem eru talin mikilvægust/verðmætust út frá náttúruferi eða minjum. Áhrif á náttúru eru metin **jákvæð** á þeim svæðum sem eru undir hverfisvernd en **óveruleg** á öðrum svæðum. Stefna í gildandi skipulagi er talin hafa **jákvæð** áhrif á landslag og ásýnd með því að leitast við að draga úr áhrifum mannvirkjagerðar. Gildandi skipulag stuðlar að vernd náttúrulegs umhverfis þeirra svæða sem voru undir hverfisvernd og er því metin hafa **jákvæð** áhrif á samfélag. Í gildandi skipulagi var lítið hugað að vernd víðerna, áhrif á verndarsvæði eru því metin **neikvæð**.

³² (Steinsholt sf., 2014).

Niðurstaða

Niðurstaða fyrir hverfisvernd					
	Náttúra	Landslag og ásjón	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar/vernd
Hverfisvernd á hálendi	+	+	+	0	+
Hverfisvernd á hluta hálendis – núll kostur	+	0	+	0	-

4.4.9.5 NIÐURSTAÐA FYRIR HVERFISVERND

Með því að setja hverfisvernd á hálendissvæðið er leitast við að stuðla að vernd og viðhaldi náttúrulegs umhverfis og víðerna ásamt því að leitast við að draga úr áhrifum mannvirkjagerðar. Gert er ráð fyrir að vinna að eftirliti og verndun svæðisins í samráði við ýmsar stofnanir s.s. Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun.

4.5 ÞÉTTBÝLI

Þéttbýli í sveitarfélaginu er á Hellu en einnig er hluti byggðar í Þykkvabæ skilgreindur sem þéttbýli.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á Hellu sem miðstöð þjónustu og stjórnsýslu í sveitarfélaginu, auk þess sem veruleg fjölgun ferðafólks eflir þjónustuhlutverk staðarins. Íbúum í sveitarfélaginu hefur heldur fjölgað frá árinu 2013 og er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun á Hellu. Skortur er á íbúðarhúsnæði, sérstaklega minni íbúðum.

Hugmyndir eru um eftirfarandi breytingar frá gildandi skipulagi:

- Íbúðarsvæðinu ÍB11 er breytt í svæði fyrir samfélagsþjónustu. S12 verður blönduð landnotkun, aðallega til frekari stækkunar hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar auk íbúðabyggðar, þ.á.m. byggingu þjónustuíbúða. Samhliða er íbúðarsvæðið ÍB13 fellt út og íbúðarsvæðið ÍB12 minnkar og er sameinað ÍB25 - Bogatúni.
- Afmörkun íbúðarsvæðisins ÍB26, Bjarg, er breytt lítillega.
- Íbúðarsvæðin ÍB16 og ÍB19 eru stækkuð lítillega. Opið svæði OP2 minnkar samsvarandi.
- Íbúðarsvæðið ÍB23 var tvískipt en er sameinað í eitt svæði og stækkað lítillega.
- Miðsvæðið M1 er stækkað austur að Langasandi. Athafnasvæðið AT2 minnkar samsvarandi.
- Verslunar- og þjónustusvæði Vp21 og opnu svæði OP6, sunnan Suðurlandsvegur er að hluta til breytt í miðsvæði.
- Verslunar- og þjónustusvæðið Vp22 er stækkað til austurs og minnkar OP4 samsvarandi.
- Gert er ráð fyrir verslun- og þjónustu næst Suðurlandsvegi, Vp20.
- Stofnanasvæðið S11 er stækkað til norðurs og minnkar opið svæði OP2 samsvarandi.
- Gert er ráð fyrir hringtorgi við Árbæjarveg og að Þykkvabæjarvegur verður gerður hornréttur á Suðurlandsveg.
- Vegur austast og nyrst í byggðinni færast til með breyttri afmörkun þéttbýlisins.
- Gert er ráð fyrir nýjum hliðarvegi sunnan Suðurlandsvegur.
- Vestan Ytri-Rangár er gert ráð fyrir opnu svæði með ánni, OP8.
- Gert er ráð fyrir opnu svæði með Ytri-Rangá að austanverðu, OP1 og OP4.
- Athafnasvæðið A5 er fært sunnar (verður AT4) og er minnkað.
- Iðnaðarsvæðið I26 er fært sunnar og minnkað. Hluta af opna svæðinu OP4 er breytt í iðnaðarsvæði.
- Gert er ráð fyrir uppbyggingu á flugvallarsvæðinu FV1.
- Skógræktarsvæði austan byggðarinnar er tekið út fyrir þéttbýlið, afmörkun þess er óbreytt.
- Þéttbýlismörkum er breytt að austan- og norðanverðu og við Bjarg og minnkar þéttbýlið um 170 ha.

4.5.1 Þykkvibær – elsta sveitaþorp á Íslandi

Þykkvabæ hefur verið lýst sem elsta sveitaþorpi á Íslandi og vilji er til að halda í þá ímynd. Þó íbúar telji rétt tæplega 100 manns stendur hluti byggðarinnar þétt og sá kjarni verður áfram skilgreindur sem þéttbýli, en þó með rúmum byggingarheimildum svipað og í dreifbýli.

Fyrir **liggur minnisblað sveitarfélags** um kosti þéttbýlis. Ýmsar kvaðir fylgja þéttbýli, m.a. ýmis skilyrði varðandi dýrahald, trjárækt, gatnagerð o.fl. Meðal annars kemur fram að ýmis þjónustufyrirtæki, hafa mismunandi verðskrá eftir því hvort selt er innan dreifbýlis eða þéttbýlis. Búskapur er á flestum jörðum og þær skilgreindar sem lögbýli.

Þéttbýlismörkum í Þykkvabæ er breytt nokkuð, austur hluti svæðis verður felldur út úr þéttbýli og er það í samræmi við almennar reglur. Unnið var minnisblað, **dags. xx** þar sem sveitarstjórn tók saman skyldur, kosti og galla þéttbýlis.

Gert er ráð fyrir að þéttbýli í Þykkvabæ minnki úr 240 ha í 60 ha. Landnotkun breytist ekki og þeir íbúar sem lenda utan þéttbýlis munu ekki merkja breytingar. Að jafnaði munu sömu kvaðir gilda um landnotkun í þéttbýli í Þykkvabæ og dreifbýlis-hluta sveitarfélagsins.

Niðurstaða


Sveitarstjórn vill halda í dreifbýlisýfirbragð í sveitarfélaginu og stærsti hluti íbúðarhúsa í Þykkvabæ eru skilgreind lögbýli, þar sem víða er rekin umfangsmikill búrekstur. Fyriræki s.s. Rarik ákveða sjálf, á grunni skilgreiningar Hagstofu Íslands, hvað skuli teljast þéttbýli. Í gildandi skipulagi er skilgreint talsvert stórt þéttbýli í Þykkvabæ en á því svæði er landnotkun að stærstum hluta landbúnaðartengd þó einnig sé þar kirkja, íþróttahús, ferðaþjónusta o.fl. Þó ekki sé um að ræða landnotkun sem kallar á að svæðið sé skilgreint sem þéttbýli þá er vilji til að halda í þéttbýlisskilgreiningu á þeim hluta Þykkvabæjar þar sem byggð stendur hvað þéttast, m.a. af sögulegum ástæðum, elsta sveitaþorp á Íslandi. Þó verður reynt að hafa kvaðir það rúmar að t.d. dýrahald rúmist innan þéttbýlis og að skilmálar verði sem líkastir dreifbýli. Litið er svo á að einungis sé um að ræða minniháttar breytingu og því ekki ástæða til að meta áhrif stefnunnar sérstaklega.

4.5.2 Lundarsvæðið – stofnana- og íbúðarsvæði

Unnið er að stækkun hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar, nyrst á Hellu og árið 2017 var tekin í notkun ný hjúkrunardeild sem strax varð fullnýtt. Fyrirhuguð er frekari uppbygging á Lundi á dvalar- og hjúkrunarrýmum, þjónustuíbúðum, eignar- eða leiguíbúðum. Hugmynd er um að stækka svæði fyrir samfélagsþjónustu til norðurs og minnka íbúðarsvæði norðan Lundar. Þá verður vegur norðan Lundar færður sunnar sem og mörk þéttbýlisins.


Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- Kostur 1. Svæði fyrir samfélagsþjónustu við Lund stækkar til norðurs yfir íbúðarsvæðið Í11. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu í tengslum við Lund, s.s. dvalar- og hjúkrunarrými, þjónustuíbúðum, eignar- eða leiguíbúðum. Íbúðarsvæðið Í25 er stækkað til norðurs yfir hluta af Í12 og Í13 er fellt út. Vegur norðan við byggðina er færður til suðurs og mörk þéttbýlisins sömuleiðis.



Mynd 30. Breyting þéttbýlis í Þykkvabæ. Rauð lína sýnir afmörkun í endurskoðuðu skipulagi.

- Núll-kostur er landnotkun sbr. gildandi skipulag. Gert er ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu og mjög riflegum íbúðarsvæðum.



Mynd 31. Breyting á íbúðarsvæðum, stofnanasvæði og vegum við Lund, gildandi skipulag t.v.

Kostur 1

Fallið er frá uppbyggingu á hluta lands norðan Lundar. Ætla má að þar sé ágætt landbúnaðarland, þó hingað til hafi ekki verið eftirspurn eftir því til annars en beitar. Áhrif á náttúru eru **jákvæð**. Svæðið er byggt að hluta til og hefur þegar verið raskað með þeim framkvæmdum. Mannvirki breyta alltaf ásýnd svæða að einhverju leyti en bygging mannvirkja er eðlilegur hluti af þéttbýli og uppbyggingu þar. Frekari uppbygging er metin hafa **óveruleg** áhrif á landslag og ásýnd. Jákvæð áhrif eru aukið rými fyrir dvalarheimilið auk rýmis sem hægt væri að nýta fyrir þjónustuíbúðir til að nýta þá þjónustu sem er í boði á Lundi. Í umfjöllun stýrihóps kom fram að brýn þörf er á aukinni uppbyggingu á dvalar- og hjúkr-unarheimilinu Lundi. Þó felldur sé út hluti íbúðarsvæða er eftir sem áður gott framboð af óbyggðum íbúðarsvæðum á Hellu. Auk þess liggja þessi svæði hvað fjarst skóla- og miðbæjarstarfsemi og því ljóst að byggt verði fyrr á svæðum sem liggja nær skólanum. Með öflugri starfsemi fjölgar störfum. Áhrif á samfélag eru **jákvæð**. Áhrif á samgöngur eru **óverulegar** því áfram er gert ráð fyrir vegi norðan við byggðina í gildandi skipulagi. Frekari uppbygging bætir líðan íbúa, bæði þeirra sem fá pláss á Lundi og eins aðstandenda sem ekki þurfa að hafa áhyggjur af ættingjum sem jafnvel eru einir heima og lítt færir um það. Áhrif á heilsu eru **jákvæð**. Stefnan er ekki líkleg til að hafa áhrif á minjar.

Núll kostur

Núverandi skipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu á nokkuð stærra svæði en kostur 1. Áhrif á náttúru eru **neikvæð** því stærra land fer undir mannvirki. Mannvirki breyta alltaf ásýnd svæða að einhverju leyti en bygging mannvirkja er eðlilegur hluti af þéttbýli og uppbyggingu þar. Frekari uppbygging er metin hafa **óveruleg** áhrif á landslag og ásýnd. Þörfin fyrir frekari uppbyggingu er til staðar en gert er ráð fyrir minna svigrúmi fyrir uppbyggingu og ekki er pláss fyrir þjónustuíbúðir í tengslum við Lund. Áhrif á samfélag eru bæði **jákvæð** og **neikvæð**. Áhrif á samgöngur eru **óverulegar**. Áhrif á heilsu og vellíðan eru **neikvæð** því færra fólk fær pláss á Lundi eða í þjónustuíbúðum tengdum dvalarheimilin. Stefnan er ekki líkleg til að hafa áhrif á minjar.

4.5.2.1 NIÐURSTAÐA FYRIR LUNDARSVÆÐIÐ


Lundarsvæðið						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Kostur 1	+	0	+	0	+	0
Núll kostur	-	0	+	-	-	0

Frekari uppbygging á Lundi stuðlar að meiri fjölbreytni í búsetukostum um leið og þjónusta er bætt við eldri borgara og aðra sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda. Með betri þjónustu við aldraða mun þéttbýlið sinna betur þjónustu við íbúa sveitarfélagsins og aðra íbúa á Suðurlandi. Aukin eftirspurn er eftir plássum á hjúkrunarrýmum auk þess sem ætla má að eftirspurn verði eftir íbúðum þar sem auðvelt verður að nýta ýmsa sérhæfða þjónustu sem í boði er á Lundi. Þá skapast við uppbygginguna ný atvinnutækifæri.


4.5.3 Skóla – og íþróttasvæði

Fyrir liggur að þörf er á að stækka núverandi skólabyggingar þar sem grunnskólinn er of lítill. Þörf er á meira rými fyrir nemendur og að bæta aðstöðu starfsfólks. Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- Kostur 1. Stofnanasvæðið S11 er stækkað til norðurs. Opið svæði til sérstakra nota, OP2 minnkar sem því nemur. Gert er ráð fyrir stækkun/færslu íþróttasvæðis ef þurfa þykir.
- Núll kostur er landnotkun sbr. gildandi skipulag.



Mynd 32. Breyting á skólasvæði. Gildandi skipulag t.v. Nýtt skipulag t.h.



Kostur 1

Þar sem svæðið er innan þéttbýlis eru áhrif á náttúru metin **óveruleg**, þótt þar skerðist opið svæði en það hefur hingað til verið að mestu nýtt í þágu skólans, m.a. til útikennslu og ætla má að svo verði áfram. Mannvirki breyta alltaf ásýnd svæða að einhverju leyti en bygging mannvirkja er eðlilegur hluti af þéttbýli og uppbyggingu þar. Frekari uppbygging er metin hafa **óveruleg** áhrif á landslag og ásýnd svæðisins og ætla má að það skerði lítið útsýn úr næstu húsum þar sem byggð austan við stendur nokkru hærra. Skólinn er of lítill og brýn þörf á að bæta úr aðstöðu, samhliða fjölgun skólabarna sem fylgir fjölgun íbúa. Áhrif á samfélag eru **jákvæð**. Aðkoma farartækja að skóla- og íþróttamannvirkjum er á margan hátt óhentug þótt staðsetning þess sé hentug, liggur vel miðsvæðis og er í ágætu göngufæri alls staðar innan þéttbýlisins. Skoða þarf hvernig hægt er að gera úrbætur vegna aðkomu bifreiða til að auka öryggi samhliða því að anna auknum fjölda nemenda og annarra sem m.a. nýta sundlaug og aðra íþróttastöðu. Áhrif á samgöngur eru metin **óviss**. Stækkun skólasvæðisins skapar rými fyrir frekari uppbyggingu, betri aðbúnað nemenda og starfsfólks og að öllum líkindum fjölbreyttari möguleika á íþróttaiðkun en áfram verður gert ráð fyrir íþróttamannvirkjum innan svæðis. Stefnan hefur **jákvæð** áhrif á heilsu og vellíðan. Stefnan hefur **óveruleg** áhrif á minjar.

Núll kostur

Stefnan hefur **engin** áhrif á náttúru og landslag og ásýnd. Áhrif á samfélag eru **óveruleg**. Aðkoma að skólasvæðinu verður áfram óhentug og áhrif á samgöngur metin **neikvæð**. Þá breytist ekki aðbúnaður starfsfólks og nemenda og áhrif á heilsu og vellíðan metin **óveruleg**. Stefnan hefur **óveruleg** áhrif á minjar.

4.5.3.1 NIÐURSTAÐA FYRIR SKÓLA- OG ÍPRÓTTASVÆÐI


Skóla- og íþróttasvæði						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Kostur 1	0	0	+	?	+	0
Núll kostur	0	0	0	-	0	0

Skóla- og íþróttasvæðið er í góðum tengslum við núverandi byggð og mikilvægt að gera ráð fyrir stækun þess, til framtíðar litið, þannig að skólasvæðið geti stækkað samhliða fjölgun íbúa. Góð íþróttastaða styrkir ungmennastarf og eflir heilsurækt íbúa og styrkir þjónustuhlutverk svæðisins. Áhrif af breyttri landnotkun eru jákvæð þar sem skipulagið stuðlar að þéttingu núverandi byggðar og aukinni þjónustu við íbúa sveitarfélags.


4.5.4 Miðsvæði - miðbær

Hugmynd er um að stækka miðbæjarsvæðið allmikið. Suðurlandsvegur í gegnum Hellu er mjög fjölfarin leið. Samkvæmt upplýsingum á vef Vegagerðarinnar (umferðatölur frá 2016) fara tæplega 3.300 bílar að meðaltali á dag (ÁDU) um veginn og þegar mest er allt að 8.500 bílar á dag yfir sumarið (SDU). Þjónustufyrirtæki eru sunnan Suðurlandsvegar, s.s. verslanir, hótél og gistiþjónusta og því er nauðsynlegt að tryggja öruggar gönguleiðir yfir Suðurlandsveg, auk þess sem tryggja þarf að umferðarhraði miðist við aðstæður.

- Kostur 1 - Norðan Suðurlandsvegar tekur nýtt miðbæjarsvæði (M1) yfir svæði sem er skilgreint sem athafnasvæði í gildandi skipulagi, þar sem rekin er m.a. ferðaþjónusta, verkstæði og ýmis hreinleg starfsemi. Sunnan Suðurlandsvegar er verslunar- og þjónustusvæði í gildandi skipulagi þar sem rekið er hótél, verslanir og verkstæði. Því verður að hluta til breytt í miðbæjarsvæði (M2). Heimilt er að vera með íbúðir á efri hæð bygginga á miðsvæði norðan Suðurlandsvegar (M1), ekki gert ráð fyrir íbúðum sunnan Suðurlandsvegar.
- Kostur 2 – Miðbæjarsvæði verður eingöngu norðan Suðurlandsvegar en er lengt til austurs og tekur yfir hluta af svæði sem áður var athafnasvæði. Heimilt er að vera með íbúðir á efri hæð bygginga á miðsvæði. Áfram verður verslunar- og þjónustusvæði sunnan Suðurlandsvegar.
- Núll kostur er landnotkun sbr. gildandi skipulag. Stefnt var að því að beina verslun- og þjónustu á miðbæjarsvæðið til að hraða uppbyggingu þess. Heimilt að vera með íbúðir á efri hæð bygginga á miðsvæði.



Mynd 33. Breyting á afmörkun miðbæjarsvæðis. Gildandi skipulag t.v. Kostur 1 til hægri. Kostur 2 er einungis M1.



Kostur 1

Svæðið er byggt að miklu leyti og hefur þegar verið raskað með þeim framkvæmdum. Mannvirki breyta alltaf ásýnd svæða að einhverju leyti en bygging mannvirkja er eðlilegur hluti af þéttbýli og uppbyggingu þar. Áfram verður gert ráð fyrir fremur lágreistri byggð, 1-3 hæðir, sem ekki mun hafa verulega sjónræn áhrif. Aukin uppbygging er metin hafa **óveruleg** áhrif á náttúrufar og ásýnd.

Uppbygging miðbæjarsvæðis er líkleg til að þetta byggðakjarna á Hellu og vonandi laða að ný fyrirtæki eða starfsemi sem aftur bætir og eflir þjónustu við íbúa og gesti og getur leitt til fjölgunar íbúa. Uppbygging og fjölgun íbúa hefur jákvæð áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins. Þá er það ákveðinn kostur að geta verið með íbúðir á efri hæð bygginga og nýtt byggingarnar betur. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð**.

Gert er ráð fyrir meiri uppbyggingu sunnan Suðurlandsvegur heldur en í núll-kosti. Það þýðir meiri umferð yfir Suðurlandsveg og um svæðið sunnan hans. Einnig fjölga þeim sem fara gangandi yfir Suðurlandsveg til að sækja sér þjónustu beggja vegna hans. Íbúar sunnan Suðurlandsvegur koma til með að sækja vinnu yfir veginn og einnig verður umferð í tengslum við skóla og tómstundir barna. Áhrif á samgöngur og heilsu og öryggi eru metin **neikvæð**. Áhrif á minjar eru **óveruleg**.

Kostur 2

Svæðið er byggt að miklu leyti og hefur þegar verið raskað með þeim framkvæmdum. Mannvirki breyta alltaf ásýnd svæða að einhverju leyti en bygging mannvirkja er eðlilegur hluti af þéttbýli og uppbyggingu þar. Frekari uppbygging er metin hafa **óveruleg** áhrif á náttúrufar og ásýnd.

Uppbygging miðbæjarsvæðis er líkleg til að þetta byggðakjarna á Hellu og vonandi laða að ný fyrirtæki eða starfsemi sem aftur bætir og eflir þjónustu við íbúa og gesti og getur leitt til fjölgunar íbúa. Uppbygging og fjölgun íbúa hefur jákvæð áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins. Þá er það ákveðinn kostur að geta verið með íbúðir á efri hæð bygginga og nýtt byggingarnar betur. Gert er ráð fyrir sambærilegri uppbyggingu sunnan Suðurlandsvegur og í núll-kosti, þ.e. verslun og þjónustu og athafnasvæði. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð**.

Það að vera ekki með íbúðir á efri hæð bygginga sunnan Suðurlandsvegur dregur úr umferð sem fer fram og til baka yfir veginn. Engir íbúar sem sækja vinnu, þjónustu eða umferð tengd skóla og tómstundum barna. Eftir sem áður er alltaf umferð í tengslum við verslun- og þjónustu sunnan Suðurlandsvegur. Áhrif á samgöngur eru metin **jákvæð**. Áhrif á heilsu og öryggi eru einnig **jákvæð** af sömu ástæðu. Áhrif á minjar eru **óveruleg**.

Núll kostur

Í gildandi skipulagi var stefnt að því að beina verslun- og þjónustu á miðbæjarsvæðið til að hraða uppbyggingu þess. Heimilt að vera með íbúðir á efri hæð bygginga á miðsvæði.

Engar íbúðir eru á efri hæð bygginga á miðsvæði í dag. Frá því núverandi skipulag tók gildi hefur byggst upp hótél sunnan Suðurlandsvegur og unnið er að stækkun veitingastaðar norðan Suðurlandsvegur og byggingu gistingar, hvort tveggja er á verslunar- og þjónustusvæði. Bæði fyrirtæki sem voru starfandi á Hellu og ný fyrirtæki hafa flutt sig á miðsvæðið.

Svæðið er byggt að miklu leyti og hefur þegar verið raskað með þeim framkvæmdum. Mannvirki breyta alltaf ásýnd svæða að einhverju leyti en bygging mannvirkja er eðlilegur hluti af þéttbýli og uppbyggingu þar. Frekari uppbygging er metin hafa **óveruleg** áhrif á náttúrufar og ásýnd.

Uppbygging miðbæjarsvæðis er líkleg til að þetta byggðakjarna á Hellu og vonandi laða að ný fyrirtæki eða starfsemi sem aftur bætir og eflir þjónustu við íbúa og gesti og getur leitt til fjölgunar íbúa. Uppbygging og fjölgun íbúa hefur jákvæð áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins. Þá er það ákveðinn kostur að geta verið með íbúðir á efri hæð bygginga og nýtt byggingarnar betur. Einungis er gert ráð fyrir verslun- og þjónustu sunnan Suðurlandsvegur en ekki íbúðum. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð**.

Það að vera ekki með íbúðir á efri hæð bygginga sunnan Suðurlandsvegur dregur úr umferð sem fer fram og til baka yfir veginn. Engir íbúar sem sækja vinnu, þjónustu eða umferð tengd skóla og tómstundum barna. Eftir sem áður er alltaf umferð í tengslum við verslun- og þjónustu sunnan

Suðurlandsvegur. Áhrif á umferðaröryggi eru metin **jákvæð**. Áhrif á heilsu og öryggi eru einnig **jákvæð** af sömu ástæðu. Áhrif á minjar eru **óveruleg**.

4.5.4.1 NIÐURSTAÐA FYRIR MIÐSVÆÐI

MIÐSVÆÐI						
	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Kostur 1	0	0	+	-	-	0
Kostur 2	0	0	+	+	+	0
Núll kostur	0	0	+	+	+	0

Sveitarstjórn vill efla miðbæjarsvæðið m.a. til að bæta enn frekar þjónustu við íbúa og gesti. Æskilegt er að geta boðið upp á fjölbreytta þjónustu innan þéttbýlis. Áhrif af breyttri landnotkun er talsverð en fyrir liggur að hvort sem miðbæjarsvæði stækkar eða ekki þá er gert ráð fyrir talsverðri uppbyggingu beggja vegna Suðurlandsvegur. Uppbygging öflugss miðbæjarsvæðis hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og þjónustustig svæðisins.

Ljóst er að bæta þarf öryggi vegfarenda við Suðurlandsveg og skoða þarf leiðir til þess. Hægt er að draga úr umferðarhraða og hringtorg sem nú þegar er ráðgert austarlega í þéttbýlinu mun draga úr hraða og stuðlar að auknu öryggi vegfarenda. Þá þarf að skilgreina vel göngu-, hjóla- og reiðleiðir þar sem þær þvera Suðurlandsveg og ganga þannig frá veginum að ekki sé hægt að þvera hann hvar sem er. Sömuleiðis þarf að skoða tengingar gatna við Suðurlandsveg.

Það er niðurstaða sveitarstjórnar að velja kost 1 og stækka miðsvæðið til austurs og einnig suður fyrir Suðurlandsveg. Stækkun miðsvæðis heimilar íbúðir á efri hæð bygginga sunnan Suðurlandsvegur sem kallar á meiri umferð akandi og gangandi yfir veginn. Sveitarstjórn telur að bæta þurfi vegtengingar við Suðurlandsveg og huga að öruggari leiðum fyrir gangandi að þvera veginn, burtséð frá áformum um aukið byggingamagn sunnan Suðurlandsvegur. Umtalsverð þjónusta er nú þegar starfrækt sunnan Suðurlandsvegur.

4.5.5 Samgöngur

Skoðað verður með nokkrar breytingar á samgöngum á Hellu, aðallega umhverfis Suðurlandsveg. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir hringtorgi austan til í byggðinni. Þá þarf að skoða vegteningar og umferðarflæði um þjónustusvæði sunnan Suðurlandsvegur **ásamt umferðarflæði um Gaddstaðaveg, Rangárbakka og Þrúðvang**. Bæta þarf aðkomu vestan til, þar sem tveir umferðapungir tengivegir tengjast inn á Suðurlandsveg, Þykkvabæjarvegur og Árbæjarvegur.

4.5.5.1 ÁRBÆJARVEGUR / ÞYKKVABÆJARVEGUR

Þykkvabæjarvegur og Árbæjarvegur fullnægja ekki núverandi öryggiskröfum með að liggja hornrétt á Suðurlandsveg. Auk þess mynda Árbæjarvegur og vegur að Ægissíðu 3 krossgatnamót. Þá er vestan þéttbýlisins á Hellu vegtenging til norðurs, að trésmíðaverkstæði, spennistöð og íbúðarhúsi (Auðkúlu), auk þess sem fyrirhuguð er vegtenging að íbúðarhverfi sem stefnt er því að risi á vesturbakka Rangár. Haldinn var fundur með Vegagerðinni um mögulega breytingu á vegum og vegtengingum á þessu svæði. Bornir eru saman fimm valkostir og eru þeir sýndir á myndum hér aftar.

Valkostur 1

Hringtorg verði á Suðurlandsvegi á móts við Árbæjarveg. Þykkvabæjarvegur tengist við Suðurlandsveg með T-gatnamótum auk þess sem gert verði ráð fyrir nýjum afleggjara til norðurs sem nýtist trésmíðaverkstæðinu Rangá, tengivirki, Auðkúlu og nýju íbúðarhverfi. Framkvæmdin nýtir að mestu núverandi vegi. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á öryggi vegfarenda og samfélag þar sem lítil breyting verður á veglínunum, lítið af nýju landi fer undir vegi og ætla má að þessi útfærsla sé hvað ódýrust, samanborið við aðrar útfærslur. Þessi útfærsla hægir á umferðinni strax við Árbæjarveg sem gerir tengingu Þykkvabæjarvegur og til norðurs við tengivirkið jafnframt öruggari því umferðarhraði þar verður minni.

Valkostur 2

Hringtorg verði á Suðurlandsvegi á móts við Þykkvabæjarveg. Hringtorgið nýtist jafnframt sem aðkoma að trésmíðaverkstæði, tengivirki, Auðkúlu og íbúðahverfi. Árbæjarvegur tengist með T-gatnamótum. Afleggjari að Ægissíðu 3 verður tengdur með T-gatnamótum en þeim hliðrað svo ekki verði krossgatnamót. Álíka mikið land fer undir þessa útfærslu og valkost 1. Þessi útfærsla hægir síðar á umferð, samanborið við aðra valkosti.

Valkostur 3


Hringtorg á Suðurlandsvegi sem bæði Árbæjarvegur og Þykkvabæjarvegur tengjast inn á. Staðsett nokkru austan Árbæjarvegur. Núverandi starfsemi norðan Suðurlandsvegur og Auðkúla tengjast vestur á Árbæjarveg en Ægissíða 3 tengist austur á Þykkvabæjarveg. Eykur umferðaöryggi hvað mest af þessum valkostum, kostnaður þó nokkur vegna mikilla breytinga á hliðarvegum auk þess sem talsvert nýtt land fer undir vegi, bæði ræktað land við Ægissíðu og á íbúðarsvæði við Bjarg.




Valkostur 4

Sett tvö hringtorg á Suðurlandsveg, annað við Þykkvabæjarveg og hitt við Árbæjarveg. Allir hliðarvegir á þessu svæði koma til með að tengjast öðru hvoru hringtorginu. Hringtorg eru öruggari vegtengingar en T-gatnamót, hægja m.a. verulega á umferð. Ókostir eru að kostnaður eykst allverulega, bæði varðandi uppsetningu og viðhald, auk þess sem nokkurt land fer undir samgöngumannvirki, ferðatími lengist og eldsneytisnotkun eykst.

Valkostur 5 – 0-kostur

Núverandi vegtengingar halda sér. Þær tengingar fullnægja engan vegin núverandi viðmiðum og kröfum um öryggi. Hefur neikvæð áhrif á öryggi vegfarenda þar sem núverandi tengingar eru hættulegar, koma ekki hornrétt inn á Suðurlandsveg og vegsýn er skert, sérstaklega við tengingu að trésmíðaverkstæði / Auðkúlu. Þá eru krossgatnamót Ægissíða/Árbæjarvegur.





Niðurstaða

Markmiðið með breytingunni er að draga úr umferðarhraða og gera tengingar við Suðurlandsveg öruggari. Besti kosturinn til að ná því markmiði er með því að gera ráð fyrir hringtorgi við Árbæjarveg, eða skammt austan hans, (valkostur 1). Þá er dregið úr umferðarhraða strax þegar komið er inn í þéttbýlið á Hellu. Umferðarhraði austan hringtorgsins verður alltaf minni og þannig verða vegtengingar á því svæði öruggari. Þykkvabæjarvegur yrði tengdur með T-gatnamótum við Suðurlandsveg (valkostur 1). Ætla má að valkostur 1 sé hvað ódýrasta framkvæmdin, þó áfram þurfi að breyta vegtengingu Þykkvabæjarvegur og tengingu til norðurs að tengivirki o.fl. Einnig má ætla að valkostur tvö sé nokkuð svipaður í kostnaði en þó þarf að afsetja krossgatnamót Árbæjarvegur/Ægissíðu með tilfærslu gatnamóta.

Það er mat sveitarstjórnar að til framtíðar litið þá sé eðlilegt að gera skuli ráð fyrir tveimur hringtorgum (valkostur 4). Umferð eigi eftir að aukast mikið með fjölgun bæði íbúa og ferðamanna. Þá er gert ráð fyrir að íbúðarsvæðið á Bjargi byrji að byggjast upp á skipulagstímanum og við það eykst umferð enn frekar. Þá skapi sá valkostur mest umferðaöryggi.


4.5.5.2 VEGIR SUNNAN SUÐURLANDSVEGAR

Hugmynd er um nýjan hliðarveg sunnan Suðurlandsvegur.

- Kostur 1 - Gert er ráð fyrir hliðarvegi, sunnan Suðurlandsvegur, að mestu nýr vegur. Hann liggur frá Rangárbökkum, austur með Suðurlandsvegi framhjá nýrri veltengingu austan hringtorgs við Ytri-Rangá, um núverandi veg við Stracta hótél inn á Gaddstaðaveg. Núverandi aðrein að Stracta-hóteli mun leggjast af. Rétt norðar mun vegurinn liggja austur frá Gaddstaðavegi, samsíða Suðurlandsvegi framhjá nýrri veltengingu vestan undirganga, sveigir þar nokkuð frá Suðurlandsveg og áfram austur að nýjum vegi sem gerður verður til suðurs frá nýju hringtorgi austan Reykjagarðs. Sá vegur mun nýtast sem önnur aðkoma að Gaddstaðflötum, m.a. út frá Öryggissjónarmiðum. (Mynd 34).
- Núll kostur er landnotkun sbr. gildandi skipulag (Mynd 35).



Mynd 35. Gildandi skipulag sem sýnir Suðurlandsveg og veltengingar á Hellu



Mynd 34. Kostur 1. Meginleiðir sunnan Suðurlandsvegur og ný tenging við Suðurlandsveg.

Kostur 1

Áhrif á náttúru eru **óveruleg** þar sem svæðið er innan þéttbýlis. Nýr vegur og uppbygging sunnan Suðurlandsvegur hefur talsverð áhrif á ásýnd auk þess sem Suðurlandsvegur færir meira „inn í þéttbýlið“. Svæðið austan Gaddstaðavegar er óbyggt, nýtt að mestu til beitars. Vegur samhliða Suðurlandsvegi nýtir land verr þar sem svæði milli vega nýtist ekkert, þ.e. mun ekki nýtast til bygginga. Austar verður hliðarvegur verður færður nokkuð fjær Suðurlandsvegi svo hafa megi lóðir beggja vegna

hliðarvegur. Áhrif á landslag og ásýnd eru **neikvæð** þar sem land er óbyggt í dag. Stefnan hefur **jákvæð** áhrif á samfélag þar sem aukin uppbygging styrkir tekjugrunn og atvinnumöguleika. Aukin umferð þverar Suðurlandsveg. Þá er veltengingu að Hótel Stracta breytt og gert ráð fyrir meiri umferð framhjá hótelinu en er í dag en nú tengist öll umferð hótelinu beint. Áhrif á samgöngur eru því talin **neikvæð**. Stefnan hefur **óveruleg** áhrif á heilsu og minjar.

Núll kostur

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir vegi, af Suðurlandsvegi, til suðurs austan við hringtorg við Rangá. Aðkomuvegur er að Hótel Stracta og veltenging austan Gaddstaðavegar. Þá er gert ráð fyrir hliðarvegum austan Gaddstaðavegar. Áhrif á náttúru eru **óveruleg** þar sem svæðið er innan þéttbýlis. Nýr vegur og uppbygging sunnan Suðurlandsvegar hefur talsverð áhrif á ásýnd auk þess sem Suðurlandsvegur færir meira „inn í þéttbýlið“. Landið nýtist betur því hægt er að vera með lóðir að helgunarsvæði Suðurlandsvegar. Áhrif á landslag og ásýnd eru **neikvæð** hvað ásýnd varðar en **jákvæð** hvað varðar skynsamlega nýtingu lands. Stefnan hefur **óveruleg** áhrif á samfélag. Aukin umferð þverar Suðurlandsveg en aðkoma að Stracta og umferð þar hjá verður óbreytt sem skapar meira næði fyrir hótelið. Áhrif á samgöngur eru bæði **jákvæð** og **neikvæð**. Stefnan hefur **óveruleg** áhrif á heilsu og minjar.

Niðurstaða

Vegir sunnan Suðurlandsvegar							
	Náttúra	Landslag og ásýnd		Samfélag	Samgöngur	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Kostur 1	0	-		0	-	0	0
Núll kostur	0	+	-	0	+	-	0

Hliðarvegur sunnan Suðurlandsvegar er æskilegur til að bæta umferðaflæði um svæðið. Æskilegt er að sá vegur nýtist sem best þeirri uppbyggingu sem ætluð er. Áherslur sveitarstjórnar snúa að því að nýta veginn sem best austast og vestast en núverandi lóðarhafar beggja vegna Gaddstaðavegar leggja áherslu á að auka pláss á sínum lóðum og bæta aðgengi að þeim. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að vegurinn henti þeirri uppbyggingu sem best.

4.5.6 Þéttbýlismörk

Þéttbýlismörkum á Hellu er breytt nokkuð. Austan til er skógræktarsvæði á Gaddstöðum tekið út fyrir þéttbýlið. Gerð er breyting við Lundarsvæðið en þar eru þéttbýlismörkin færð sunnar til samræmis við breytta landnotkun. Vestan Ytri-Rangár eru bæirnir Bjarg og Árbyrgi færð út fyrir þéttbýlið en verða eftir sem áður á íbúðarsvæði.

Áhrif af breytingu á þéttbýlismörkum eru metin **óveruleg**.

5 HEIMILDIR

- Alþingi Íslands. Lög um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 (1998). Ísland. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998058.html>
- Alþingi Íslands. (2013). Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Retrieved from www.althingi.is
- Alþingi Íslands. (2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html>
- Árni Hjartarson. (2012). *Vatnsverndarsvæði við Keldur á Rangárvöllum*. <https://doi.org/10.1080/15230407.2012.711111>
- Árni Hjartarson. (2016a). *Ferilefnaprófanir í Landsveit Vatnsvernd við Tvíbytnulæk og Kerauga*. <https://doi.org/10.1080/15230407.2016.1191111>
- Árni Hjartarson. (2016b). *Vatnsból í Krappa og verndarsvæði þess*. <https://doi.org/10.1080/15230407.2016.1191111>
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, & Samtök ferðapjónustunnar. (2015). *Vegvísir í ferðapjónustu*. Reykjavík. Retrieved from http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/Skyrslur/vegvisir_2015.pdf
- Birta Kristín Helgadóttir, & Eva Dís Þórðardóttir. (2017). *Nýting vindorku í Rangárbíngi ytra - Stefnuþótun*.
- Björn Ingi Sveinsson. (2002). *Nýr íslenskur álagstuðull vegna jarðskjálfta*. Mannvit. Retrieved from <http://mannvit.is/Mannvit/Frettir/Allarfrettir2011/Frettinoll/157>
- Greiningardeild Arion banka. (2016). *Ferðamannalandið Ísland: Draumaland eða Djöflaeyja. Ferðapjónustuúttekt Greiningardeildar Arion banka*.
- Guðrún Jóhannesdóttir. (2011). *Hættumat fyrir Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu*.
- Hagstofa Íslands. (2015). Íbúafjöldi 1998-2015. Retrieved from <http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/?rxid=c93842fd-6a5d-4ab6-8cf1-d5f679bba87ei>
- Hagstofa Íslands. (2016). *Gistinætur í Rangárbíngi ytra 2006 - 2015*.
- Hagstofa Íslands. (2017). *Búfé 2017*.
- Landgræðsla ríkisins. (2015). Landgræðslufélag Biskupstungna. Retrieved November 5, 2015, from <http://www.land.is/landgraedhslufeloeg?layout=edit&id=55>
- Landssamband veiðifélaga. (2015). Retrieved February 4, 2016, from <http://www.angling.is/is/>
- Landsvirkjun. (2017). *Hvammsvirkjun, mat á umhverfisáhrifum: Ferðapjónusta og útivist og landslag og ásjón lands*. Frummatsskýrsla.
- Markaðsstofa Suðurlands. (2017). *Áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland*. Retrieved October 12, 2017, from <https://www.south.is/is/moya/page/dmp>
- Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, & Páll Halldórsson. (2000). *Jarðskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21. júní, 2000*. Veðurstofa Íslands. <https://doi.org/10.1080/15230407.2000.1191111>
- Skipulagsstofnun. (2007). *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*. Reykjavík. Retrieved from <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>
- Skógræktin. (2017). *Hekluskógar*. Retrieved September 12, 2017, from <http://www.skogur.is/skograekt/skograektarverkefni/hekluskogar/>
- Steinsholt ehf. (2017). *Rangárbíngi ytra - Ferðamál*.
- Steinsholt sf. (2014). *Suðurrhálendið - Rammaskipulag*.
- Veðurstofa Íslands. (2015). *Vindatlas*. Retrieved May 15, 2015, from <http://vindatlas.vedur.is/>

Vegagerðin. (2016). Umferðartölur 2016. Retrieved January 1, 2017, from <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>

Viðlagatrygging Íslands; Ríkislögreglustjóri. (2014). GREINING Á ÁHRIFUM FLÓÐA Í KJÖLFAR ELDGOSA Í BÁRÐARBUNGU.